**SÉRA GUNNAR SIGURJÓNSSON**

*Telur kraftlyftingar göfga andann*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**JÓLAGJÖFIN HANS**

*Tæki, alklæðnaður, áhöld og ástarbréf*

Sérblaðið Jólagjöfin hans

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

8. desember 2009 — 290. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Gekk á Kilimanjaro**

Björn Matthíasson hagfræðingur er sjötugur í dag.

TÍMAMÓT 28

**Birting virðingar**

„Það er mikill munur á því að reigja sig og þykjast vera eitthvað eða því að kikna í hnjánum og biðjast afsökunar á að vera til,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 20



**Mannauðs-gjörningur**

Myndlistarkonurnar Helena Hans og Elín Anna Þórisdóttir búa til sultuna Eldmóð.

FÓLK 46



**Naumur Gróttusigur**

Grótta og Valur eru komin áfram í undanúrslit bikarkeppni karla í handbolta.

ÍÞRÓTTIR 40

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Fínt veður NA-til** Í dag verða austan 8-13 m/s S- og V-til, annars yfirleitt mun hægari. Fer að rigna sunnan- og suðaustanlands síðdegis. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Trúnaði létt af öllu sem óskað var eftir

**Orðið hefur verið við óskum um opinberun gagna er varða Icesave. Aldrei beðið um að trúnaði yrði létt af samskiptum Indriða Þorlákssonar og starfsmanns AGS.**

**ALÞINGI** Enginn þingmaður óskaði nokkurn tímann eftir því að trúnaði á tölvupóstsamskiptum Indriða H. Þorlákssonar og Marks Flanagan yrði aflétt.

Þetta segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Þingmenn gátu lesið tölvupóstana, ásamt ýmsum öðrum gögnum er varða Icesave-málið, í lokuðu herbergi í húsakynnum Alþingis gegn heiti um að halda trúnað. Gögnin hafa legið fyrir með þeim hætti frá því í júní. Almenningur hefur haft aðgang að lista yfir trúnaðargögn á vefsvæðinu island.is.

Tölvupóstarnir komu fyrir sjónir almennings í fyrrakvöld á upplýsingasíðunni WikiLeaks. Þar má lesa bréf Indriða, þá ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu og fulltrúa í samninganefnd Íslands vegna Icesave, og Marks J. Flanagan, yfirmanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi.

Í framhaldinu kröfðust nokkrir stjórnarandstöðuþingmenn þess, á þingfundi í gær, að trúnaði yrði létt af öllum gögnum.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, kveðst ekki ætla að taka afstöðu til þeirrar kröfu. Í fjárlaganefnd hafi orðið sá sameiginlegi skilningur að almennt yrðu minnisblöð með einhliða frásögnum af fundum og sambærilegir tölvupóstar bundnir trúnaði. Hins vegar hafi hann gengist fyrir því að trúnaði yrði aflétt af öllum þeim plöggum sem óskað hafi verið eftir. „Við sóttum þá heimild fyrir því og fengum. Slíkum beiðnum var aldrei neitað,“ segir Guðbjartur.

Spurður hvort samskipti Indriða og Flanagans hafi verið rædd í fjárlaganefnd segir Guðbjartur svo ekki hafa verið. „Enginn tók þau upp þó að þau hafi vitaskuld mátt ræða í nefndinni.“

- bþs / sjá síðu 4



**BÍTLALAG VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN** Karlakórinn Fjallabræður söng í gær Bítlalagið All You Need Is Love í blíðskaparveðri við Reykjavíkurtjörn. Alls sungu fulltrúar frá 158 þjóðum þetta vinsæla lag samtímis og verður útkoman sýnd á heimasíðunni Starbucksloveproject.com. Allur ágóði af verkefninu rennur til baráttunnar gegn alnæmi í Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Michael Novak:

## Elskar lömb og lambakjöt

**FÓLK Bandaríski háskólaprófessorinn Michael Novak hefur fóstrað sex kindur á Íslandi í gegnum verkefnið Kindur.is. Hann heimsótti landið fyrst árið 2007 og hefur síðan þá ferðast hingað til lands nokkuð reglulega.**

**Novak segist hafa heillast af hugmyndafræðinni að baki verkefninu, en það er að bæta aðgang borgarbúa að sveitinni. Novak hefur tvisvar heimsótt Ísland ásamt hóp af nemendum sínum frá Bandaríkjunum og segir íslenska lambakjötið vera besta kjötið sem hann hafi nokkru sinni smakkað.** - sm



**NÝJA GEIMFLAUGIN** Branson kynnti SpaceShipTwo í Los Angeles í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 300 manns hafa bókað:

## Geimferðir boðnar til sölu

**BANDARÍKIN, AP** Breski auðkýfingurinn Richard Branson kynnti í gær nýtt geimfar, sem vellauðugir einstaklingar geta keypt sér far með út í geiminn.

Þetta verður fyrsta einkarekna geimferðaþjónusta veraldar. Nú þegar hafa þrjú hundruð manns bókað far, sem kostar 200 þúsund Bandaríkjadali, en það samsvarar nærri 25 milljónum króna á núverandi gengi.

Bransons vonast til þess að fyrstu geimfararnir komist út fyrir gufuhvolfið einhvern tímann á árinu 2011, en fyrst þarf að gera margvíslegar öryggisprófanir á farartækinu. Sjálfur ætlar Branson að fara með fjölskyldu sinni í fyrstu ferðina. - gb

Matreiðslubókin Maturinn hennar Nönnu vekur athygli:

## Tilnefnd til alþjóðlegra bókaverðlauna

**FÓLK** Bók Nönnu Rögnvaldardóttur, Maturinn hennar Nönnu, er tilnefnd í tveimur flokkum til hinna virtu verðlauna Gourmand World Cookbook sem frumlegasta bókin og best myndskreytta árið 2009.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bók eftir íslenskan höfund er tilnefnd því Delicious Iceland eftir kokkinn Völund Snæ Völundarson hefur unnið til verðlaunanna, en samkeppnin um þau er mjög hörð. Í fyrra voru sendar inn rúmlega 6.000 bækur frá 107 löndum og í ár taka alls 136 lönd þátt í keppninni.

Markmið verðlaunanna er meðal annars að hjálpa lesendum að velja milli þeirra 26.000 titla sem koma út árlega um mat og vín og auka þekkingu og virðingu fyrir matar- og vínmenningu.

„Það skiptir máli að hafa verið valin þarna í ákveðið úrval. Þetta þýðir að þær bækur sem eru tilnefndar, hvort sem þær fá verðlaun eða ekki, verða á sýningum víða og vekja meiri athygli,“ segir Nanna. Úrslitin verða tilkynnt á matreiðslubókasýningu í París 11. febrúar.

- ag /sjá síðu 46










## SPURNING DAGSINS



*Auður, gengur þetta ekki glimrandi vel?*

„Jú, alveg ljómandi.“

Auður Lind Hafsteinsdóttir hefur látið hanna endurskinsmerki með mynd af broskarli, sem dóttir hennar teiknaði. Ágóði af sölu merkjanna rennur til Fjölskylduhjálpar Íslands.

Jón Sigurðsson verður stjórnarformaður Íslandsbanka:

# Ríkið fær einn á móti sex

**VIÐSKIPTI** Jón Sigurðsson, fyrrverandi stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, hefur verið tilnefndur í stjórnarformannssæti Íslandsbanka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Á meðal annarra stjórnarmanna eru Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, og þrír erlendir bankasérfræðingar. Ekki liggur fyrir hver þriðji stjórnarmaðurinn verður.



ÁRNI TÓMASSON



JÓN SIGURÐSSON

Í núverandi stjórn Íslandsbanka eru fimm sæti og verður þeim fjölgað um tvö þegar ný stjórn tekur við bankanum. Kröfuhafar, sem samþykktu í september að eignast 95 prósenta hlut í bankanum, fá sex stjórnarsæti en ríkið tilnefnir einn í krafti fimm prósenta hlutar. Ekkert er vitað um val ríkisins.

Ekki náðist í Jón Sigurðsson þegar eftir því var leitað í gær.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, vildi hvorki segja af né á um stjórnarskipanina en bætti við að hæfra stjórnarmanna væri leitað víða, jafnt hér sem erlendis. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið en eignarhaldsfélag sem fer með 95 prósenta hlut í bankanum mun ráða í stjórnina.

Búið er að stofna eignarhaldsfélagið en beðið er staðfestingar Fjármálaeftirlitsins, að sögn Árna. Sama máli gegnir um yfirtöku kröfuhafa á bankanum. Hann gat ekki sagt til um hvenær það verði en taldi þess ekki langt að bíða. **- jab**

Flugumferðarstjórar:

# Segja kollega sína á flótta

**VINNUMARKAÐUR** Félag íslenskra flugumferðarstjóra segir að á skömmum tíma hafi níu af 64 flugumferðarstjórum, sem starfa alla jafna við flugumferðarstjórn á Íslandi, sagt upp störfum og farið að vinna í útlöndum. Gera megi ráð fyrir að fleiri fylgi í kjölfarið.

Félagið telur þetta atgervisflótta og hefur áhyggjur af honum. Laun flugumferðarstjóra hér á landi séu lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Flugumferðarstjórar sitja þessi dægrin hjá ríkissáttasemjara og semja um kjör sín við Samtök atvinnulífsins. **- kóþ**

Samgöngumiðstöð:

# Farþegar borgi 200-250 krónur

**ALÞINGI. Allar áætlanir um rekstur nýrrar samgöngumiðstöðvar í Reykjavík miðast við að bygging hennar verði fjármögnuð með lánsfé frá lífeyrissjóðunum til 25-35 ára.**

**Notendagjöld af farþegum, sem fara um samgöngumiðstöðina, og leigugjöld þjónustuaðila, sem verða með rekstur í miðstöðinni, eiga að nægja til að standa undir greiðslu lánanna.**

**Þetta kom fram í svari Kristjáns L. Möller samgönguráðherra við fyrirspurn frá Jóni Gunnarssyni, þingmanni sjálfstæðismanna, á Alþingi í gær.**

**Samgönguráðherra sagði áætlanir miðast við 200-250 króna gjaldtöku af hverjum farþega.** **-pg**

Átak gegn ölvunarakstri:

# Um 1.000 ökumenn stöðvaðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði um 1.000 ökumenn frá fimmtudegi til laugardags í átaki gegn ölvunarakstri sem nú stendur yfir.

Átta ökumenn reyndust ölvaðir og eiga von á ökuleyfissviptingu. Ellefu höfðu neytt áfengis en voru undir leyfilegum mörkum. Þeim var gert að hætta akstri, að sögn lögreglu. Einn var kærður fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Allmargir voru kærðir fyrir að aka þrátt fyrir að hafa verið sviptir ökuleyfi, og fjöldi hafði skilið skírteinið eftir heima. **- bj**

## EFNAHAGSMÁL

### Meðallaun 458 þúsund

Meðallaun ríkisstarfsmanna eru 458 þúsund krónur á mánuði, að því er fram kemur í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu. Þar segir að aðhaldsaðgerðir hafi því miður leitt til launa- og kjaraskerðingar hjá ríkisstarfsmönnum eins og öðrum starfsstéttum.

# Ellefu atvinnulausir með sinn eigin sjóð

**Til er sérstakur bótasjóður með úthlutunarnefnd vegna atvinnulausra bænda, smábátasjómanna og vörubílstjóra. Kostar rúmar 3 milljónir, þar af milljón til nefndarinnar. Bótagreiðslur 8,7 milljónir á síðasta ári. 11 manns fá bætur í ár.**

**ATVINNULEYSI** Það kostar um 3,3 milljónir króna á ári að reka sérstakan sjóð um atvinnuleysisbætur til bænda, smábátasjómanna og vörubifreiðastjóra. Um ein milljón af kostnaðinum fer í laun ráðherraskipaðrar úthlutunarnefndar. Sjóðurinn greiddi 8,7 milljónir króna í atvinnuleysisbætur til fjórtán manns á síðasta ári.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga var settur á fót með lögum vorið 1997 og eru lögin óbreytt frá þeim tíma. Heimild til að fleiri atvinnugreinar sjálfstætt starfandi fái aðild að sjóðnum hefur aldrei verið nýtt.

Í ár hafa sjóðnum borist ellefu umsóknir og hafa allar fengið jákvæða afgreiðslu, að sögn Líneyjar Árnadóttur, forstöðumanns Vinnumálastofnunar á Skagaströnd. Í fyrra var einni umsókn synjað en fjórtán teknar til greina. Allar tólf umsóknirnar sem bárust 2007 voru teknar til greina. Skipting bótagreiðslna milli stéttanna þriggja sést í töflu sem fylgir fréttinni.

Skrifstofa Vinnumálastofnunar á Skagaströnd annast rekstur sjóðsins og tók stofnunin 2,3 milljóna umsýsluþóknun vegna rekstrarins í fyrra. Sérstök ráðherraskipuð úthlutunarnefnd hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir bænda, smábátasjómanna og vörubifreiðastjóra. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun fær nefndin samtals um eina milljón króna í nefndarlaun á ári.

Að sögn Sigurðar P. Sigmundssonar, sviðsstjóra hjá Vinnumálstofnun, er Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga fjármagnaður með tryggingagjaldi viðkomandi atvinnugreina. Gjaldi þessara stétta er haldið aðskildu og það lagt í þennan sjóð en ekki hinn almenna atvinnuleysistryggingasjóð. Að jafnaði hafa um fimmtán milljónir króna verið greiddar inn í sjóðinn á ári hverju. Að sögn Sigurðar mun sú fjárhæð hækka árið 2009 í samræmi við hækkun tryggingagjalds.

Tryggingasjóðurinn átti um 330 milljóna króna eigið fé um síðustu áramót. 104 milljónir króna voru geymdar á bankareikningi hjá Byr en afgangurinn er varðveittur sem inneign hjá ríkissjóði.

**peturg@frettabladid.is**



**SKAGASTRÖND** Starfsmenn Vinnumálastofnunar halda utan um sérstakan Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Sjóðurinn hefur greitt ellefu manns atvinnuleysisbætur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR GUÐMUNDSSON

### STYRKIR TIL MAKA ALDREI GREIDDIR

Á heimasíðu Vinnumálastofnunar kemur fram að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga geti greitt atvinnusköpunarstyrki til atvinnulausra maka smábátasjómanna, bænda og vörubifreiðastjóra, uppfylli þeir ákveðin skilyrði. Styrkirnir geti samsvarað hámarksbótum úr sjóðnum, sem eru 6.900 kr. á dag líkt og almennar atvinnuleysisbætur, og má greiða þá í allt að hálft ár. Að sögn Líneyjar Árnadóttur, forstöðumanns Vinnumálastofnunar á Skagaströnd, hefur aldrei verið sótt um slíka styrki frá því að útibú Vinnumálastofnunar á Skagaströnd tók við umsjón sjóðsins árið 2006.

### GREIÐSLUR ÚR SJÓÐNUM (MILLJÓNIR KRÓNA)

| Stétt | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|
| Bændur | 8,2 | 5,9 | 7,0 |
| Smábátaeigendur | 2,9 | 0.9 | 1,3 |
| Vörubílstjórar | 0.4 | 0 | 0,3 |
| **alls** | **11,5** | **6,8** | **8,7** |



**FYLGST MEÐ** Fjölmiðlafólk fjölmennir á ráðstefnuna. NORDICPHOTOS/AFP

Loftslagsráðstefnan hafin:

# Helstu deilumálin óleyst

**DANMÖRK, AP Mörg helstu álitamál loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna voru enn óleyst þegar hún hófst í Kaupmannahöfn í gær.**

**Connie Hedegård, forseti ráðstefnunnar, sagði lausnina fólgna í því að tryggja fátækum ríkjum fjármagn næstu árin til að verjast afleiðingum loftslagsbreytinga.**

**„Þetta er okkar tækifæri. Ef við missum af því gætu liðið mörg ár þangað til við fáum nýtt og betra tækifæri. Ef það verður þá nokkurn tímann,“ sagði hún í gær.** **- gb**

## SAMGÖNGUMÁL

### Engin áætlun um Landeyjar

Ekki hefur verið ákveðið hversu tíðar siglingar verða til Eyja eftir að ferjusiglingar færast frá Þorlákshöfn í nýja Landeyjahöfn, né hvernig gjaldskráin verður. Þetta kemur fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn á Alþingi. Landeyjahöfn á að verða tilbúin fyrir siglingar í júlí á næsta ári.






Hafnarfjarðarbær í viðræðum við fulltrúa álversins í Straumsvík um stækkun:

# Alcan vill nýja íbúakosningu

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Alcan á Íslandi telja að efna eigi til nýrrar íbúakosningar í Hafnarfirði um breytingu á deiliskipulagi þannig að hægt sé að stækka álverið í Straumsvík.

Samkvæmt reglum Hafnarfjarðarbæjar á að efna til atkvæðagreiðslu meðal íbúa ef meira en fjórðungur þeirra óskar eftir því. Stuðningsmönnum stækkunar álversins tókst að afla nægilegra margra undirskrifta til að fá endurtekningu á kosningu árið 2007 sem lyktaði með því að stækkunin var felld. Ný kosning hafa þó ekki verið boðuð. Bæjaryfirvöld telja að fyrst þurfi að kanna hvort Alcan hafi enn áhuga á stækkuninni.

„Við stóðum ekki sjálf að því að fara með þessa undirskriftarsöfnun í gang en nú er henni lokið með fullnægjandi fjölda undirskrifta og þá segja nú held ég reglurnar að það eigi að fara í atkvæðagreiðsluna,“ segir Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarða, kynnti viðræður sínar fyrir fulltrúum Alcan fyrir bæjarráði í síðustu viku. Ekki náðist í Bjarka í gær en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins upplýsti hann bæjarráðið um að Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, vildi eindregið að kosið yrði um deiliskipulagið að nýju. Engin niðurstaða er um framhald málsins. **- gar**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Til stóð að stækka álverið í Straumvík eins og þessi samsetta mynd sýnir og auka framleiðsluna úr 190 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn. Nú er í undirbúningi að auka framleiðsluna um 40 þúsund tonn. Sú framkvæmd kostar um 30 milljarða króna.

# Ódýrustu farsímarnir hjá Nova!

**0 kr. Nova í Nova**
1.000 mín. símtöl/ myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði.*

**Netið í símann**
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.

## Ódýrasti 3G farsíminn hjá Nova!

útborgun **0 kr.**

**Huawei U1250**

Afborgun 1.000 kr. á mán. í 12 mánuði.

Staðgreitt: 12.000 kr.

**1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma.**
Gildir í áskrift og frelsi.




## Ódýrasti 3G farsíminn með snertiskjá hjá Nova!

**0 kr.** útborgun

**Huawei U7510**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.

Staðgreitt: 24.000 kr.

**2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma.**
Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

*Ekkert mánaðargjald í frelsi og aðeins 490 kr. í áskrift – 250 MB netnotkun einnig innifalin.
Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 07.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,49 | 124,07 |
| Sterlingspund | 202,13 | 203,11 |
| Evra | 182,92 | 183,94 |
| Dönsk króna | 24,578 | 24,722 |
| Norsk króna | 21,608 | 21,736 |
| Sænsk króna | 17,532 | 17,634 |
| Japanskt jen | 1,371 | 1,379 |
| SDR | 196,44 | 197,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,453

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Órói í fjárlaganefnd vegna umræðna um verklagið vegna Icesave:

# Tveir fulltrúar gengu af fundi

**ALÞINGI** Þau Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, gengu af fundi fjárlaganefndar Alþingis í gærkvöldi. Ástæðan var óánægja vegna Icesave.

„Það ríkir óvissa með verklagið framundan. Ég fékk upplýsingar um að formaður og varaformaður nefndarinnar töldu sig ekki bundna af samkomulaginu,“ segir Höskuldur, og vísar til samkomulags um fyrirkomulag Icesave-frumvarps innan nefndarinnar. Í kjölfarið tóku við mikil fundarhöld og fjárlaganefnd skaut aftur á fundi undir kvöldmat. Höskuldur



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON



GUÐBJARTUR HANNESSON

segist ekki hafa getað túlkað orð formanns og varaformanns nefndarinnar öðruvísi en þeir væru óbundnir af samkomulaginu.

„Nei, það er misskilningur. Birtur hefur verið listi yfir þau atriði sem þau vilja skoða og það liggur fyrir yfirlýsing frá mér um að það verði gert,“ segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar. Hann segir að Icesave ekki hafa verið á dagskrá fjárlaganefndar; ræða hafi átt fjáraukalög. „Nefndin fær þetta eftir aðra umræðu og þá tekur hún þetta til afgreiðslu. Það er í því ferli og á ekki að ríkja óeining um það.“

Samkvæmt samkomulagi á að ljúka annarri umræðu um frumvarpið í dag og greiða atkvæði um hvort það færi aftur í nefndina. Óvíst var, þegar blaðið fór í prentun, hvort samkomulagið héldi.

- bþs, kóp

Úttekt á Samvinnutryggingum:

# Hefði átt að slíta árið 1994

**VIÐSKIPTI Slíta hefði átt starfsemi Samvinnutrygginga sumarið 1994 að því er fram kemur í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands fyrir Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Fjárfestingarfélagið Gift var stofnað upp úr Samvinnutryggingum árið 2007, og stóð til að skipta félaginu milli þeirra sem áttu rétt til Samvinnutrygginga.**

**Heimildir Stöðvar 2 herma að álit Lagastofnunar sé að slíta hefði átt félaginu árið 1994, þegar nettóeign félagsins var um 220 milljónir króna. Álit Lagastofnunar hefur ekki verið opinberað.**



**BANDARÍSKIR HERMENN** Á leið til Afganistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðbótarher til Afganistans:

## Þúsundir fara á næstu vikum

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjastjórn ætlar að senda um 16 þúsund hermenn til Afganistans á næstu vikum, eða rúmlega helminginn af þeim 30 þúsund hermönnum sem Barack Obama forseti hefur heitið að senda þangað til viðbótar við þá 70 þúsund sem fyrir eru.

Þá skýrði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, frá því að aðildarríki bandalagsins og samstarfsríki þess myndu senda sjö þúsund hermenn til Afganistans til viðbótar þeim 36 þúsund sem þar eru fyrir.

Alls verða því um 140 þúsund erlendir hermenn í landinu þegar viðbótarsveitir Bandaríkjanna og NATO verða komnar þangað um mitt næsta ár.

- gb

### FÉLAGSMÁL

**Fjölskylduhjálpin fær styrk**

Hagkaup styrkti í gær Fjölskylduhjálp Íslands með 200 innkaupapokum með meðlæti til jólanna. Andvirði gjafarinnar er um 600 þúsund krónur.

# Segir bréfið sýna hve vel hagsmuna Íslands var gætt

**Fjármálaráðherra segir bréfaskipti Indriða H. Þorlákssonar sýna að hagsmunir Íslands hafi verið í fyrirrúmi. Indriði segir bréfið svar við pressu frá viðsemjendum. Bréfið hefur verið þingmönnum aðgengilegt.**

**UTANRÍKISMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir eðlilega hafa verið staðið að samskiptum Indriða H. Þorlákssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, og Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, og Franeks Rozwadowski, fulltrúa sjóðsins hér á landi. Indriði sendi þeim tölvubréf og óskaði stuðnings við nýja hugmynd um lausn Icesave-deilunnar.

„Bréfið, sem hefur verið alþingismönnum aðgengilegt frá í sumar, er mjög góður vitnisburður um hvernig verið var að reyna að gæta okkar hagsmuna og halda öllu til haga, þar á meðal hryðjuverkalögum Breta. Þannig var reynt að þvinga málið í betri farveg en það var í,“ segir Steingrímur. Hann segir bréfið árétta að fyrri hugmyndir um lausn málsins séu óásættanlegar og AGS sé haldið upplýstum um gang málsins.

Steingrímur segist hafa upplýst utanríkismálanefnd um stöðu mála og muna vel eftir fundi í apríl þar sem þessi sjónarmið hafi verið reifuð. „Ég man vel eftir umræðum í utanríkismálanefnd sem urðu í framhaldinu, þar sem menn ræddu stöðuna og möguleikana. Það var gert út frá því að menn væru enn að leita lausna á grundvelli pólitísks samkomulags, samanber þann farveg sem málið var sett í í vetur.“

Í bréfi Indriða segir að ómögulegt sé að komast að samkomulagi í þeim dúr sem um hafi verið rætt fyrir kosningar í apríl og „mögulega erfitt í þónokkurn tíma eftir kosningar...“ Bréfið var sent 13.



**RÁÐA RÁÐUM SÍNUM** Leiðtogar stjórnarandstöðunnar, Bjarni Benediktsson, Birgitta Jónsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, funda í Alþingishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**

apríl. Indriði segir þarna vísað til þess að Bretar og Hollendingar hafi mjög þrýst á lausn í anda minnisblaðs sem undirritað hafi verið í nóvember. Það hafi kveðið á um 6,7 prósent vexti.

„Þarna leggjum við til nýja nálgun og tökum fram að samningar á fyrri grunni séu pólitískt ómögulegir fyrir kosningar og líklega lengi eftir þær. Þetta er undir-

> Þetta er undirstrikað til að leggja meiri áherslu á að fyrri nálgun dugaði ekki.
>
> **INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**
> AÐSTOÐARMAÐUR FJÁRMÁLARÁÐHERRA

strikað til að leggja meiri áherslu á að fyrri nálgun dugaði ekki.“

Nokkra athygli hefur vakið að Indriði gaf persónulegt netfang sitt upp í lok bréfsins. Það var gert, að hans sögn, vegna þess að hann var á ferðalagi í Kaupmannahöfn og hafði betri aðgang að því pósthólfi. Svarbréfið hafi komið á embættisnetfang sem hann hafi komist í í gegnum kerfi í íslenska sendiráðinu. Indriði segir engin samskipti hafa orðið á milli hans og fulltrúa sjóðsins á hans persónulega netfangi.

kolbeinn@frettabladid.is

## BRÉFASKIPTIN

*Úr bréfi Indriða, sem sent var 13. apríl:*

„Markmið okkar er að koma í veg fyrir að auka skuldabyrði og vaxtagreiðslur ríkisins á næstu árum. Við teljum ennfremur að nýja tillagan taki inn í reikninginn sameiginlega ábyrgð Evrópuríkja vegna ófullnægjandi reglna varðandi innistæðutryggingar og fjármálamarkaðinn, sem og óviðurkvæmilegar og skaðlegar aðgerðir Bretastjórnar (beiting hryðjuverkalaga og frysting eigna) sem nýlega var gert grein fyrir í skýrslu fjármálanefndar neðri deildar breska þingsins – Banking Crisis: The Impact of Failure of the Icelandic Banks. [...]

Ég sendi þér þessar upplýsingar í von um að þú getir mögulega greitt fyrir götu okkar gagnvart Bretum og Hollendingum og til að tilkynna þér að ómögulegt væri að komast að pólitísku samkomulagi um lánafyrirkomulag í þeim dúr sem um var rætt (aukin skuldabyrði ríkisins) fyrir kosningarnar 25. apríl næstkomandi og mögulega erfitt í þó nokkurn tíma eftir kosningar, sér í lagi vegna fyrrgreindar bresku skýrslu sem hefur hleypt nýju lífi í umræðuna (og tilfinningarnar) um skaðlegar aðgerðir breskra stjórnvalda.“






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**FER AÐ RIGNA SÍÐDEGIS SYÐRA**

Það verður víðast hvar gott veður fyrri part dagsins, sérstaklega norðaustanlands, en síðdegis hvessir syðra með rigningu. Í kvöld verður víða strekkingsvindur sunnan og vestan til og talsverð rigning suðaustanlands. Áfram rigning á morgun en örlítið hlýrra í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 12° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 8° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 3° |
| París | 10° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




BBE HLJÓÐKERFI
Full HD 1080p
SKERPA 50.000:1

**Philips 42PFL5624H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA tengi, BBE hljóðkerfi, 3x HDMI, S-Video, S/PDIF ofl.

**VERÐ**
**249.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PIXEL PLUS HD




Full HD 1080p
SKERPA 50.000:1

**Philips 37PFL5604**
37" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T og DVB-C móttakara, USB, VGA tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 219.995




Full HD 1080p
600Hz
SKERPA 40.000:1

**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 319.995




Full HD 1080p
600Hz
SKERPA 2.000.000:1

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T mótt., kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 449.995

# FLOTT KENWOOD ELDHÚSTÆKI Á GÓÐU VERÐI



**Kenwood DS606**
Rafræn ELDHÚSVOG með glerplötu, LCD skjá og aðgerðahnapp. Fínleiki vigtar er 1g. Slekkur sjálkrafa.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood TT900**
2ja sneiða 900w BRAUÐRIST með rafrænum skynjara, upphitun, mylsnubakka, mjög stórum raufum og grind fyrir lítil brauð. Stál.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood SJM601**
1,7 lítra HRAÐSUÐUKANNA með vatnssíu. 2200w. Stál.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood BL636**
600w BLANDARI með 1,6l skál, 3 hröðum, púls, klakakremjara. Malari fylgir.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Kenwood BL740**
Öflugur 550w BLANDARI með 1,5l glerskál, 5 hröðum, púls og klakamölun. Taka má hnífa frá til að hreinsa. Króm. Gúmmítappar fyrir stöðugleika.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að leggja niður Varnarmálastofnun?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 80,6% |
| NEI | 19,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú bjartsýn(n) á útkomu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Einkaleyfastofa synjar Hafnfirðingum um einkarétt á afnotum vörumerkis:

# Allir mega vera með jólaþorp

**VERSLUN** Hafnfirðingar fá ekki einkarétt á notkun vörumerkisins jólaþorp eins og bæjaryfirvöld höfðu óskað eftir við Einkaleyfastofu.

Samkvæmt úrskurði Einkaleyfastofu telja menn þar á bæ að heitið jólaþorp sé lýsandi orð yfir starfsemi eins og þá sem fram fari undir slíkum formerkjum. Orðið sé almennt og sérkennalaust.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu sóttu Hafnafirðingar um einkarétt á notkun orðsins eftir að í ljós kom að Reykvíkingar ætluðu að opna sambærilegan jólamarkað undir nafninu Jólaþorp á Hljómalindarreitnum í miðborg Reykjavíkur. Hafnfirðingar segjast bæði hafa lagt mikla vinnu og fjármuni í að kynna Jólaþorpið á Thorsplani síðastliðin sjö ár og telja sig hafa áunnið sér rétt til að nota umrætt heiti einir. Þessu hafa Reykvíkingar hafnað og reyndar skilgreint kröfu þessa nágrannasveitarfélags síns sem Hafnarfjarðarbrandara.

Hafnfirðingar hafa nú tveggja mánaða frest til að kæra niðurstöðu Einkaleyfastofu. Geri þeir það og sendi inn nánari skýringar með kröfu sinni tekur stofnunin málið fyrir að nýju og gefur frá sér úrskurð með nánari rökum. **- gar**



**JÓLAÞORPIÐ Á THORSPLANI** Árviss viðburður hjá mörgum er að fara í Jólaþorpið sem var opnað á Thorsplani í Hafnarfirði fyrir helgi. Á fimmtudag bætast Reykvíkingar í hópinn með Jólaþorp á Hljómalindarreitnum.

Meint brot á gjaldeyrishöftum:

# Heildarfjárhæð 57,6 milljarðar

**EFNAHAGSMÁL** Heildarfjárhæð viðskipta sem Seðlabankinn telur mögulegt að hafi brotið gegn lögum um gjaldeyrishöft nemur tæplega 57,6 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í svari Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Meginhluti upphæðarinnar er til kominn vegna viðskipta 110 lögaðila, alls 52,9 milljarðar. Um 4,6 milljarðar eru til komnir vegna viðskipta 134 einstaklinga.

Í svari ráðherra kom fram að um 100 mál til viðbótar bíðu úrvinnslu hjá Seðlabankanum. **- bj**


# Xerodent
## Við munnþurrki




**Þreföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.




**MÓTMÆLI Á HÁSKÓLALÓÐINNI** Þúsundir stúdenta tóku þátt í mótmælunum inni á skólalóðinni en fyrir utan stóðu þúsundir hermanna og vörnuðu utanaðkomandi inngöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mótmælendur aftur farnir á stjá í Íran

**Óttast var að átök mótmælenda við lögreglu og her færu úr böndunum í Íran þegar háskólanemar hófu að berjast á ný fyrir lýðræðisumbótum. Mótmælendur hrópuðu slagorð gegn Mahmoud Ahmadinejad forseta og kröfðust afsagnar.**

**ÍRAN, AP** Íranskar öryggissveitir tóku hart á þúsundum mótmælenda fyrir utan Háskólann í Teheran í gær. Lögreglan beitti bæði táragasi og bareflum á mannfjöldann, sem hrópaði slagorð gegn Mahmoud Ahmadinedjad, forseta landsins.

Mótmælin í gær voru fjölmennari en sést hafa mánuðum saman, en í beinu framhaldi af fjöldamótmælum sem hófust í kjölfar forsetakosninganna í sumar.

Háskólastúdentar í Teheran hafa farið í fararbroddi mótmælanna frá upphafi. Þeir reyndu í gær að glæða mótmælin nýju lífi með því að efna til mótmælafunda víðs vegar um landið.

Þúsundir almennra lögreglumanna, sérsveitarmanna og hermanna fylktust að Háskólanum í Teheran í gær til að koma í veg fyrir að mótmælin breiddust út.

Há girðing umhverfis skólalóðina var þakin borðum og spjöldum með slagorðum ættuðum frá Ali Khameini æðstaklerki. Þar með var tryggt að utanaðkomandi gætu ekki séð hvað var að gerast fyrir innan.

Þá var farsímasamband truflað á svæði í kringum háskólann. Ströng varðgæsla var við alla innganga og skilríkja krafist.

Fyrir innan tóku þúsundir háskólanema þátt í mótmælafundum, margir með klúta fyrir andliti. Sumir voru með græn armbönd eða með grænar blöðrur, en grænn er litur stjórnarandstöðuhreyfingarinnar, stuðningsmanna Mir Hossein Moussavi, mótframbjóðanda Ahmadinejads í forsetakosningunum í júní.

Lýðræðishreyfingin, sem náði miklu flugi í kjölfar kosninganna, hefur ekki fallist á niðurstöður þeirra. Hún hefur barist fyrir umbótum í landinu og krefst þess að Ahmadinejad láti af völdum. Hreyfingin hefur þó látið lítið fyrir sér fara eftir að mótmælin í sumar voru barin niður af fullri hörku.

Óttast var í gær að átök myndu magnast þegar liði á daginn.

„Það er uggur í fólki um að hér komi til ofbeldis og skotið verði af byssum. Ég hrópa slagorð og mótmæli en reyni að vekja ekkert tilefni til átaka við öryggissveitirnar,“ sagði einn háskólaneminn. „Við höfum áhyggjur.“

gudsteinn@frettabladid.is









Fimm menn í kringum tvítugt ákærðir fyrir ofbeldisbrot á Akranesi:

# Hótuðu að bora í hné og rændu

**DÓMSMÁL** Sex ungir menn, allir í kringum tvítugt, eru nú fyrir Héraðsdómi Vesturlands fyrir aðild að húsbroti. Þá eru tveir þeirra ákærðir fyrir rán og ofbeldishótanir.

Það er embætti ríkissaksóknara sem ákærði mennina. Þeim er öllum gefið að sök að hafa aðfaranótt 31. janúar 2009 ruðst í heimildarleysi inn á heimili tveggja pilta, sem einnig eru um tvítugt. Atvikið átti sér stað á Akranesi.

Þá eru tveir innrásarmannanna ákærðir fyrir rán, þar sem skömmu eftir húsbrotið hótuðu þeir húsráðendunum ofbeldi til þess að ná af þeim verðmætum, sem þeir höfðu á brott með sér. Þannig hótaði annar ofbeldismannanna þeim meðal annars að bora með borvél í hné þeirra. Hinn ógnaði þeim með hnífi.

Innrásarmennirnir höfðu síðan á brott með sér harðan tölvudisk að verðmæti tuttugu þúsund krónur og iPod-spilara að verðmæti fimmtán þúsund krónur. Einnig tóku þeir heimilistölvu að verðmæti 150 þúsund og tvo GSM-síma að verðmæti 35 þúsund krónur. **- jss**




**AKRANES** Innrásin átti sér stað á Akranesi í janúar síðastliðnum.


Til hamingju, Yrsa!
Auðnin valin bók vikunnar í Spiegel!
„Tvímælalaust í hópi fremstu glæpasagnahöfunda Norðurlanda."
– The Times
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Horfðu á mig
„Tvímælalaust í hópi fremstu glæpasagnahöfunda Norðurlanda."
– The Times
VERÖLD
3. Sæti
Metsölulisti Morgunblaðsins
6. desember
Skáldverk
„ÁN EFA BESTA SAGA YRSU TIL ÞESSA"
„Áhrifamikil og skemmtileg glæpasaga sem er án efa besta saga Yrsu til þessa."
– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is
„Flinkur höfundur ... Mjög vel hugsað plott."
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljunni
VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9
DYNAMO REYKJAVÍK

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Sjö íslensk folöld eru á langferðalagi um þessar mundir. Hver er áfangastaðurinn?*

2 *Hvar er fimmtánda loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, sem hófst í dag, haldin?*

3 *Hvað heitir söngvarinn í hljómsveitinni The Virgin Tongues sem slasaðist illa hér á landi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Ekki hægt að kenna hruni krónunnar um allan vanda OR segir fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn fyrirtækisins:

# Segir skuldir OR hafa fjórfaldast frá 2005

**ORKUMÁL** Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hafa rúmlega fjórfaldast frá árslokum 2005, síðasta heila árinu sem Reykjavíkurlistinn var við völd, segir Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR.

Sigrún segir útilokað að skýra þessa gríðarlegu skuldaaukningu með hruni krónunnar einu. Nærtækara sé að líta til framkvæmdahraða undanfarinna ára.

Sigrún segir skuldir OR, uppreiknaðar á verðlag í júní 2009, hafa numið 55,1 milljarði króna í árslok 2005. Í dag standi þær í 231 milljarði króna, sem sé ríflega fjórföldun á fjórum árum.

Í Markaðspunktum, sem greiningardeild Arion banka sendi frá sér í gær, kemur fram að skuldir OR hafi tvöfaldast vegna gengisfalls krónunnar eftir að kreppan skall á. Á móti



**HELLISHEIÐI** Svigrúm Orkuveitu Reykjavíkur til nýrra fjárfestinga á næstunni er afar þröngt að mati greiningardeildar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

komi að vaxtalækkanir erlendis hafi dregið úr vaxtakostnaði fyrirtækisins í erlendri mynt. Lánshæfi OR sé í ruslflokki, sem muni gera endurfjármögnun lána og nýjar lántökur dýrari og erfiðari en ella.

Þessi erfiða staða OR mun sníða fyrirtækinu verulega þröngan stakk á næstu misserum nema nýtt eigið fé verði sett í fyrirtækið, eða krónan styrkist verulega. Hvorugt er líklegt á næstunni, að mati greiningardeildar Arion.

Að mati greiningardeildarinnar er svigrúm OR til nýrra fjárfestinga á næstunni afar þröngt, nema með aukinni lántöku. Það sé aftur óæskilegt hjá svo skuldsettu fyrirtæki. Þá sé svigrúm fyrirtækisins til að greiða arð mjög takmarkað, og óeðlilegt væri ef til arðgreiðslna kæmi á sama tíma og skuldsett einkafyrirtæki séu að auka hlutafé sitt og vinna að frekari endurskipulagningu. Erlend lán námu samkvæmt síðasta árshlutareikningi 206 milljörðum króna. Af því eru um áttatíu milljarðar á gjalddaga næstu fimm árin, segir í Markaðspunktum Arion banka. **- bj**

**SVEITARSTJÓRNIR**

### Leiga í Soginu hækkar

Stangaveiðifélag Reykjavíkur þarf að borga hærri leigu fyrir veiðiréttindi í Soginu í samræmi við áður gerða samninga. Vegna efnahagsþrenginganna óskaði félagið eftir því að leigan vegna sumarsins 2010 myndi ekki hækka en sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hafnaði þeirri ósk.

**REYKJAVÍK**

### Friðarsiglingum lýkur

Síðasta friðarsigling ársins út í Viðey verður í kvöld. Siglingarnar eru farnar í tengslum við friðarsúlu Yoko Ono, og siglt hefur verið öll kvöld frá 9. október, þegar kveikt var á Friðarsúlunni. Lagt er af stað klukkan átta og siglt í land klukkan tíu.

Dönsk lögreglukona talaði niður til innflytjenda:

# Rekinn vegna ummæla á bloggsíðu

**KAUPMANNAHÖFN** Niðrandi ummæli á bloggsíðu danskrar lögreglukonu um innflytjendur frá Mið-Austurlöndum urðu til þess að henni var sagt upp í gær.

Áður hafði hún hlotið dóm fyrir að hafa brotið lög sem banna niðrandi ummæli um minnihlutahópa á opinberum vettvangi. Konan taldi sér til málsbóta að hún hefði ekki vitað að allir gætu lesið bloggsíðuna hennar, sem hún sagði ætlaða vinum sínum.

Forsaga málsins var sú að konan var kölluð til vinnu um helgi þegar hún átti að vera í fríi í febrúar í fyrra. Mikið var að gera hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn þá vegna innflytjenda, sem höfðu meðal annars kveikt í ruslatunnum og bílum.

Samkvæmt vefsíðu dagblaðsins Politiken íhugar konan að áfrýja máli sínu til hæstaréttar en hún hefur verið dæmd sek á tveimur neðri dómsstigum landsins. **- sbt**






**BYR** Þótt stjórn sparisjóðsins hafi óskað eftir eiginfjárframlagi frá ríkinu til að bæta stöðuna eru dæmi um að stofnfjáreigendur séu því mótfallnir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Byr segir allt tilbúið og ríkisfjárins beðið

**Stofnfjáreigendur eru ekki áfjáðir í að ríkið leggi fé í Byr. Endurskipulagning miðar við að féð skili sér. Samband íslenskra sparisjóða segir þjóðfélagið geta tapað 120 milljörðum hjálpi ríkið ekki sjóðnum.**

**VIÐSKIPTI** Fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðsins Byrs er vel á veg komin og er nú beðið þess að eiginfjárframlagið sem óskað var eftir hjá ríkinu í vor skili sér. Það er lokahnykkurinn á endurskipulagningu sparisjóðsins. Í framhaldinu verður eiginfjárhlutfall sparisjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins. Hlutfallið hljóðar upp á átta prósenta eiginfjárhlutfall.

Jón Finnbogason sparisjóðsstjóri segir stjórnina hafa átt gott samstarf við bæði Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið auk kröfuhafa. „Við bindum miklar vonir við að niðurstöður muni liggja fyrir innan nokkurra vikna,“ segir hann. Málið sé í eðlilegum farvegi.

Fjármálaráðuneytið hnykkti á því sömuleiðis í gær. Í tilkynningu frá því sagði að ráðuneytið ynni með efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Seðlabanka og Fjármálaeftirlitinu að leiða endurskipulagningu sparisjóðanna til lykta. Í ofanálag sagði Samband íslenskra sparisjóða auðvelt að sýna fram á að það kostaði þjóðfélagið 80 til 120 milljarða að leggja sparisjóðunum ekki til tuttugu milljarða króna eiginfjárframlag.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að kostnaður ríkisins við

> Við bindum miklar vonir við að niðurstöður muni liggja fyrir innan nokkurra vikna
>
> **JÓN FINNBOGASON**
> SPARISJÓÐSSTJÓRI

eiginfjárframlag til Byrs næmi tæpum ellefu milljörðum króna. Það er tveimur milljörðum meira en ríkið lagði í Arion banka og Íslandsbanka samanlagt þegar upp var staðið. Björgun Byrs væri kostnaðarsöm aðgerð og hagkvæmara kynni að vera að annað fjármálafyrirtæki tæki yfir starfsemi sparisjóðsins.

Stofnfjáreigendur í Byr eru margir mótfallnir því að ríkið leggi honum til fé enda ljóst að stofnfjáreign þeirra í sparisjóðnum muni verða að nær engu. Tveir þriðju hlutar stofnfjáreigenda þurfa að samþykkja ríkisleiðina.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja stöðu sparisjóðanna almennt sterka úti á landi og sinni þeir hlutverki sínu almennt vel. Hins vegar þurfi að sníða stakk eftir vexti. Fjármálakerfi landsins sé enn of stórt og því þurfi að finna hagkvæmar leiðir til að skera það niður. **jonab@frettabladid.is**



# Allianz
# á Íslandi
# í 15 ár

Allianz hefur starfað á Íslandi í 15 ár og á þessum tíma hafa hátt í 20 þúsund Íslendingar gerst viðskiptavinir Allianz.

Í tilefni af þessum tímamótum hefur Allianz ákveðið að veita fjárhagslegan styrk til Umhyggju - félags til stuðnings langveikum börnum.

## Allianz

**Allianz var stofnað í Berlín árið 1890 og er eitt stærsta og virtasta tryggingafyrirtæki í heiminum.**

**Allianz er með meira en 75 milljónir viðskiptavina í yfir 70 þjóðlöndum. Hjá Allianz starfa um 155 þúsund starfsmenn sem allir hafa það markmið að tryggja hag og öryggi viðskiptavina.**

Allianz 1994 2009

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is



**RÍKISSTJÓRNARFUNDUR Í NEPAL** Ríkisstjórnin í Nepal tók upp á því um helgina að halda fundi uppi í fjöllum til að vekja athygli á áhrifum loftslagsbreytinga á Himalajafjöllin. NORDICPHOTOS/AFP

Breyta á reglum um frítekjumörk lífeyrisþega með lagasetningu á vorþingi:

# Greiðslur hækka þegar betur árar

**ALÞINGI** Stefnt er að því að setja lög með nýjum reglum um samræmd frítekjumörk öryrkja, atvinnulausra og ellilífeyrisþega á Alþingi í vor. Þrátt fyrir það munu greiðslur í fyrsta lagi hækka árið 2011.

Þetta kom fram í svari Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ásbirni Óttarssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Tilefni fyrirspurnarinnar voru yfirlýsingar Árna Páls í fjölmiðlum um helgina um að á vorþingi eigi að breyta almannatryggingakerfinu og greiða úr frumskógi ólíkra frítekjumarka fyrir atvinnulausa, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Í svari Árna Páls kom fram að hann teldi óæskilegt að frítekjumörk lífeyrisþega væru mismunandi eftir tegund lífeyris, eins og nú er. Tekjumörkin séu mjög lág og mjög lágar tekjur séu látnar skerða bætur öryrkja. Tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins eru nú til umsagnar hjá hagsmunaaðilum, að sögn ráðherrans. Ætlun ríkisstjórnarinnar er að lögfesta nýjar reglur um frítekjumörk á vorþingi og „skapa góða framtíðarstefnu sem skilar árangri þegar fram í sækir“.

Nýrra fjárheimilda til að hækka greiðslur í samræmi við þær breytingar verður hins vegar ekki aflað núverandi efnahagsaðstæður. **- pg**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Félagsmálaráðherra segir óæskilegt að frítekjumörk lífeyrisþega séu mismunandi eftir tegund lífeyris, eins og nú er.

Rannsóknarnefnd Alþingis:

# Mælt fyrir breytingum

**ALÞINGI** Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, mælti í gær fyrir frumvarpi til breytinga á lögum um rannsókn Alþingis á aðdraganda bankahrunsins.

Í umræðum um málið ítrekaði Þór Saari Hreyfingunni andstöðu flokks síns við frumvarpið. Vill hann að fimm manna utanþingsnefnd fjalli um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og bendi þinginu á ef hún telur að eitthvað þurfi frekari rannsóknar eða aðgerða við. Þá vill Hreyfingin að varsla vinnugagna Rannsóknarnefndarinnar verði gerð opinber nema það sem nauðsynlega þurfi að fara leynt. **- bþs**

Viðræður á Kóreuskaga:

# Obama kynnir nýjan erindreka

**SUÐUR-KÓREA, AP** **Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að Stephen Bosworth, erindreki Bandaríkjanna í málum Norður Kóreu, myndi halda til Norður-Kóreu í dag til að freista þess að koma viðræðum um kjarnorkuáætlun stjórnvalda af stað á ný. Bosworth mun leiða fyrstu beinu viðræður milli stjórnvalda Bandaríkjanna og Norður-Kóreu frá því að Obama varð forseti. Ekki er ljóst hverjir viðmælendur hans verða, en sérfræðingar telja mögulegt að Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu, muni ræða við Bosworth.** **- bj**



**BARACK OBAMA**

Actavis enn sagt á meðal þeirra sem bjóða í þýska lyfjafyrirtækið Ratiopharm:

# Actavis gefur ekki upp hvort það bjóði

**VIÐSKIPTI** Lyfjafyrirtæki frá Ísrael, Frakklandi og Kína eru sögð kunna að eiga hæstu boð í þýska samheitalyfjafyrirtækið Ratiopharm, að sögn fréttastofu Reuters. Fréttastofan segir líklegasta kaupandann horfa til þess að nema ný markaðssvæði með kaupum á fyrirtækinu, ekki síst í Þýskalandi.

Félag í eigu hinnar þýsku Merckle-fjölskyldu sem á Ratiopharm hefur um ár glímt við alvarlegan skuldavanda eftir mislukkaðar fjárfestingar fjölskylduföðurins, Adolf Merckle. Hann svipti sig lífi skömmu eftir síðustu áramót þegar hann gerði sér grein fyrir því hvert stefndi.

Áhugasöm lyfjafyrirtæki lögðu fram tilboð í fyrirtækið í fyrstu lotu í nóvember og var Actavis sagt vera á meðal þeirra þá. Frestur til að skila inn tilboðum í annarri lotu lauk í síðustu viku. Þýski bankinn Commerzbank og Royal Bank of Scotland sjá um tilboðsferlið, en lágmarksverð er ekki undir tveimur milljörðum evra, samkvæmt heimildum Reuters. Það er um milljarði evra lægra en Merckle-fjölskyldan vænti að fá.

Ekki fengust svör við því hvort Actavis væri í slagnum, þegar eftir var leitað í gær. Sigurður Óli Ólafsson, forstjóri Actavis, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði slíkt venju sem fyrirtækið héldi. Þess ber þó að geta að Ratiopharm er álíka stórt fyrirtæki og Actavis. **- jab**



**FORMAÐURINN SKOÐAR GÖGN** Actavis hefur hvorki sagt af né á hvort það hafi boðið í þýska lyfjafyrirtækið Ratiopharm. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




ENNEMM / SÍA / NM40188

Stórnotendur raforku:

# Borga skatta fram í tímann

**STJÓRNMÁL Fjórir stærstu raforkunotendur landsins, Járnblendifélagið, Norðurál, Rio Tinto Alcan og Alcoa, ætla að greiða hluta af sköttum sínum fyrir fram og stuðla þannig að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu.**

**Greiða þau samtals 1,2 milljarða króna árlega á næstu þremur árum upp í væntanlega álagningu á árunum 2013-2018.**

**Samkomulag um þetta var undirritað í gær. Í framhaldi þessa mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga um ívilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi sem ætlað er að örva fjárfestingu í atvinnurekstri.** - bþs

Ráðherra hefur ekki svarað sveitarfélögum um lágmarkskennslu í grunnskólum:

# Breytingar í fyrsta lagi í haust

**SVEITARFÉLÖG** Hugmyndir sveitarfélaganna um styttingu kennslutíma í grunnskólum munu í fyrsta lagi ná fram að ganga næsta haust.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Að sögn Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur menntamálaráðherra ekki gefið sveitarfélögunum endanlegt svar um hvort hún ætli að koma til móts við hugmyndir þeirra um að breyta lögum til að stytta lágmarkskennslutíma í grunnskóla um 3-4 kennslustundir á viku.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir breytingarnar taka gildi næsta haust.

Halldór segir þó ljóst að breytingarnar muni í fyrsta lagi taka gildi í byrjun nýs skólaárs næsta haust. Sveitarfélögin eru nú að ljúka við að afgreiða fjárhagsáætlanir sínar vegna 2010 og miðast þær við óbreytt lágmark kennslustunda fram á vorið.

Halldór segir að ef verði muni sveitarfélögin nýta sér heimild til að draga úr kennslu í mismiklum mæli. Sum sveitarfélög geti látið nægja að hagræða í rekstri grunnskóla með því að hætta að ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem hætti. Þar sem fjárhagsstaðan sé verst geti hins vegar þurft að draga úr kennslutíma til að ná nauðsynlegri hagræðingu. - pg

Gjaldskrá Landsvirkjunar:

# 4,4% hækkun um áramótin

**ORKUMÁL** Heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun mun hækka um 4,4 prósent um áramótin. Hækkunin byggir á ákvæðum í langtímasamningum um breytingar í samræmi við hækkandi verðlag, að því er fram kemur í tilkynningu frá Landsvirkjun.

Á grundvelli sömu ákvæða hækkaði Landsvirkjun raforkuverð um 7,5 prósent í júlí síðastliðnum. Þá hafði vísitala neysluverðs hækkað um 11,9 prósent, og er því Landsvirkjun nú að hækka um það sem upp á vantaði í 11,9 prósenta hækkunina, segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. - bj

Kosningum í Írak frestað:

# Líklega kosið í lok febrúar

**ÍRAK, AP** Kosningum sem halda átti í Írak 16. janúar næstkomandi verður að líkindum frestað um 45 daga, til 27. febrúar.

Kjörnefnd landsins lagði til að kosningunum yrði frestað til að frambjóðendur fengju betri tíma til að aðlagast nýjum kosningareglum sem samþykktar voru nýverið. Yfirgnæfandi líkur eru taldar á því að tillögur nefndarinnar um kjördag verði samþykktar.

Sérfræðingar óttast að breytingin verði til að seinka því að bandarísk stjórnvöld dragi herafla sinn frá landinu. Áformað hafði verið að hefja brottflutning þeirra 120 þúsund hermanna sem nú eru í Írak um miðjan mars. Þau áform gætu nú verið í uppnámi, en ekki hafði verið tilkynnt um frestun brottflutningsins í gær. - bj

Spara á 140 milljónir króna með lækkun styrkja til almenningssamgangna:

# Ríkið veitir minna fé í rútur, ferjur og áætlunarflug

**SAMGÖNGUR** Ríkið hyggst styrkja færri ferðir en áður með ferjum, flugvélum og áætlunarbílum. Vegagerðin áætlar að spara með þessu á bilinu 130 til 140 milljónir króna á næsta ári.

Ætlun Vegagerðarinnar er að styrkja vikulega tólf ferðir Herjólfs til Vestmannaeyja í stað fjórtán eins og verið hefur á þessu ári. Ríkisstyrktar ferðir með Breiðafjarðarferjunni Baldri verði sex í stað sjö. Tvær ferðir verða með Grímseyjarferjunni Sæfara í stað þriggja. Hríseyjarferjan Sævar fær greitt með 38 ferðum á viku í vetur í stað 44 áður. Að sumarlagi verða 63 ferðir styrktar í stað 77 ferða.

Þá verður hætt að styrkja Mjóafjarðarferjuna að sumarlagi og í skoðun er að hætta að styrkja þær tvær ferðir sem nú eru styrktar til Vigurs og Æðeyjar.

Í áætlunarflugi verða áfram styrktar fjórtán ferðir vikulega milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja fram til 1. ágúst en þá verður styrkjunum hætt. Tvær ferðir verða áfram til Gjögurs fyrir utan að á tímabilinu júní til september verður aðeins ein ferð styrkt. Í stað sex ferða á viku til Sauðárkróks verða fimm ferðir styrktar og átta ferðir á Höfn í Hornafirði í stað níu áður. Þá verður dregið saman í styrkjum á ýmsum sérleyfisleiðum áætlunarbíla.



**GRÍMSEYJARFERJAN SÆFARI** Niðurskurður Vegagerðarinnar bitnar meðal annars á þeim sem sigla með Grímseyjarferjunni því styrktar ferðir verða aðeins tvær á viku í stað þriggja. MYND/FREYR ANTONSSON

„Rétt er að minna á að rekstraraðilum er að sjálfsögðu heimilt að fara fleiri ferðir þótt Vegagerðin styrki þær ekki,“ bendir Vegagerðin á. - gar






**SOVÉSK STYTTA ENDURNÝJUÐ** Þessi fræga 25 metra háa sovéska stytta var nýverið hreinsuð og lagfærð og er komin aftur til sýnis í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir ungmenna mótmæla í borgum víða um Grikkland:

# Hundruð manna handtekin í Grikklandi

**GRIKKLAND, AP** Nokkur þúsund ungmenni hafa safnast saman í miðborg Aþenu tvo daga í röð til að minnast óeirðanna fyrir ári, sem hófust eftir að unglingspiltur féll fyrir skoti úr byssu lögregluþjóns.

Sumir mótmælendurnir hafa kastað grjóti í lögregluna, sem hefur svarað með því að beita táragasi. Brotnar hafa verið rúður í bönkum og kveikt í ruslatunnum úti á götu.

Lögreglan segir að á sunnudaginn hafi sextán lögreglumenn og fimm mótmælendur særst í átökunum, sem stóðu langt fram á nótt. Hundruð manna hafa verið handteknir, bæði í Aþenu og í Þessaloniku, þar sem einnig brutust út óeirðir. Einnig hafa orðið átök mótmælenda og lögreglu í borgunum Patras og Ioannina.

Á sunnudaginn var ár liðið frá því að hinn fimmtán ára gamli Alexis Grigoropolous lét lífið. Réttarhöld yfir tveimur lögregluþjónum hefjast 20. janúar næstkomandi vegna láts drengsins. Annar þeirra er ákærður fyrir morð, hinn fyrir morðtilraun.

Tveggja vikna óeirðir brutust út í kjölfar þessa atviks. Þær óeirðir voru þær verstu sem orðið hafa í landinu áratugum saman.

- gb



**ÓEIRÐIR Í AÞENU** Lögreglan hefur beitt táragasi á mótmælendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**Forráðamenn stjórnmálasamtaka og frambjóðendur á vegum þeirrra athugið**

Frestur til að skila Ríkisendurskoðun upplýsingum um móttekin fjárframlög fyrri ára er til **10. desember nk.**

Allar nánari upplýsingar og eyðublöð er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.rikisend.is.

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Megingildi hennar eru óhæði, hlutlægni, hæfni og trúverðugleiki.





# Bolli í Sautján með í kaupum á Árvakri

**Smávægilegar breytingar hafa orðið á hluthafahópi Þórsmerkur sem keypti Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, af Íslandsbanka í mars síðastliðnum. Greiðsla á 2,4 milljarða króna láni vegna kaupanna hefst á næsta ári.**

**VIÐSKIPTI** Athafnamaðurinn Ásgeir Bolli Kristinsson, oft kenndur við verslunina Sautján, hefur bæst í eigendahóp Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Að sögn Óskars Magnússonar, útgáfustjóra Árvakurs og stjórnarformanns, má segja að Bolli komi inn í eigendahópinn í stað Gísla Baldurs Garðarssonar lögmanns.

Óskar Magnússon, sem fór fyrir kaupum hlutafélagsins Þórsmerkur á Árvakri á fyrri hluta þessa árs, kveðst ekki í stöðu til að gefa nákvæmlega upp eigendaskiptingu útgáfufélagsins. „Við höfum ekki gefið hana upp. Þetta er inni í Þórsmörk og kannski ekki allt saman alveg frágengið,“ segir hann. Stærstu hluthafarnir séu hins vegar hann sjálfur, Samherji og Guðbjörg Matthíasdóttir í Ísfélagi Vestmannaeyja. Saman séu þau með rúman helmingshlut.

Aðrir hluthafar sem orðaðir hafa verið við útgáfufélag Morgunblaðsins eru Páll H. Pálsson, forstjóri útgerðarfélagsins Vísis í Grindavík, Gunnar B. Dungal, fyrrum eigandi Pennans, og Þorgeir Baldursson, forstjóri Kvosar, eignarhaldsfélags prentsmiðjunnar Odda.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þurfa eigendur Árvakurs á fyrsta fjórðungi næsta árs að hefja greiðslur af um 2,4 milljarða króna láni frá Íslandsbanka sem þeim var veitt í tengslum við kaupin á útgáfufélaginu snemma á þessu ári. Við kaupin lögðu nýju hluthafarnir jafnframt um 500 milljónir króna í reksturinn.



**Í HÁDEGISMÓUM** Salan á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, í febrúar var með fyrstu stóru fyrirtækjasölum íslenskra banka eftir hrunið í fyrra. Tap af rekstri Árvakurs fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 557 milljónum króna á síðasta ári. Samtals nam tapið tæplega 2,9 milljörðum króna. Tap á hverja krónu hlutafjár nam 8,5 krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við vinnum hér eftir þeim áætlunum sem við gerðum um kaupin og ég er bjartsýnn á að þær gangi eftir,“ segir Óskar, en kveðst um leið ekki vilja tjá sig nánar um reksturinn eða fjármögnun hans. Því sé þó ekki að neita að fjölmiðlarekstur og ekki síður rekstur dagblaða sé þungur um þessar mundir.

Heildarskuldir Árvakurs námu samkvæmt ársreikningi tæpum 5,9 milljörðum króna um síðustu áramót og eiginfjárstaða var neikvæð um rúma tvo milljarða króna. Tap ársins 2008 nam tæpum 2,9 milljörðum króna.

Við söluna á útgáfufélaginu til Þórsmerkur töpuðu fyrri hluthafar öllum eignarhlut sínum, en afskrifaðir voru um 2,9 milljarðar króna.

olikr@frettabladid.is




KOMDU NÚNA!
JÓLATILBOÐ
Á ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚMUM
AF SÉRSTÖKUM ÁSTÆÐUM GETUM VIÐ BOÐIÐ
ÖRFÁ RÚM Á SANNKÖLLUÐU KREPPU VERÐI!
41% AFSLÁTTUR!
AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNAR-HEILSURÚM
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Engin hreyfing milli svefnsvæða
• Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
• Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
• Þarf ekki að snúa
• 10 ára ábyrgð
AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
NÚ 139.440 kr.
AC-9 ÞRÝSITIJÖFNUNAR-HEILSURÚM
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Enginn hreyfing milli svefnsvæða
• Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
• Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
• Þarf ekki að snúa
• 10 ára ábyrgð
AC9 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM
(Queen size 153x203)
Verð 186.340 kr.
NÚ 128.575 kr.
31% AFSLÁTTUR!
ARGH!!! 081209
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

# Arion banki kynnir lausnir fyrir *viðskiptavini*

## Erlend íbúðalán

### 1 Þér býðst allt að *30% leiðrétting** og möguleiki á föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum í 3 ár

Höfuðstóll erlendra íbúðalána er leiðréttur um allt að 30%. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum til allt að 40 ára. Þú hefur m.a. val um að fá lán með föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum til næstu þriggja ára. Að þeim tíma liðnum færist vaxtaprósentan yfir í bestu fáanlegu íbúðalánavexti sem bjóðast hjá bankanum á þeim tíma. Hægt verður að velja um annaðhvort óverðtryggða eða verðtryggða vexti. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var þann 29. september 2008, sem þýðir allt að 30%* lækkun en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Í stað 6,0% óverðtryggðra fastra vaxta til þriggja ára hefur þú val um breytilega óverðtryggða markaðsvexti sem í dag eru 9,75% eða breytilega verðtryggða markaðsvexti sem eru í dag 5,4%.

***Kostir***
Höfuðstóll og greiðslubyrði lánsins lækkar. Mögulegt er að létta greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið í 40 ár.

***Ókostir***
Óverðtryggðu fastvaxtaláni fylgir óvissa um hver vaxtaprósenta lána verður eftir þrjú ár. Ekki er hægt að nýta sér leiðina samhliða sértækri skuldaaðlögun nema að vöxtum sé breytt í markaðsvexti.

***Fyrir hvern***
Hentar þeim best sem eru með veðhlutfall lægra en 155%*.

** 30% leiðrétting er m.v. algengustu samsetningu erlendra lána, 50% JPY og 50% CHF, viðskiptavina Arion banka. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var 29. september 2008 en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## Erlend íbúðalán

### 2 Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Erlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum, óverðtryggð eða verðtryggð. Hægt verður að velja annaðhvort breytilega markaðsvexti verðtryggðra lána, nú 5,4%, eða breytilega markaðsvexti óverðtryggðra lána, nú 9,75%. Til viðbótar býðst sértæk skuldaaðlögun sé greiðslugeta minni en 110% af veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Mögulegt er að lækka greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið til allt að 40 ára.

***Ókostir***
Þessi leiðrétting býðst ekki samhliða 30% höfuðstólslækkun.

***Fyrir hvern***
Hentar best þeim sem eru með veðhlutfall hærra en 155%*. Leiðréttingin getur numið allt að 35–40% af láninu*.

** Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

Við hvetjum alla viðskiptavini Arion banka til að kynna sér þessar lausnir á arionbanki.is.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47794 12/09

# Innlend íbúðalán

## ③ Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Innlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Til viðbótar býðst fólki sértæk skuldaaðlögun, sé núverandi greiðslugeta minni en sem nemur 110% veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Vaxtakjör lána haldast óbreytt.

***Ókostir***
Greiðslubyrði lækkar óverulega sé lækkun láns hlutfallslega lág.

***Fyrir hvern***
Þessi lausn hentar þeim sem eru með veðskuldir sem eru orðnar hærri en 110% af verðmæti eignar. Einkum er um að ræða lán sem veitt voru með 80–100% veðhlutfalli.




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## ④ Eingöngu *vaxtagreiðslur* í eitt ár

Viðskiptavinir með íbúðalán geta óskað eftir að greiða eingöngu vexti í allt að eitt ár*.

***Kostir***
Mánaðarlegar greiðslur lækka um 10–25%, en hlutfallið fer eftir lánstíma.

***Ókostir***
Lánstími lengist um eitt ár.

** Leiðin býðst ekki þeim sem skipta úr erlendum lánum og velja 30% höfuðstólslækkun og 6% óverðtryggða vexti.*

## ⑤ Kjör *verðtryggðra* lána haldast óbreytt

Lofað var föstum vöxtum á verðtryggðum íbúðalánum út lánstímann og mun Arion banki standa við þau kjör. Innlend íbúðalán sem veitt hafa verið frá árinu 2004 með föstum verðtryggðum vöxtum, halda óbreyttum vöxtum, þ.e. þeim verður ekki breytt til hækkunar út lánstímann.

***Kostir***
Vextirnir breytast ekki við sértæka skuldaaðlögun eða við leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra lána í 110%.

***Ókostir***
Ekki er hægt að lengja lánstíma þessara lána nema að breyta vöxtum í breytilega markaðsvexti.

Leiðir 1-4 standa *viðskiptavinum* til boða fram til 1. júlí 2010.

## Engar *uppboðsbeiðnir* íbúðalána út árið 2010

Bankinn mun fresta öllum uppboðsbeiðnum til sýslumanna út árið 2010. Það mun gera fleirum kleift að greiða úr sínum málum.

## Aðgerðir *stjórnvalda*

Einnig eru í boði úrræði stjórnvalda svo sem greiðslujöfnun lána. Bæði þeir sem völdu að segja sig úr greiðslujöfnun og þeir sem völdu að gera það ekki eiga kost á öllum framangreindum leiðum.

## FJÁR*mál,* vettvangur fjármálafræðslu Arion banka

**Á morgun, miðvikudaginn 9. desember kl. 18,** stendur Arion banki fyrir kynningarfundi um lánalausnir í höfuðstöðvum sínum **Borgartúni 19**. Þar mun starfsfólk Arion banka útskýra helstu leiðir og lausnir í lánamálum. Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, skoðar úrræðin með gagnrýnum augum. Sérfræðingar verða á staðnum og svara þeim spurningum sem kunna að vakna að dagskrá lokinni.

Kynningarfundurinn er hluti af FJÁR*málum*, fyrirlestraröð og fræðsluátaki á vegum bankans.

Skráðu þig á arionbanki.is – komdu og njóttu góðra veitinga í bland við verðmætan fróðleik.

Arion banki



**GÆÐIR SÉR Á GÓÐGÆTI** Þessi lemúr í dýragarði í Hamborg gæðir sér á þurrkuðum ávöxtum í litlu jólastígvéli sem starfsfólkið lét hann fá. NORDICPHOTOS/AFP

Lenti í bílslysi:

## Fékk átta milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Eigandi bifreiðar og Sjóvá-Almennar tryggingar skulu greiða ungum manni ríflega 8,2 milljónir í bætur, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir að 2. október 2005 lenti pilturinn, þá nítján ára, í umferðarslysi í Víðidal. Hann var farþegi í aftursæti bifreiðar. Ökumaðurinn missti stjórn á bílnum þannig að hann valt. Maðurinn í aftursætinu slasaðist og var varanleg örorka metin tíu prósent. Maðurinn var kominn vel á veg í bifvélavirkjanámi og voru bætur miðaðar við líklegar framtíðartekjur hans á slysdegi. **- jss**

# Hlóðu bálköst í kennslustofu

**Piltarnir þrír sem kveiktu í Waldorfskóla í fyrrakvöld höfðu undirbúið verknaðinn. Þeir hlóðu bálköst í einni kennslustofunni og kveiktu í. Þeir komu beint úr íkveikjutilraun í Fellaskóla.**

**LÖGREGLUMÁL** Piltarnir þrír, allir fimmtán ára, sem kveiktu í Waldorfskóla í Hraunbergi í fyrrakvöld bjuggu til bálköst úr pappír og öðru auðbrennanlegu á gólfi einnar kennslustofunnar, að sögn Snorra Traustasonar, kennara við skólann. Síðan báru þeir eld að kestinum.

Piltarnir höfðu undirbúið það að komast inn í skólann eftir að honum hafði verið lokað. Þeir höfðu sett blað milli starfs og hurðar í kjallara hans þannig að hurðin skall ekki í lás. Íbúi í grennd við skólann varð eldsins var, þegar farið var að skíðloga í kestinum, og lét þegar vita.

Piltarnir þrír voru handteknir skammt frá vettvangi og yfirheyrðir í fyrrinótt, að foreldrum og fulltrúum barnaverndar viðstöddum. Þeir játuðu að hafa kveikt í skólanum, sem var lokaður í gær vegna skemmdanna sem urðu á húsnæðinu. Snorri sagðist gera ráð fyrir að hægt yrði að hefja kennslu í dag eða á morgun. Í grunnskólanum sem um ræðir eru fjörutíu nemendur sem verða án kennslu í einhverja daga, þar á meðal piltarnir þrír.

Snorri segir ekki liggja fyrir hversu mikið tjón hafi hlotist af íkveikjunni, þar sem brunasvæðið hafi verið lokað meðan á rannsókn lögreglu stóð. Þó sé ljóst að það sé mikið.

„Það sést að eldurinn hefur verið mikill í einni stofunni,“ segir hann. „Skemmdir af völdum reyks og sóts voru að auki miklar í tveimur stofum sem eru sitt hvoru megin við þá sem kveikt var í.“

> „Það sést að eldurinn hefur verið mikill í einni stofunni. Skemmdir af völdum reyks og sóts voru að auki miklar…
>
> **SNORRI TRAUSTASON**
> KENNARI Í WALDORFSKÓLA

Drengirnir sem um ræðir komu rakleiðis í Waldorfskóla úr Fellaskóla í Breiðholti þar sem þeir höfðu reynt að kveikja í gluggatjöldum. Öryggisvörður varð eldsins var áður en hann náði útbreiðslu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var sú skýring sem piltarnir gáfu á framferði sínu sú að þeim hefði þótt þetta spennandi.

Piltarnir eru allir sakhæfir og verður mál þeirra sent ákæruvaldinu að rannsókn lögreglu lokinni. Þeir eiga að auki yfir höfði sér bótakröfu vegna þeirra skemmda sem þeir hafa unnið.

Piltarnir hafa ekki komið við sögu lögreglu áður, en eru nú komnir með sakarferil.

**jss@frettabladid.is**



**WALDORFSKÓLI** Lögreglan innsiglaði skólann í gær meðan rannsókn á vettvangi fór fram. Ekki var ljóst í gær hvort hægt var að kenna í húsnæði skólans í dag vegna skemmda af völdum elds, vatns, reyks og sóts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48346 12/09

FJÁRmál
Fyrirlestraröð Arion banka

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Kynningarfundur um lánalausnir Arion banka

FJÁRmál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka. Tilgangur FJÁRmála er að koma til móts við þörf viðskiptavina bankans fyrir haldgóðar upplýsingar og leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi.

Strax eftir áramót verður kynnt fjölbreytt dagskrá gagnlegra fyrirlestra, funda og námskeiða.

Arion banki stendur fyrir kynningarfundi um lánalausnir í höfuðstöðvum sínum, Borgartúni 19, á morgun, miðvikudag kl. 18.00.

Starfsfólk mun útskýra helstu leiðir og lausnir í lánamálum auk þess sem Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, mun skoða úrræðin með gagnrýnum augum.

Sérfræðingar verða á staðnum og svara þeim spurningum sem kunna að vakna að dagskrá lokinni.

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við verðmætan fróðleik.
Skráning á arionbanki.is

Fylgstu með og taktu þátt í uppbyggilegu starfi.

Arion banki


Rútubílstjóri í skjóli myrkurs:

## Ók ljóslaus á umferðarskilti

**LÖGREGLUMÁL Hann lét sér ekki segjast rútubílstjórinn sem lögregla stöðvaði í Vík í Mýrdal um helgina, en rútan sem hann ók var ljóslaus.**

**Bílstjórinn gisti á hóteli um nóttina, en hélt snemma af stað austur á bóginn morguninn eftir. Enn var rútan ljóslaus þar sem hleðslubúnaður hennar var bilaður. Á ferðalagi sínu ók hann á tvö umferðarskilti. Hann hélt áfram för sinni án þess að tilkynna um atvikið. Smá brot úr framenda rútunnar fannst á vettvangi. Var lögreglan á Austurlandi fengin til skoða bílinn og reyndist hann vera tjónvaldurinn. - jss**



**AÐ LOKNU UPPBOÐI** KK var uppboðshaldari og sést hér með starfsfólki Góða hirðisins og Lyngáss að uppboði loknu.

Uppboð í Góða hirðinum:

## 730 þúsund til handa Lyngási

**GÓÐGERÐAMÁL** Ríflega 730 þúsund krónur söfnuðust í uppboði sem haldið var í Góða hirðinum, nytjamarkaði Sorpu og líknarfélaga, síðastliðinn föstudag. Féð rennur til Lyngáss og „opnar sannarlega marga möguleika til þess að auðga líf þeirra einstaklinga sem nýta sér þjónustu Lyngáss og fjölskyldna þeirra,“ eins og segir í fréttatilkynningu.

Lyngás veitir fötluðum börnum og unglingum á aldrinum eins til átján ára þjálfun, uppeldi og umönnun. Styrkurinn verður meðal annars nýttur í útgáfu á samskiptabókum sem notaðar eru til þess að koma upplýsingum á framfæri um börnin. **- sbt**

Þrír karlmenn dæmdir:

## Köstuðu reiðhjóli í mann

**DÓMSMÁL** Þrír menn hafa verið dæmdir í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að slasa mann með höggum og spörkum og kasta svo í hann reiðhjóli. Sá sem fyrir árásinni varð úlnliðsbrotnaði og brotnaði einnig á baugfingri, auk fleiri áverka.

Árásin átti sér stað við verslunarmiðstöðina Fjörð í Hafnarfirði.

Rétt þótti að skilorðsbinda refsinguna í tvö ár þar sem óútskýrður dráttur hafði orðið á rannsókn málsins. Einn mannanna var fyrr á árinu dæmdur í hundrað þúsund króna sekt fyrir eignaspjöll. - jss

Varamaður Ólafs F. hætti við að fjalla um Hönnu Birnu og Kjartan Gunnarsson:

# Breytti bókuninni á síðustu stundu

**REYKJAVÍK** Varamaður F-lista, Gunnar H. Hjálmarsson, segir að skrifstofustjóri borgarstjórnar hafi ýjað að því að hann ætti ekki að hafa kafla um meint hagsmunatengsl Kjartans Gunnarssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra í bókun F-lista 1. desember.

„Hann spurði hvort þetta væri viðeigandi og hvort þetta væru ekki dylgjur eða slíkt. Ég er nú kannski ekki vanur stjórnmálamaður og ég lét þetta hafa áhrif á mig,“ segir Gunnar, sem tók kaflann út.

Fulltrúar F-lista hafa haldið því fram að Hanna Birna hafi verið vanhæf í málum þar sem Landsbankinn kom við sögu, meðal annars vegna samstarfs Hönnu Birnu og Kjartans Gunnarssonar, fyrrum framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokks og stjórnarformanns Landsbanka.

Ólafur Kr. Hjörleifsson, skrifstofustjóri borgarstjórnar, vill ekki ræða um einstök samtöl við borgarfulltrúa. Oft sé þeim þó bent á hvað kunni að stangast á við fundarsköp borgarinnar. Það sé svo undir viðkomandi borgarfulltrúa komið hvort hann taki mark á því eður ei.

Samkvæmt 19. grein samþykktar um stjórn borgarinnar og fundarsköp borgarstjórnar er vítavert að bera aðra menn brigslum. - kóþ



**GUNNAR H. HJÁLMARSSON** Varaborgarfulltrúi F-listans.

### ORÐIN SEM HURFU

„Þetta mál verður enn alvarlegra þegar horft er til þess að árin 1999-2006 var Hanna Birna Kristjánsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Yfirmaður hennar í Valhöll og jafnframt náinn vinur um árabil var Kjartan Gunnarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann er þó þekktastur fyrir að gleyma því hverjir gáfu Sjálfstæðisflokknum 30.000.000 kr. í kosningastyrki, en það var einmitt Landsbankinn þar sem Kjartan Gunnarsson var stjórnarmaður bæði fyrir og eftir einkavinavæðingu Sjálfstæðisflokksins á bankanum.“

Íbúafundur í Mýrdalshreppi:

## Vilja ekki friða búsvæði snigla

**UMHVERFISMÁL Íbúafundur í Mýrdalshreppi hafnaði friðlýsingu á hvannastóði undir Reynisfjalli. Þar er búsvæði sniglategundarinnar brekkubobba og vill Umhverfisstofnun friða það.**

**Í niðurstöðu íbúafundarins, sem sóttur var af 80 til 100 manns, sagði hins vegar að ekki yrði séð að hvönn eða brekkubobba væri nokkur hætta búin af manna völdum. Þá sagði umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps að sú sátt sem ætti að vera forsenda friðlýsingarinnar meðal heimamanna væri ekki fyrir hendi. Í kjölfarið hafnaði sveitarstjórn öllum friðlýsingaráformum að svo komnu máli.** - gar



**MIRCEA GEOANA** Leiðtogi Sósíaldemókrata sættir sig ekki við niðurstöðu kjörstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bascescu lýstur sigurvegari:

## Sósíaldemókratar ósáttir

**RÚMENÍA, AP** Sósíaldemókratar í Rúmeníu draga í efa opinber úrslit forsetakosninganna á sunnudag.

Kjörstjórn lýsti í gær núverandi forseta, Traian Basescu, sigurvegara kosninganna, með 50,33 prósent atkvæða þegar 99,95 prósent höfðu verið talin.

Leiðtogi Sósíaldemókrata, Mircea Geoana, var sagður hafa fengið 49,66 prósent. Sósíaldemókrataflokkurinn er arftaki gamla Kommúnistaflokksins, sem stjórnaði landinu í fjóra áratugi. - gb

### SVEITARSTJÓRNIR

**Ekki styrktur í Ísaksskóla**

Bæjarráð Hveragerðis hafnar því að greiða fyrir nám barns sem býr í bænum en vill vera í Ísaksskóla í Reykjavík. Bæjarráð segir umsóknina ekki falla undir reglur bæjarins um nám utan lögheimilis sveitarfélags.

### DÓMSTÓLAR

**Kýldi mann og nefbraut**

Maður hefur verið ákærður fyrir að kýla og nefbrjóta mann fyrir þremur árum við Hressingarskálann í Reykjavík. Fórnarlambið krefst 325 þúsunda króna í bætur.




## „ORÐRÉTT“

### Þetta er viðhorfið

**„Þetta er bara skeyti sem fer okkar á milli og á bara að vera okkar á milli.“**

INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON UM BRÉFASKIPTI HANS OG STARFSMANNS AGS.
**Morgunblaðið 7. desember**

### Og skrúfurnar fást þá á Holtinu

**„Ég er búinn að fara á jólahlaðborðið í Húsasmiðjunni á hverjum einasta degi í um þrjár vikur.“**

JENS GUÐ, BLOGGARI.
**DV 7. desember**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÚN HELGA LUND ÚR SAMTÖKUM UM BÍLLAUSAN LÍFSSTÍL

## *Syngur jólalög og skrifar handbók*

„Ég var að syngja jólalög á tónleikum í gær [á sunnudag] í Langholtskirkju með Söngsveitinni Fílharmoníu. Við syngjum svo aftur þar á miðvikudagskvöld,“ segir Sigrún Helga Lund, stærðfræðingur, söngkona og stjórnarmaður í Samtökum um bíllausan lífsstíl. Sigrún er í doktorsnámi í stærðfræði og var að fara yfir stærðfræðipróf þegar blaðamaður truflaði hana.

„Það sem er helst í gangi núna er að við erum að skrifa handbók um bíllausan lífsstíl, sem næst nú ekki í jólabókaflóðið úr þessu!“ segir Sigrún og skellir upp úr. Í bókinni, sem verður dreift á netinu og ef til vill prentuð, verði góðlegar ábendingar um hvernig megi draga úr notkun einkabílsins.



Fyrir utan þetta átti dóttir Sigrúnar afmæli í gær og var hún því búin að baka sjö sortir af smákökum.

Sigrún grípur tækifærið til að kynna málstaðinn og segir frá því að vinur hennar hafi flutt nýverið til Lundúna og þar sé heldur meiri vakning í samgöngumálum en á Íslandi. Meðal annars hafi virðisaukaskattur af reiðhjólum verið felldur niður.

„Það væri gaman að sjá svoleiðis hér, sérstaklega núna þegar bensínverð er orðið svona hátt,“ segir Sigrún og bætir við að það kosti um mánaðarlegan rekstrarkostnað einkabíls að kaupa sér fínt hjól.

## BREKKUBOBBI
### SJALDGÆFUR SNIGILL

Brekkubobbi er sjaldgæfur snigill á Íslandi. Hann hefur fundist á nokkrum stöðum frá Drangshlíð undir Eyjafjöllum og austur að Höfðabrekku í Mýrdal. Einnig í Heimaey. Þetta kemur fram á vef Náttúrfræðistofnunar. „Brekkubobbi er annar tveggja stórra snigla hér á landi sem bera kuðung. Hinn er lyngbobbi sem er allalgengur og útbreiddur í skóglendi á Austurlandi auk þess að hafa búið um sig á höfuðborgarsvæðinu. Kuðungur brekkubobbans er breytilegur á lit en oftast með skýrum dökkum og ljósum röndum. Hann þykir því fallegur,“ segir á vef Náttúrufræðistofnunar, sem telur tilvist brekkubobbans á Íslandi vera ógnað og vill friða búsvæði hans í Vík í Mýrdal.

**TUNGUTAK**

## *Við Jón og þið Sigga*

„Ég og Jón ætlum að heimsækja þig og Siggu,“ er æ oftar bæði sagt og skrifað. Þetta er ekki beinlínis rangt en kauðalegt engu að síður. Eða þá: „Mig og Gunnu langar að bjóða þér og Gumma í bíó.“

Íslenskan býður okkur nefnilega bæði liprari og fallegri leið til að segja þessa sömu hugsun:

„Við Jón ætlum að heimsækja ykkur Siggu,“ og: „Okkur Gunnu langar að bjóða ykkur Gumma í bíó.“

Það væri missir, og alger óþarfi, að týna þessu orðalagi niður.




**TAKA HÖNDUM SAMAN** Söfnun sjálfstæðiskvenna fyrir Mæðrastyrksnefnd var hleypt af stokkunum á hádegi í gær fyrir framan húsnæði Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

# Allir fái aðstoð sem þurfa

**Sjálfstæðiskonur um land allt efna til söfnunar fyrir mæðrastyrksnefndir landsins dagana 7. til 20. desember. Hægt er að kaupa stuðningskort í fjölmörgum verslunum um land allt. Fé sem safnast verður notað til að styðja barnafjölskyldur.**

„Markmiðið er að mæðrastyrksnefndirnar hafi úr nægum fjármunum að spila til að geta útvegað barnafjölskyldum mat og föt og annað sem þær þurfa,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri söfnunarinnar. „Aðalatriðið er að enginn þurfi að snúa við sem leitar til mæðrastyrksnefndar, svo þeir sem þurfi á aðstoð að halda geti fengið hana.“

Söfnunin, sem fram fer undir slagorðinu „tökum höndum saman“, hófst formlega í gær og stendur út 20. desember. Í tilkynningu frá sjálfstæðiskonum kemur fram að aldrei hafi jafn margir leitað á náðir mæðrastyrksnefnda og undanfarnar vikur. Fjöldi þeirra sem sótt hafi um aðstoð hafi þrefaldast á árinu og búast megi við því að allt að fjögur þúsund fjölskyldur þurfi að sækja sér aðstoð yfir jólin.

Þetta er í fyrsta skipti sem sjálfstæðiskonur standa fyrir söfnun sem þessari, en hugmyndin kviknaði á stjórnarfundi Landssambands sjálfstæðiskvenna, þar sem kona sem sæti á í mæðrastyrksnefnd á sæti, segir Erla.

Allur ágóði söfnunarinnar rennur til Mæðrastyrksnefnda í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, á Akranesi og á Akureyri. Á þeim stöðum þar sem engar nefndir eru starfandi hafa prestar milligöngu um að fólk sem þurfi á aðstoð að halda geti fengið aðstoð frá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

Þeir sem hafa áhuga á að styrkja mæðrastyrksnefndirnar geta keypt stuðningskort í fjölmörgum verslunum um land allt.

Kortin eru seld í Byko, Debenhams, Dýrfinnu og Finni gullsmiðum Akranesi, Einarsbúð Akranesi, Fjarðarkaupum, Hagkaupum, Heitu á prjónunum Ísafirði, Kjarval, Melabúðinni, N1, Nóru Kópavogi, Sælukjallaranum Patreksfirði, Verslunum 10-11, Verslunum 11-11, Verslunum Bónus, Verslunum Krónunnar, Verslunum Nóatúns og í World Class. Þá er hægt að leggja söfnuninni lið með því að leggja inn á söfnunarreikning á vef söfnunarinnar, www.xd.is/tokumhondumsaman. **brjann@frettabladid.is**

Kjartan Björnsson, rakari og tónleikahaldari, segir Guðna Ágústsson ígildi prests:

# Jólaskapið sungið í Sunnlendinga

„Jólaskapið verður svo sannarlega sungið í Sunnlendinga,“ segir Kjartan Björnsson, rakari á Selfossi, sem efnir nú, þriðja árið í röð, til jólatónleikanna „Hátíð í bæ“. Fara þeir fram annað kvöld í Iðu, íþróttahúsi Fjölbrautaskóla Suðurlands, og er von á fjölda gesta. Á milli fjögur og fimm hundruð sóttu tónleikana í fyrra og árið á undan.

Flytjendur þetta árið eru bæði þekktir og minna þekktir; Egill Ólafsson og Diddú, Páll Óskar og Monika, Eldri barnakór og Unglingakór Selfosskirkju, Karlakór Selfoss, Herdís Rútsdóttir úr Rangárþingi og Ragnheiður Blöndal frá Selfossi.

Vert er að vekja athygli á að í boði eru tveir miðar á verði eins á C-svæði. Kosta þeir 2.950 krónur.

Guðni Ágústsson verður kynnir en Kjartan hefur fengið presta til verksins síðustu tvö ár. „Guðni er ígildi prests, hann er svo snjall,“ segir Kjartan. „Ég held reyndar að hann hafi langað til að verða prestur,“ bætir hann við.

Sjálfur er Kjartan að eigin sögn mikið jólabarn og það er í raun undirrót þess að hann stússar þetta á aðventunni.

Mikill og strangur undirbúningur er að baki tónleikunum og að þeim loknum hefst ekki síður ströng törn hjá rakaranum, sem klippir og snyrtir kolla til tíu á kvöldin alveg fram að jólum. Á nýju ári tekur svo við hjá honum undirbúningur annars stórviðburðar – þorrablótsins mikla á Selfossi. **- bþs**



**MEÐAL FLYTJENDA** Páll Óskar og Monika eru meðal þeirra sem koma fram.

norden

## Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2010

Norðurlandaráð veitir árið 2010 náttúru- og umhverfisverðlaun í 16. sinn. Verðlaunin eru 350 þúsund danskar krónur.

**Þema ársins 2010**
Árið 2010 verða náttúru- og umhverfisverðlaunin veitt norrænu fyrirtæki, stofnun, fjölmiðli, félagasamtökum eða einstaklingi, sem hefur verið í fararbroddi og haft áhrif, beint eða óbeint, á fjármálamarkaðinn, fjárfestingarþjónustu, banka eða ráðgjafa í því augnamiði að vinna að langtímamarkmiðum og samþætta sjálfbærni (náttúru- og umhverfismál og samfélagsábyrgð) í fjármálaumsýslu.

Leitað er eftir tilnefningum um:
- aðila sem með starfi sínu hafa aukið þekkingu neytenda og viðskiptavina í gegnum fjölmiðla, með fyrirlestrahaldi, ritun bóka eða á sambærilegan hátt.
- frjáls félagasamtök eða einstaklinga sem hafa með góðum árangri verið virk í vinnuhópum (siðfræðiráðum o.s.frv.), stjórnum eða því um líku.
- umhverfisfyrirtæki, sjóði, banka o.s.frv. sem óháður aðili hefur lagt mat á.

Öllum er heimilt að senda tillögur. Rökstyðja skal tillöguna og lýsa því í hverju starfið eða framlagið felst og hver inni eða hafi innt það af hendi. Verkefnið verður að vera faglegt og hafa þýðingu fyrir stærri hópa í einu eða fleiri ríkjum Norðurlanda. Tillagan skal rúmast á tveimur útprentuðum síðum í A4-broti.

Verðlaunahafinn er valinn af dómnefnd sem skipuð er fulltrúum norrænu ríkjanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tillögunni á að skila á sérstöku eyðublaði, og skal hún hafa borist skrifstofu dönsku sendinefndarinnar í Norðurlandaráði í síðasta lagi föstudaginn 11. desember 2009 kl. 12.00. Eyðublaðið má nálgast á vefsíðu Norðurlandaráðs www.norden.org eða á skrifstofu dönsku sendinefndarinnar.

**Norðurlandaráð**
Danska sendinefndin
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5999
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk


Jólin koma
GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI
Þú finnur jólagjöfina Í ORMSSON
FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG HEIMILIÐ
CASIO
KEMUR STERKT INN ..!!
Stafrænar myndavélar sem rokið hafa upp vinsældarlista heimsins enda stórskemmtilegar, fallegar, fjölhæfar og vandaðar vélar.
KYNNIÐ YKKUR NÁNAR Á:
www.exilim.eu/euro
EISA AWARD Best Product 2009-2010 TRAVEL COMPACT CAMERA Casio Exilim EX-H10
CASIO EX-H10
12,1 milljón pixlar · 10x aðdráttarlinsa (24-240mm) · Stór 3" Super Clear LCD skjár · EXILIM Engine 4.0 · 38 myndstillingar · Auto Bestshot · Hristivörn · Dynamic Photo function · Face Detection · Videoupptaka með hljóði · 16:9 Háskerpu upplausn · YouTube™ Capture Mode · Rafhlöðu ending 1000 myndir · 35.7MB innbyggt minni · Styður SD og SDHC minniskort · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
TILBOÐSVERÐ: 54.900 kr.
– FULLT VERÐ: 59.900 kr.
CASIO EX-Z2
12.1 milljón pixlar · 3x aðdráttarlinsa (35,5-106,5mm) · Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár · EXILIM Engine 2.0 · 23 myndstillingar · Bestshot / Face Detection · Videoupptaka með hljóði · YouTube ™ Capture Mode · 17.9 MB Innbyggt minni · Styður SD og SDHC minniskort · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir · Fæst í fjórum litum: Blá, svört, bleik og fjólublá.
Verð: 29.900 kr.
CASIO EX-Z280
12,1 milljón pixlar · 4x aðdráttarlinsa (26-104mm) · Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár · EXILIM Engine 4.0 · 39 myndstillingar · Auto Bestshot · Hristivörn · Advanced Auto Framing · Dynamic Photo function · Face Detection · Videoupptaka með hljóði YouTube™ Capture Mode · 35.7MB innbyggt minni · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
TILBOÐSVERÐ: 33.900 kr.
– FULLT VERÐ: 36.900 kr.
CELESTRON
Kosin „Vara ársins" á alþjóðlegu ári stjörnuskoðunar 2009
ÚRVAL VANDAÐRA STJÖRNUSJÓNAUKA
Heillandi heimur opnast þér!
Verð frá 14.900.-
SAMSUNG
LE-37B655
GLÆSILEGT 37" LCD SJÓNVARP
Háskerpu sjónvarpsmóttakari · Internet@TV · Upplausn: 1920 x 1080 · 100 Hz Motion Plus – mýkri hreyfing og enginn draugur
Verð kr. 269.900.-
SHARP
XL-DH320NH
HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA
Geislaspilari-Útvarp og iPod vagga
Magnari: 2x50 W RMS · Spilar MP3, CD-R/RW USB inng. · 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi
TILBOÐSVERÐ kr. 49.900,-
SAMSUNG EC-ES55
KLASSA MYNDAVÉL
10. milljón pixlar · 2,5"skjár · 3x Optical Zoom DIS (Digital Image Stabilization) · Face detection (allar andlitsmyndir verða eðlilegri)
Verð kr. 24.900.-
OLYMPUS
FE-26
GÆÐA MYNDAVÉL FRÁ OLYMPUS
12 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (36-108 mm) Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 16 handhægar tökustillingar · Videoupptaka með hljóði Litir: Blá, bleik og svört
Verð kr. 19.900,-
Nintendo Wii
NÚ MEÐ SPORT RESORTS OG MOTION+
Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo HEFUR SLEGIÐ ÖLL SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!
Verð kr. 54.900,-
Nintendo
DS-LEIKJATÖLVA
VÍÐFRÆG & VINSÆL
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims.
Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.
Verð kr. 29.900,-
SCOTT
SWM7CS
FERÐATÆKI
m/geislaspilara og kassettutæki
· CD-R/RW, MP3/WMA-CD, Audio CD
· FM útvarp · Kassettutæki · Höfuðtólstengi
Verð kr. 11.900,-
brabantia solid company
FALLEG BRAUÐBOX & FÖTUR Í MIKLU ÚRVALI
Hönnun á heimsmælikvarða
SCOTT
CMX-118
ÚTVARPSVEKJARI
· FM útvarp · Vekjari með útvarpi eða pípi
· Blátt næturljós · 2 styllingar á birtustigi
Verð kr. 4.900,-
HÉR ERU KYNNT TIL SÖGUNNAR AÐEINS ÖRFÁ DÆMI UM FRÁBÆRAR GJAFAVÖRUR SEM ÞÚ FINNUR Í VERSLUNUM ORMSSON
Tefal
JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES
POTTAR OG PÖNNUR
sem slegið hafa í gegn um allan heim
Tefal
LÍKA FYRIR SPANHELLUR
GÆÐA PÖNNUKÖKUPANNA
Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð!
Verð kr. 6.590.-
AEG
Styrktu þig með hollustudrykkjum
SÍGILD KAFFIVÉL
BLANDARAR Í ÚRVALI
Breyta öllu í eldhúsinu!
OBH NORDICA
POP-MASKÍNA
Alltaf 100% gott.
Lokið er um leið skál undir poppið.
Verð kr. 13.900.-
Emile Henry Poterie culinaire FRANCE
FLAME LEIRPOTTARNIR FRÁ Emile Henry.
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.
AEG UPPÞVOTTAVÉL
Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
8 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél – aðeins 41db
Aðeins 39 db á RÖKKURRÓ stillingu (Night Cycle)
TURBO-þurrkun – þurrkar með heitum blæstri
Hægt að stilla á ræsingu allt að 19 klst. fram í tímann
Ljós inni í vélinni
Orkunýtni : A · Þvottahæfni : A · Þurrkhæfni : A
Ein fullkomnasta uppþvottavélin sem í boði er!
AEG
FAVORIT 88020VI
LISTAVERÐ: 199.900,-
TILBOÐSVERÐ kr. 159.900,-
ÞÚ SPARAR 40.000,- kr.
AEG
CE 4200
TILBOÐSVERÐ kr. 17.900,-
( LISTAVERÐ 22.900,- )
2000 WÖTT
DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG – Þær gerast ekki betri!
LAVAMAT 62840
LAVATHERM T55460
AEG
NÝJA PARIÐ
AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar
AEG ÞURRKARI
Barkalaus · Tekur 6 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
Íslenskar leiðbeiningar
LISTAVERÐ: 244.800,-
TILBOÐSVERÐ kr. 214.900,-
ÞÚ SPARAR 29.900,- kr.
KVIKA
ÚRVALIÐ ER Í SÍÐUMÚLA 9
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Málþófið í Icesave-málinu er skaðlegt.

## Verðum að velja

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Málþóf hefur staðið yfir á Alþingi um Icesave. Meirihluti ríkisstjórnarinnar á að axla ábyrgð á ákvörðun. Stjórnarandstaðan á að sýna andstöðu á ábyrgan hátt með atkvæði sínu. Það er skaðlegt fyrir þjóðina að slíkt mál sé tafið.

Líklegt er að vergar erlendar skuldir Íslendinga í heild nemi nú um 9,9 sinnum vergri landsframleiðslu eins árs og hreinar erlendar skuldir um 3,9 sinnum vergri landsframleiðslu. En að frá dregnum fjármálastofnunum í slitameðferð eru vergar erlendar skuldir nú líklega um 2,1 sinnum verg landsframleiðsla eins árs og hreinar erlendar skuldir um 40 prósent af vergri landsframleiðslu.

Á svipaðan kvarða eru vergar erlendar skuldir Breta nú um 3,4 sinnum verg landsframleiðsla þeirra, Hollendinga um 2,8 sinnum, og Íra um 8,8 sinnum. Auk skulda bera mörg Evrópuríki feiknabyrðar af lífeyrisskuldbindingum.

Hreinar skuldir skipta meira máli en vergar. Ekki er yfirleitt gert ráð fyrir skuldleysi heldur miðað við til dæmis 60 prósent af vergri landsframleiðslu. Skuldir skiptast á ríkissjóð, sveitarfélög og einkaaðila. Aðeins opinberar skuldir snerta almenning beinlínis. – Hreinar peningalegar skuldir ríkissjóðs nú virðast um 30 prósent af vergri landsframleiðslu.

Allar nágrannaþjóðir standa gegn okkur í Icesave-málinu, líka Norðurlandaþjóðirnar – nema Færeyingar. Ein líkleg skýring er sú að um það sé sammæli að miklu meira sé í húfi heldur en Icesave-málið eitt, ella verði kerfishrun í þeirri viðleitni að byggja upp sameiginlegt fjármálakerfi í Evrópu. Ef Íslendingar séu „látnir sleppa núna“ verði það slíkt fordæmi að enginn taki framar mark á þessari viðleitni.

Ekkert bendir til að samningurinn um Icesave verði lagaður eða bættur með frekari viðræðum. Nú eigum við Íslendingar tvo kosti:

Annar er sá að samþykkja Icesave-skuldbindingarnar. Hagtölur benda til þess að við ráðum við þetta. Hér er öflugt samfélag og sterkar útflutningsgreinar. Með því að sýna ábyrgð og skilvísi styrkja Íslendingar stöðu sína þegar – en ekki ef – að því kemur að málið verði tekið til endurmats eða dómsmeðferðar.

Hinn kosturinn er sá að hafna samningnum. Þá verðum við að miða utanríkisviðskipti við staðgreiðslu í viðkomandi gjaldeyri og loka fjármála- og gjaldeyriskerfi þjóðarinnar upp á nýtt. Þá hefjum við þegar leit að nýjum mörkuðum vegna þeirra erfiðleika sem hefjast á Evrópumörkuðum. Ekki þarf þá meira að hugsa um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, en veruleg áhætta verður vegna málsókna fyrir dómstólum.

Báðir kostirnir eru herfilega slæmir. Báðir ráða þeir miklu um hag þjóðarinnar næstu tvo til þrjá áratugina. Annar kosturinn er þungar greiðslur, opnun og þátttaka í sameiginlegri hagþróun en hinn er lokun, lífskjaraskerðing og einangrun í einarðlegu stolti. Báðir útheimta harkalegar aðgerðir.

En það er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér ljóst að þeir geta valið hvorn kostinn sem er. Við ráðum við þá báða. Hér þarf hins vegar hyggindi og ábyrga forystu til að vísa veginn og leiða þjóðina yfir þau firnindi sem framundan eru.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Jólasöfnun

Fjölskylduhjálpar Íslands er hafin

Þúsundir fjölskyldna eiga um sárt að binda fyrir jólin. Þeir sem eru aflögufærir fyrir þessi jól geta lagt inn á reikning Fjölskylduhjálpar Íslands

101-26-66090
kt. 660903-2590

Tökum á móti matvælum og fatnaði í
Eskihlíð 2-4
þriðjudaga kl 9-13
miðvikudaga kl. 9-18
fimmtudaga kl. 9-13 .
Símar 551 3360 og 892 9603

Fjölskylduhjálp Íslands

Fjölskylduhjálp Íslands

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óeining um hindranir

Orð Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um að hún væri sannfærð um að öllum hindrunum Suðvesturlínu yrði fljótlega rutt úr vegi vöktu nokkra athygli. Ýmsir töldu líklegast að tilefnið skýrði orðin, en Jóhanna var stödd á fundi Samfylkingarinnar á Reykjanesi þegar þau féllu. Óvíst er hvernig forsætisráðherra bregst við þeim tíðindum að eitt af félögum jafnaðarmanna, Græna netið, skuli hafa kært ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi sameiginlegt umhverfismat línunnar og tengdra framkvæmda. Græna netið telur rétt almennings til upplýsinga vega þyngra en rök um óhagræði framkvæmda. Kannski þarna sé komin hindrun sem ryðja þurfi úr vegi að mati forsætisráðherra?



### Leyninetið

Mikið hefur verið rætt um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hvað gera skuli við hana þegar hún kemur fram. Margir óttast að ekki eigi allt að vera uppi á borðinu og einhverjir muni freistast til að halda upplýsingum leyndum. Nú er í ljós komið að skýrslan verður birt á Netinu og allir sem hafa aðgang að því geta kynnt sér hana. Enn eru þó einhverjir sem tala um leyniplagg, en þeir halda kannski að skýrslan verði bara birt á leyninetinu.



### Hokinn af reynslu

Ólafur Ragnar Grímsson hefur áhyggjur af því að hinn bandaríski kollegi hans Obama sé of óreyndur til að koma á breytingum í loftslagsmálum. Ólafur sagði þetta í samtali við arabískt blað og sagðist hafa þrjátíu ára reynslu af því að eiga við bandaríska forseta. Af þessum þrjátíu hefur Ólafur verið forseti í þrettán ár; hin sautján var hann framámaður í Alþýðubandalaginu, meðal annars formaður. Að það hafi í för með sér mikil samskipti við forseta Bandaríkjanna kemur á óvart.

kolbeinn@frettabladid.is

## Birting virðingar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Sjálfsvirðing

Einu sinni heyrði ég einn af virtustu leikstjórum landsins segja í almennu spjalli um leiðtoga, að ef hópur fólks væri á sviði, léti hann foringjann í verkinu hvorki skera sig úr í klæðaburði né vera valdsmannslegan. Staða hans í hópnum ætti að birtast í virðingu hinna. Hvernig þeir kæmu fram við hann. Mér fannst þetta snjallt hjá honum.

Reyndar eru þetta skyld viðbrögð og sjá má á fólki nálægt auðkýfingum og frægum persónum. Þá er það virðing fyrir frægð eða fjármunum. Og þegar slík virðing er fyrir hendi, sem er býsna algengt í nútíma samfélagi, fá viðkomandi greinilega þægilegan sjálfsánægjuhroll ef þeir komast nálægt þessum persónum. Að ekki sé nú talað um ef þeir lenda fyrir tilviljun á mynd með þeim, sem síðan birtist í dagblaði eða tímariti. Minnið er líka myndavél og næst þegar lesandinn sér þá á götu eða í bakaríi framkallast myndin úr blaðinu og viðkomandi er tengdur frægðinni.

Hin hliðin á segulmagni velgengninnar er ónáðin. Henni vill enginn tengjast. Og síst sjást á mynd með einhverjum sem er óvinsæll af einhverjum ástæðum. Jafnvel þó að almenningsónáðin sé nýtilkomin og um sé að ræða gamla skólasystur og vinkonu eða vin, beygja menn hjá. Ónáðin gæti verið smitandi.

En hvernig sem allt snýst kemur þetta fólk og fer í tilverunni, en við sitjum uppi með okkur sjálf það sem eftir er. Og það hlýtur alltaf að vera viðkunnanlegra að geta borið lágmarks virðingu fyrir sjálfum sér. Þar byrjar og endar allt sem mestu skiptir.

### Að leika leiðtoga

En það var þetta með leiðtogana og hvernig virðingin dregur okkur að þeim ef við berum traust til þeirra. Hvenær gerum við það og hvenær ekki? Það er í raun og veru ekki gott að segja. Rétt eins og leikstjórinn glöggi benti á sprettur sú virðing á leiðtoga sem allir eiga mikið undir hvorki af klæðaburði hans né stórmennskulegum tilburðum. Og það er ekki hægt að læra það sem við á að eiga í þessum efnum hjá markaðsráðgjafa, eða stílista. Það er hægt að kenna málflutning, líkamsbeitingu og alls kyns takta og viðbrögð. Það er hægt að fara í stjórnmálaskóla og laganám en það breytir engu. Það er hægt að leika stjórnmálaleiðtoga, en annað hvort er þessi eiginleiki fyrir hendi eða ekki. Og það skemmtilega er að það er ekki óalgengt að sá sem kjörinn er til forystu uppgötvi fyrst þá að hann sé leiðtogi. Hitt er miklu algengara að menn trúi á mátt sinn og megin í þessum efnum þar til þeir standa frammi fyrir þessu risaverkefni. Og þá tapa allir.

*Það er hægt að kenna málflutning, líkamsbeitingu og alls kyns takta og viðbrögð. Það er hægt að fara í stjórnmálaskóla og laganám en það breytir engu.*

### Nærst á eymdinni

Mér finnst dálítið um það núna að pólitískir leikarar á alþingi og víða í sérfræðingasveitinni séu að þrýsta þeim skilaboðum inn í þjóðarvitundina og við ættum að venja okkur af því að halda að við séum eitthvað. Engar forsendur séu fyrir því að við getum verið ánægð með okkur sjálf. Endilega horfist þið í augu við hvað við erum smá og aum. Og nú er hvergi ráð nema hjá fyrrverandi herraþjóðum okkar. Þær eru mærðar eins og eina lífsvonin, enda séum við af sama meiði. En við erum samt öðruvísi. Við erum á eyju í Atlantshafi og eigum að sækja styrk og samstöðu víðar en til Norðurlandanna, sem að sönnu eru bræður okkar og systur, en við erum allra minnsti bróðirinn. Sérstaða okkar er og hefur verið að við höfum aldrei getað treyst á neitt, hvorki veðrið, aflabrögð eða annað. Við höfum ekki smíðað samfélagi okkar þröngan ramma, af því að við erum ekki rammafólk. Við höfum margsinnis gegnum tíðina gert hluti sem ekki átti að vera hægt að gera, að því að við vissum ekki að það var ekki hægt.

Það er mikill munur á því að reigja sig og þykjast vera eitthvað eða því að kikna í hnjánum og biðjast afsökunar á að vera til. Við eigum að gera það sem við höfum gert lengst af: standa upprétt, bæði gagnvart öðrum þjóðum og hverju öðru.

## Röng umræða um fjölmiðla

UMRÆÐAN

Gunnar Hersveinn skrifar um fjölmiðla



GUNNAR HERSVEINN

Íslendingar glata sorglega oft tækifærum til að rökræða málin. Ástæðan er sú að boðberar válegra tíðinda eru skotnir um leið og þeir birtast. Íslenskir fjölmiðlar eru í kreppu en ef einhver gerir athugasemdir við vinnubrögð þeirra er sá hinn sami annaðhvort hunsaður eða gerður tortryggilegur. Það er líkt og hugrekki þurfi til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu á Íslandi.

Nýlega lýsti Norræna blaðamannasambandið yfir áhyggjum sínum af stöðu fjölmiðla á Íslandi enda ástæða til. Rekstur fjölmiðla er vandasamur og margir efast um markmið eigenda þeirra og hugsjónir ritstjóra. Síðast en ekki síst hafa margir af reyndustu blaða- og fréttamönnum landsins misst vinnuna. Blaða- og fréttamenn sem geta veitt yfirvöldum aðhald, spurt gagnrýnna spurninga og skrifað eða flutt viðamiklar fréttaskýringar til að upplýsa almenning standa nú margir utan fjölmiðla.

Í íslenskri umræðu er oft hrópað af krafti á gagnrýnendur og gefið í skyn að annarlegir hagsmunir liggi að baki og að gagnrýni þeirra sé af persónulegum ástæðum. Þeir sem verja ríkjandi ástand slá gjarnan andstæðinga sína undir beltisstað. Ályktun Norræna blaðamannasambandsins var frétt hér á landi en umræðan fór um víðan völl og skotið var í allar áttir í stað þess að miða í mark. Tilraun var meðal annars gerð til að sverta Blaðamannafélag Íslands og strax var grafið undan þeim sem þurfa að fjalla um viðkvæmt málið.

Kennslubókardæmi um ofangreint er fjölmiðlapistill Viðskiptablaðsins 3. desember 2009. Þar er Norræna blaðamannasambandið gert ótrúverðugt, skotið er á núverandi og fyrrverandi formenn Blaðamannafélags Íslands og annar ritstjóri Morgunblaðsins skjallaður. Nýir eldar eru kveiktir í stað þess að taka þátt í björgunarstarfinu.

Umræðuaðferðin sem pistlahöfundur Viðskiptablaðsins beitir er iðulega notuð af þeim sem vilja ekki fjalla um kjarna málsins. Hvetjum íslenska blaða- og fréttamenn til að taka þátt í umræðunni og til að skapa aðra rökræðuhefð og leyfum ekki einstaka álitsgjöfum að einoka sviðið.

*Höfundur er rithöfundur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# FYRSTI VALKOSTUR ÍSLENDINGA!

„Um helmingur landsmanna setur sparisjóðina sem fyrsta valkost."

Við þökkum traustið,
starfsfólk sparisjóða




*Markaðsrannsókn MMR í september 2009 um hlutdeild banka og sparisjóða

## Áfram fyrir þig og þína

**Um helmingur landsmanna eða 47,5%** setur sparisjóðina sem fyrsta valkost, hyggist menn skipta um fjármálafyrirtæki. Einungis 26,7% myndu velja Íslandsbanka, Landsbanka eða Arion banka þrátt fyrir að þeir séu með um 75% hlutdeild á markaði í dag.*

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI

*– áfram fyrir þig og þína*

**Byr sparisjóður** - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík **Sparisjóður Bolungarvíkur** - Bolungarvík - Suðureyri **Sparisjóður Höfðhverfinga** - Grenivík **Sparisjóðurinn í Keflavík** - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfirði - Króksfjarðarnes - Bíldudalur - Tálknafjörður - **AFL - sparisjóður** - Siglufjörður - Sauðárkrókur **Sparisjóður Norðfjarðar** - Neskaupsstaður - Reyðarfjörður **Sparisjóður Ólafsfjarðar** - Ólafsfjörður **Sparisjóður Strandamanna** - Hólmavík - Norðurfjörður **Sparisjóður Suður-Þingeyinga** - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll **Sparisjóður Svarfdæla** - Dalvík - Hrísey **Sparisjóður Vestmannaeyja** - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði - Hornafjörður - Djúpivogur - Breiðdalsvík **Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis** - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.

DYNAMO REYKJAVÍK

# Fimm þúsund ný störf með nýsköpun

UMRÆÐAN
Dofri Hermannsson skrifar um atvinnumál


DOFRI HERMANNSSON

Undanfarinn áratug stóriðjunnar var stuðningur við nýsköpun í atvinnulífinu lítill sem enginn. Á sama tíma og íslensk stjórnvöld, undir torsýnilegri verndarhendi Adams Smith, lögðu rúmlega 100 ríkistryggða milljarða í Kárahnjúkavirkjun fékk Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ekkert nýtt fé. Öll áhersla var lögð á mannvirkjaframkvæmdir sem sköpuðu mikla veltu en heildarfjárfesting í hverju varanlegu starfi í Fjarðaáli nálgast 500 milljónir króna. Sorgarsaga ofþenslu og ruðningsáhrifa verður ekki rakin hér en skýringar á því vali stjórnvalda að svelta þann geira atvinnulífsins sem skapar flest störf og leggja alla áherslu á þann geira sem skapar fæst störf á hvern milljarð má e.t.v. finna í síðustu grein „Atvinnulífið I – vélin sem knýr stóriðjustefnuna“ í Fréttablaðinu 1. desember sl.

Í aðdraganda kosninga 2007 kvað við nýjan tón þegar Samfylkingin lagði fram heildstæða áætlun um eflingu sprotafyrirtækja undir fyrirsögninni „Nýja atvinnulífið“. Á vordögum 2007 voru tillögur Samfylkingarinnar, ásamt tillögum annarra þingflokka, lagðar í dóm frumkvöðla á Hátækni- og sprotaþingi og hlutu þar 1., 2. og 3. verðlaun. Vinna við að hrinda þeim í framkvæmd hófst um leið og Samfylkingin tók við lyklum í iðnaðarráðuneytinu og hefur miðað vel áfram. Daginn fyrir hrunið í fyrra var skrifað undir samning um Hátækni- og sprotavettvang – samstarf fjögurra ráðuneyta og nokkurra samtaka í sprotageiranum um að straumlínulaga umhverfi sprotafyrirtækja og flýta vexti þeirra. Margt hefur áunnist á stuttum tíma en sem dæmi má nefna stofnun Frumtaks, öflugs sjóðs sem fjárfestir í sprotafyrirtækjum, og að frumvarp um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki hefur loks verið lagt fram.

Frumvarpið byggir á áralöngum óskum og ábendingum nýsköpunarfyrirtækja um snjallar leiðir til að efla vöxt atvinnulífsins og fjölga störfum. Á meðan Sjálfstæðisflokkurinn leiddi ríkisstjórn og réð í fjármálaráðuneytinu voru þessar tillögur algerlega hundsaðar. Þegar skipt var um stjórnanda þar breyttist afstaða ráðuneytisins svo um munaði og málið var sett í forgang.

Frumvarpið gengur annars vegar út á endurgreiðslu á hluta af rannsóknar- og þróunarkostnaði og hins vegar út á skattaafslátt til þeirra einstaklinga og fagfjárfesta sem kaupa hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum. Í hvorugu tilviki þarf ríkissjóður að leggja neitt út heldur aðeins að endurgreiða hluta af þeim tekjum sem annars hefðu ekki komið í kassann. Hér er því um svokallað jákvætt tekjustreymi fyrir ríkissjóð að ræða.

Í greinargerð með frumvarpinu er reiknað með að áhrif þess verði strax talsverð en nái hámarki eftir þrjú ár. Þá megi gera ráð fyrir að fjárfesting í nýsköpun tengdri þessum aðgerðum nemi um 10 milljörðum á ári. Algengur fjárfestingarkostnaður við hvert starf í sprotafyrirtæki er á bilinu hálf til ein milljón króna. Ef við gerum ráð fyrir hærri mörkunum til að vera ekki sökuð um óraunsæi og reiknum með að aðeins helmingurinn af fullum áhrifum skili sér á fyrsta árinu má samt sem áður gera ráð fyrir því að um 5.000 ný störf verði til á næsta ári fyrir tilstuðlan þessa mikilvæga frumvarps. Á næstu árum mun þeim enn fjölga.

Það er ástæða til að undirstrika að hér er ekki um þröngan hóp fyrirtækja að ræða heldur styður frumvarpið við nýsköpun í öllum geirum atvinnulífsins. Auk tæknigreinanna eru miklar vonir bundnar við nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði, sjávarútvegi, matvælageiranum og hinum svokölluðu skapandi greinum. Hér er því um að ræða þúsundir nýrra starfa í öllum greinum atvinnulífsins, hringinn í kringum landið, fyrir fólk með alls konar menntun og reynslu.

Þrátt fyrir kreppuna vinnur margt með framleiðslu- og útflutningsgreinum þessi misserin. Nú þarf að draga fram það fjármagn sem til er í landinu og leggja það í arðbær verkefni sem búa til eins mikil verðmæti og eins mörg ný störf og hægt er. Okkur er ekkert að vanbúnaði.

Í næstu grein verður fjallað um nokkra geira „nýja atvinnulífsins“ sem ástæða er til að binda miklar vonir við.

*Höfundur er 1. varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og verkefnisstjóri í Hátækni- og sprotavettvangi.*

# Mikið um eyður

UMRÆÐAN
Guðmundur Magnússon, Helga Guðjónsdóttir og Ólafur Rafnsson skrifa um Lottó

Íslensk getspá hefur verið starfrækt í 23 ár eða frá árinu 1986. Byggir starfsemin á lögum frá Alþingi um rekstur happdrætta. Íslenska þjóðin og Íslensk getspá hafa átt ánægjulega samferð í allan þennan tíma. Eiður Guðnason fyrrverandi alþingismaður ritar grein í Fréttablaðið 2. desember sl. undir heitinu „Lítið eitt um Lottó“. Það er ekki lítið sem fram kemur í grein Eiðs. Greinin ber þess merki að höfundur gengur erinda þeirra sem hafa nokkrum sinnum á undanförnum árum á vettvangi fjölmiðlanna ritað greinar þar sem krafist hefur verið aðgangs að ágóða Íslenskrar getspár. Í grein Eiðs er mikið um eyður og fullyrðingar sem byggðar eru á misskilningi. Í grein sinni rifjar Eiður upp, greinilega ósáttur, tilurð lottósins með lagasetningunni á Alþingi. Þá fullyrðir Eiður að Íslensk getspá sé ein afkastamesta peningamaskína sem gangsett hafi verið á Íslandi. Eiður telur að hagnaðurinn af Lottóinu eigi ekki að fara í að greiða ofurlaun íþróttamanna og byggja mannvirki í miðbæ Reykjavíkur. Í lokin hnykkir greinarhöfundur á áherslu þess að nú þurfi að hugsa málin upp á nýtt. Væntanlega fyrir önnur samtök og hópa. Í tilefni þessara skrifa vilja undirritaðir taka eftirfarandi fram: Eignaraðilar Íslenskrar getspár hafa staðið fyrir og standa fyrir gríðarlega mikilvægri samfélagslegri starfsemi. Öryrkjabandalag Íslands er óumdeildur málsvari öryrkja í landinu en kjör þess hóps eru afar viðkvæm, sérstaklega nú um stundir, og hlutskipti þeirra ekki eftirsóknarvert. Íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin er langstærsta fjöldahreyfing á Íslandi með um 200.000 félagsmenn, stærstu barna- og unglingahreyfingu landsins. Fjármagn frá Íslenskri getspá hefur verið kjölfestan í starfi þessara hreyfinga, starfi fjöldans. Alveg eins og arður af starfsemi Happdrættis Háskólans rennur til uppbyggingar HÍ. Arður af starfsemi Íslandsspila stendur undir starfi Rauða kross Íslands, Landsbjargar og SÁÁ. Arður Happdrættis DAS til Hrafnistu og sjómannasamtaka og arður SÍBS er hornsteinn að starfi Reykjalundar. Allt eru þetta samtök sjálfboðaliða, menningar, grasrótarstarfs og menntunar. Stoðir íslensks samfélags.

Íslenska þjóðin hefur svo sannarlega stutt við bakið á Íslenskri getspá og þar með stutt íþróttahreyfinguna og Öryrkjabandalagið. Tugþúsundir íslendinga hafa fengið vinninga í Lottóinu. Dylgjur Eiðs um ofurlaun íþróttamanna og byggingamál eru ekki svara verðar og dæma sig sjálfar. Íslensk getspá sendir árlega upplýsingar um starfsemi sína til dóms- og mannréttindaráðuneytisins, svo og til Hagstofu Íslands.

Nú þegar árar illa í íslensku þjóðfélagi eftir fáheyrðar efnahagslegar hamfarir og vantraust er mikið í samfélaginu verður okkur tíðrætt um nauðsyn uppgjörs, uppstokkunar og endurreisnar í íslensku samfélagi. Sú uppstokkun og endurreisn má þó aldrei skerða þá mikilvægu og viðkvæmu samfélagslegu starfsemi og tilvist sem fyrir er í fjöldasamtökum á Íslandi.

*Guðmundur Magnússon er formaður Öryrkjabandalags Íslands. Helga Guðjónsdóttir er formaður Ungmennafélags Íslands. Ólafur Rafnsson er forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.*




# Mikilvægur hlekkur í keðjunni

UMRÆÐAN
Fanný Gunnarsdóttir skrifar um dagforeldra


FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Dagforeldrar í Reykjavík bjóða foreldrum yngstu borgaranna upp á raunhæfan valkost, daggæslu í öruggu umhverfi. Margir foreldrar sjá dvöl hjá dagforeldri sem heimilislega og mjúka aðlögun ungbarna að dagvistarkerfi borgarinnar. Það er yfirlýst stefna leikskólaráðs að styrkja og efla dagforeldra í starfi og standa vörð um dagforeldra sem raunhæfan valkost þegar kemur að því að velja dagvistun fyrir yngstu börnin í borginni. Tæplega 170 dagforeldrar starfa í borginni og sinna sínu starfi af kostgæfni, og hjá þeim dvelja tæplega 600 börn. Þeir hafa sótt sérstök námskeið, starfa eftir útgefinni reglugerð frá félagsmálaráðuneyti og hafa viðurkennt starfsleyfi. Sérstakt eftirlit er með störfum dagforeldra í Reykjavík og á það að tryggja sem besta þjónustu og öryggi barnanna. Einnig starfa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar daggæsluráðgjafar sem eru bæði dagforeldrum og foreldrum til aðstoðar og ráðgjafar. Skráning barna hjá dagforeldrum fer jöfnum höndum fram í gegnum daggæsluráðgjafana og beint án milliliða hjá dagforeldrum. Upplýsingar um dagforeldra í Reykjavík er því bæði hægt að nálgast á heimasíðu Leikskólasviðs og á síðu félags dagforeldra sem vistuð er á barnaland.is en margir dagforeldrar halda úti eigin heimasíðu. Stefnt er að því að í framtíðinni verði hægt að skrá og velja dagforeldra í gegnum rafræna Reykjavík á svipaðan hátt og þegar börn eru skráð á leikskóla.

## Mikil ánægja foreldra

Dagforeldrar búa yfir mikilli dýrmætri reynslu af umönnun ungra barna. Foreldrar og ung börn hér í Reykjavík eru heppin að hafa val um mjög færa dagforeldra með langa starfsreynslu. Í reglulegum könnunum sem Leikskólasvið leggur fyrir foreldra barna hjá dagforeldrum kemur fram mikil ánægja með þjónustuna og eru þá sérstaklega nefnd persónuleg tengsl og heimilislegt umhverfi. Í síðustu könnun, sem framkvæmd var haustið 2008, svöruðu yfir 90% foreldranna því til að þau væru mjög eða frekar ánægð með þjónustuna sem dagforeldrarnir veita. Einnig kom fram í könnuninni að flestir foreldrar fengu upplýsingar um dagforeldrið hjá vinum eða fjölskyldu. Gott orðspor dagforeldris gengur því mann frá manni. Í könnun sem lögð var fyrir dagforeldra sumarið 2008 sést að þeir eru ánægðir með þá þjónustu sem leikskólasvið veitir og með það eftirlitskerfi sem er við lýði.

## Breyttar aðstæður

Nú um stundir er ekki hægt að horfa framhjá því að atvinnuástand hefur breyst í borgininni, leikskólar eru nú fullmannaðir og fullnýttir og geta því tekið inn aukinn fjölda yngri barna. Auk þess hafa foreldrar kosið að nýta sér þjónustutrygginguingu sem foreldrum ungra barna hefur staðið til boða. Breytt ástand hefur óneitanlega haft þau áhrif að þeim börnum hefur fækkað sem njóta þjónustu dagforeldra og fækkað hefur í hópi dagforeldra. Því verða dagforeldrar að skerpa ásýnd sína og sérstöðu.

Allt frá upphafi þessa kjörtímabils hefur verið starfandi sérstakur stýrihópur um starfsumhverfi dagforeldra en málefni þeirra falla undir verksvið leikskólaráðs. Í vinnuhópnum eiga m.a. sæti pólitískir fulltrúar tilnefndir af leikskólaráði og fulltrúar dagforeldra, auk starfsfólks frá Leikskólasviði. Unnið hefur verið að gerð samnings eða ramma um störf dagforeldra í borginni sem á bæði að skýra og skerpa starfshætti þeirra og styðja við faglegt starf. Jafnframt er komið til móts við ýmsar óskir dagforeldra hvað varðar starfsumhverfi þeirra. Það er eðlilegt verklag að utan um eins stórt og kostnaðarsamt kerfi og dagforeldrakerfið í Reykjavík er séu formlegar verklagsreglur, en á síðasta ári greiddi borgin rúmlega 400 milljónir í niðurgreiðslur. Nú er borgarlögmaður að yfirfara fyrirliggjandi samning en þegar þeirri vinnu er lokið sér fyrir endann á vinnu hópsins og er það vel. Við gerð væntanlegrar fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar fyrir næsta ár er kappkostað að verja störf dagforeldra og það er trú okkar og von að væntanlegur samningur á milli dagforeldra og borgarinnar verði eitt lóð á þá vogarskál. Reynum að tryggja að þrátt fyrir tímabundnar þrengingar og atvinnuleysi geti dagforeldrar boðið upp á örugga og öfluga þjónustu.

*Höfundur er varaformaður leikskólaráðs og formaður stýrihóps um málefni dagforeldra.*

Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG 2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**

Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**

**Nikon skólinn**

Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

# Opið bréf til karlmanna

**UMRÆÐAN**
Höskuldur Sæmundsson skrifar um kynbundið ofbeldi


HÖSKULDUR SÆMUNDSSON

Kæri bróðir.
Miðvikudaginn 25. nóvember fór ég í göngu. Þetta var góð ganga, bjartsýni, blöðrur og stjörnuljós einkenndu hana en það var annað sem ég staldraði við. Það var sú staðreynd að aðeins örfáir karlmenn tóku þátt í henni. Kannski hefði það ekki skipt öllu máli ef ekki hefði verið um að ræða göngu gegn kynbundnu ofbeldi.

Ég varð hugsi yfir því hversu fáir kynbræður mínir tóku þátt í göngunni. Ekki batnaði það þegar ég var spurður hvað ég væri að gera þarna. Kynbundið ofbeldi virðist nefnilega vera kvennamál og hér er rétt að taka fram að það voru kvenskörungar sem ég met mikils sem spurðu en ekki einhverjir gamlir karlfauskar.

Nýverið héldu Ungir jafnaðarmenn tvo fundi þar sem fjallað var um dapurleg mál, annars vegar um kynbundið ofbeldi og hins vegar mansal. Fundirnir heppnuðust vel sem slíkir en helstu niðurstöður voru svo sláandi að rétt er að birta þær hér:

- Rúmlega 22.000 konur á Íslandi hafa verið beittar alvarlegu kynferðislegu ofbeldi
- Gera má ráð fyrir því að fimmta hver stúlka undir 18 ára aldri sé misnotuð kynferðislega
- Tíundi hver strákur undir 18 ára aldri er misnotaður kynferðislega
- Þriðja hver kona á Íslandi segist hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi
- Götuvændi á Íslandi er að aukast
- Alla vega 59 konur hafa verið fórnarlömb mansals hérlendis skv. rannsóknum og líklega eru þær mun fleiri

22.000 íslenskar konur hafa orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Tuttugu og tvö þúsund. Þetta er auðvitað ekkert annað en faraldur. Og samkvæmt því sem maður heyrir er aðgerðaáætlun, sem unnin var fyrir örfáum árum vegna kynbundins ofbeldis, ekki virk. Kannski er skýringa meðal annars að leita í því viðhorfi sem tekur á móti manni þegar mætt er í göngu á borð við þá sem nefnd var í upphafi þ.e. að kynbundið ofbeldi sé bara kvennamál.

Í langflestum tilfellum eru það karlar sem nauðga. Það er því miður staðreynd og það er þess vegna sem ég geri mér far um að fara yfir götuna þegar ég er einn úti að ganga að kvöldi til og mæti konu sem er líka ein. Hvað þarf að breytast í samfélaginu til þess að konur þurfi ekki að óttast að mæta karlmanni á gangi og ég þurfi ekki að labba yfir götuna? Svarið er auðvitað ekki einfalt en ég vil nefna tvennt sérstaklega í þessu samhengi. Annars vegar að það er ákaflega mikilvægt að stjórnsýslan geri sér samhæfða aðgerðaáætlun um kynbundið ofbeldi á svipaðan hátt og gert var í kringum mansal og hefur sannað gildi sitt nýlega. Og ekki bara útbúa áætlunina, heldur vinna eftir henni. Þá er ekki síður mikilvægt að við karlar sýnum jafn mikinn áhuga á þessum málaflokki og konur og látum ekki þar við sitja heldur sýnum hann líka í verki.

Og þá er komið að kjarna þessa bréfs til þín kæri kynbróðir: Taktu þátt! Sýndu í verki að þér sé ekki sama um þessi mál. 22.000 konur. Þetta eru mæður okkar, dætur, systur, frænkur og vinkonur. Og við þetta bætast líka synir okkar, feður, bræður, frændur og vinir. Þetta er ekki einkamál 50% þjóðarinnar. Þetta er óásættanlegt samfélagsmein.

Bræður, hvar sem við stöndum í pólitík, hvar sem við stöndum í samfélaginu, sýnum að við höfum áhuga á raunverulegu jafnrétti! Þetta er þjóðfélagsmein sem okkur ber siðferðisleg skylda til að uppræta.

Bróðir, taktu þátt. Stöðvum kynbundið ofbeldi!

*Höfundur er varaformaður Ungra jafnaðarmanna.*


ÞAÐ SÉST HVERJAR …




MEISTARAFLOKKUR KVENNA HJÁ FRAM BORÐA ALLTAF Á SAFFRAN Í KÓPAVOGI FYRIR HVERN HANDBOLTALEIK - ENDA STANDA ÞÆR SIG FRÁBÆRLEGA! ÁFRAM STELPUR!

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI KÓP.

Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




# Eitt stærsta viðskiptatækifæri 21. aldarinnar

**UMRÆÐAN**
Birgir M. Guðmundsson skrifar um vistvæna orkugjafa


BIRGIR M. GUÐMUNDSSON

Eitt stærsta viðskiptatækifæri Íslendinga á 21. öldinni er án efa nýting umhverfisvænnar orku í samgöngum. Aukin notkun innlendrar orku í samgöngum getur fært þjóðarbúinu gríðarleg verðmæti. Tækifærin eru til staðar og ekki skortir á yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda en verkin, uppskeran lætur standa á sér. Ráðamenn á Íslandi þurfa að láta verkin tala, draga vagninn og stuðla að eftirspurn. Betur má ef duga skal!

Nú er kreppa á Íslandi og styrking krónunnar og aukinn hagvöxtur mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Menn tala um að lausnin sé t.a.m. fólgin í nýsköpun, sjálfbærni og að spara þurfi erlendan gjaldeyri. Nýting íslenskrar umhverfisvænnar orku í samgöngum felur allt þetta í sér. Spurningin er hins vegar sú, hvaða orka er helst til þess fallin að koma í stað bensíns og olíu? Hvaða orkugjafi er þjóðhagslega hagkvæmastur við núverandi aðstæður? Svarið er klárlega ekki innflutningur á meira bensíni og olíu í skiptum fyrir dýran gjaldeyri.

Síðastliðna tvo áratugi hefur vetni verið vinsælt í umræðunni og ófá kokkteilboðin verið haldin í því til heiðurs, en uppskeran talar sínu máli. Nú heyrist minna rætt um vetni og orðið vinsælla að tala um rafmagnsbíla í kokkteilboðunum. En er rafmagn raunveruleg lausn í samgöngum í dag? Hvað um metan? Metan hefur ekki átt marga stuðningsmenn, þykir kannski ekki eins spennandi umræðuefni í fínu kokkteilboðunum. Hins vegar er sú staðreynd á borðinu að á annað hundrað metanbílar, af öllum stærðum og gerðum, aka daglega um götur Reykjavíkur og hafa gert á annan áratug. Metan er málið!

Tækni rafmagnsbíla hefur svo sannarlega verið að sækja á og rafmagnsbílar munu klárlega koma sterkir inn á næstu árum eða áratugum, en hvíum við efni á því að bíða eftir því? Metanbílar eru hér, fólksbílar, sendibílar, strætisvagnar og trukkar (www.metan.is). Þeir falla inn í fjöldann og fáir verða þeirra varir. Sýnt hefur verið fram á að metan má framleiða í nægu magni í öllum sveitarfélögum landsins og þannig skapa tekjur fyrir sveitarfélögin. Metanbílar keppa ekki við fyrirtækin um orkuna og hljóta því að skoðast sem eitt stærsta viðskiptatækifæri Íslendinga á 21. öldinni. Þannig má nýta metan til að brúa bilið á milli þess að nota jarðefnaeldsneyti í samgöngum þar til að rafmagn verður raunverulega samkeppnishæft. Með réttu má halda því fram að bensín sé fortíðin, metan sé nútíðin og rafmagn sé framtíðin.

*Höfundur er viðskiptafræðingur og áhugamaður um vistvænar samgöngur.*

# Svar óskast við 23 spurningum

**UMRÆÐAN**
Ingi Bogi Bogason skrifar um þjóðkirkjuna


INGI BOGI BOGASON

Átta guðfræðingar spyrja í grein í Fréttablaðinu 3. desember: Hvert viljum við fara? Hafi þeir þökk fyrir það. Í kjölfarið fylgja 23 spurningar sem staðfesta hve ráðvillan og ráðleysið er átakanlegt – ekki greinarhöfundanna heldur okkar allra. Allar skipta þessar spurningar okkur miklu máli.

Um þessar mundir er einblínt á efnahagslega þætti hrunsins, sem von er. En það var ekki aðeins tiltekin efnahagsskipan sem hrundi haustið 2008 heldur sjálfsmynd okkar í öllum skilningi. Heimóttaháttur og umkomuleysi virðast nú hafa tekið við belgingi og sjálfbirgingshætti fyrir hrun. Menn gleymdu, viljandi eða óviljandi, boðorðunum tíu og fornum dyggðum. Sumir bera meiri ábyrgð en aðrir. Sumir lugu, aðrir stálu. Við horfðum hins vegar allt of mörg skilnings- og athafnalaus á. Biedermann leynist víða …

En aftur að spurningum guðfræðinganna. Hvernig á að svara þeim og hver? Óhjákvæmilegt er að kalla á sviðið þann sem hefur stóru hlutverki að gegna: íslensku þjóðkirkjuna. Hún virðist standa á hliðarlínunni eins og hún sé ekki alveg viss um hlutverk sitt. Hún ber ekki ábyrgð á því hvernig fyrir okkur er komið. En þjóðkirkjan má vita að hún hefur hlutverki að gegna. Hennar er ekki bara að spyrja spurninga. Hennar er líka að benda á leiðir að verðugum markmiðum og gera okkur kleift að feta þessar leiðir. Hennar ábyrgð felst í að grípa til aðgerða sem leiða okkur áfram og upp!

Þjóðkirkjan hefur vel efni á því að tala og miklu fremur efni á að leiða góð verk. Í kirkjum landsins er unnið mikið andlegt uppbyggingarstarf sem fer hljótt, kannski of hljótt. Sálgæsla og aðstoð við nauðstadda fer eðli málsins samkvæmt ekki hátt. Fjölbreytt æskulýðs- og fjölskyldustarf kirkjunnar er þjóðinni mikilvægt, ekki síst nú. Ef fleiri hefðu hlustað á siða- og réttlætisboðskap hennar væri kannski ekki eins illa komið fyrir okkur.

Það er hárrétt hjá greinarhöfundum að siðræn bylting þarf að eiga sér stað víða. En einhver þarf að leiða hana, setja henni markmið og vinna henni áætlun. Enginn hefur sterkara umboð til þess og enginn er færari eða bærari til þess en íslenska þjóðkirkjan.

Ég óska eftir nýrri grein frá guðfræðingunum átta með uppástungu um markmiðssetta áætlun um siðræna umbreytingu á Íslandi.

Jafnframt óska ég þess sem leikmaður að þjóðkirkjan leggi fram aðgerðaáætlun um nýja siðbót. Skapa þarf þjóðinni nýjan sáttmála við sjálfa sig.

*Höfundur er í þjóðkirkjunni.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Eirberg



**Rafknúnir** hægindastólar

- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25




;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

Sölufulltrúi:
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is
sími 512 5473



„Ég var svolítið latur í sumar en er að rífa mig af stað og hef verið að bæta mig," segir séra Gunnar Sigurjónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lyftingar göfga andann

**Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur við Digraneskirkju í Kópavogi, hefur stundað kraftlyftingar um nokkra hríð og segir leitun að íþróttagrein þar sem jafn mikið er lagt upp úr liðsheild og félagsanda.**

Þegar blaðamaður náði tali af séra Gunnari var hann á leiðinni á bekkpressumót lögreglumanna en gaf sér tíma til að svara nokkrum spurningum. Því lá fyrst beint við að spyrja hvaða erindi sérann ætti á samkomuna. „Ég hef verið gestakeppandi á mótunum," svarar hann hress í bragði. Tekur fram að þar sem hann sé í aukahlutverki sýni hann keppendunum fyllstu virðingu með því að fara aldrei lengra en að jafna efsta mann. „Síðast þurfti ég að fara upp í 150 kíló og þurfti að hafa svolítið fyrir því," segir hann og hlær.

Gunnar starfar sem kunnugt er sem sóknarprestur við Digraneskirkju og hefur margsinnis lent í kastljósi fjölmiðla vegna áhuga síns á lyftingum. Frægt er þegar hann hreppti titilinn sterkasti prestur heims 2004. „Ég sigraði í keppni sem var haldin fyrir tilstuðlan Ante Ledic, prests í Bosníu og þáverandi methafa. Hann hafði unnið mikið með stríðshrjáðum og skoraði á presta í aflraunakeppni í þeim tilgangi að brúa bilið milli múslima og kristinna," minnist Gunnar, sem álítur sjálfur að kraftlyftingar göfgi andann.

„Þær eru í mínum huga sú íþróttagrein sem skapar hvað mesta liðsheild og félagsanda, því enda þótt þetta sé einstaklingsíþrótt standa keppendurnir saman og hvetja hver annan áfram," útskýrir hann. „Menn vita að félagarnir eru mættir þarna til að bæta eigið met og vilja sjá að þeim takist það ætlunarverk. Þarna upplifi ég að menn eru bræður í leik," segir hann og bætir við að þessi íþróttagrein henti að auki vel mönnum á sínum aldri. „Þetta er miklu skemmtilegra en göngutúrar og svo er minna um slys en í hópíþróttum."

Sjálfur fór Gunnar að iðka kraftlyftingar samkvæmt læknisráði. „Ég er með fæðingargalla í hrygg og var uppálagt að styrkja mjóbakið til að geta gengið uppréttur. Ég fór því að styrkja mig með lyftingunum og fékk um leið brennandi áhuga á þeim." Hann segir áhugann síður en svo dvína með árunum og stefnir á frekari þátttöku í mótum. „Ég var svolítið latur í sumar en er að rífa mig af stað og hef verið að bæta mig."

*roald@frettabladid.is*



ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

20% AFSLÁTTUR af völdum stærðum af MICHELIN

Mundu eftir að finna **besta verðið** áður en þú kaupir þér dekk



15% AFSLÁTTUR

JEPPADEKK - HEILSÁRSDEKK - NAGLADEKK

BÍLKÓ

BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110 Þjónustumiðstöð bílsins

**JÓLAHAPPDRÆTTI KRABBAMEINSFÉLAGSINS** er ein helsta fjáröflunarleið samtakanna hér á landi. Konur hafa fengið heimsenda happdrættismiða en miðar eru einnig til sölu á skrifstofu Krabbameinsfélagsins. Dregið verður á aðfangadag.









# Engar áhyggjur af því að takast ekki ætlunarverkið

**Styrktarfélagið Líf var stofnað í gær. Því er ætlað að bæta aðbúnað kvenna á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu. Fyrsta verkefnið verður að safna áttatíu milljónum króna til að ljúka endurnýjun húsnæðis.**


Eva Ásrún Albertsdóttir fer ásamt Hildi Harðardóttur fyrir Styrktarfélaginu Líf sem stofnað var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hanna Antoníusdóttir ljósmóðir sem vann hér í húsinu í fjörutíu ár á frumkvæðið að stofnun þessa félags,“ segir Eva Ásrún Albertsdóttir ljósmóðir en hún fer ásamt Hildi Harðardóttur yfirlækni fyrir hópi fólks sem í gær stofnaði styrktarfélagið Líf. „Í júní hittist hópur fólks til að ræða um það sem betur mætti fara. Þá vöknuðu margar hugmyndir. Ég tók síðan við boltanum um miðjan nóvember og dreif þetta áfram ásamt Hildi,“ segir Eva Ásrún en þær hafa fengið til liðs við sig fjölda fólks. „Þetta er frábær og breiður hópur sem samanstendur af fólki víðs vegar að úr þjóðfélaginu,“ segir hún og tekur fram að Stefán Hilmarsson söngvari sé verndari félagsins.

En hver er tilgangur félagsins? „Hann er að bæta aðbúnað og þjónustu við konur og fjölskyldur þeirra á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu, sem og konur sem þurfa umönnun vegna kvensjúkdóma,“ segir Eva Ásrún. Fyrsta verkefni nýja félagsins verður því að safna áttatíu milljónum króna til að hægt verði að klára breytingar á meðgöngu- og sængurkvennagangi, sem Eva Ásrún telur afar brýnt. „Við erum í húsi sem var byggt árið 1973 og mjög margt hefur aldrei verið endurnýjað. Gangurinn var endurnýjaður til hálfs í sumar en þá voru peningarnir búnir. Enn á eftir að klára 400 fermetra en þar af eru 110 fermetrar sem nýtast ekkert í dag, en það er gamla vökudeildarhúsnæðið. Fjölskyldan þarf að vera saman á þessari mikilvægu stund í lífinu, að ég tali nú ekki um þegar eitthvað bregður út af.“

Það er ekki lítið verk sem ráðast þarf í. Laga þarf allar lagnir, raflagnir, vatnslagnir og skólplagnir. Setja þarf upp loftræstikerfi því í dag eru opnir gluggar eina loftræstingin sem er í boði. „Þá þarf að breyta stofunum. Stefnt er að því að vera með þrettán einbýli á deildinni og fjögur tvíbýli. Snyrting þarf að vera á hverju herbergi, sem er dýr aðgerð,“ útskýrir hún.

En verður ekkert mál að safna svona miklum peningum? „Ég persónulega hef ekki áhyggjur af því að okkur takist ekki ætlunarverkið, spurningin er aðeins hversu langan tíma það mun taka. Ég minni á að félagið er bæði fyrir konur og karla; þetta málefni snertir allar fjölskyldur á landinu og það eru ótrúlega margir velunnarar kvennadeildar úti um allt sem hafa ekki haft vettvang til þess að styrkja deildina,“ segir hún en nú hefur verið gerð bragarbót á því.

Eva Ásrún og félagar hennar í Líf hafa ýmsar hugmyndir að fjáröflun. Hún stefnir sjálf á einhvers konar landssöfnun en þeir sem vilja styrkja framtakið geta gert það í gegnum vefsíðu félagsins www.styrktarfelagidlif.is og hægt er að senda póst á styrktarfelagidlif@gmail.com.

*solveig@frettabladid.is*







Börn úr Fellaskóla opnuðu nýja vefinn formlega. MYND/LÝÐHEILSUSTÖÐ

# Opnuðu heilsuvef

**Nýr heilsuvefur, www.6h.is, var opnaður á dögunum.**

Nýlega var opnaður heilsuvefurinn 6h.is, sem er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lýðheilsustöðvar, Landspítalans og Landlæknisembættisins. Nafnið á vefnum vísar til fræðsluefnisins 6 H heilsunnar sem er fróðleikur frá fagfólki fyrir börn, unglinga og foreldra. H-in sex standa fyrir hugtökin hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti. Sjöunda hugtakið, sem er kynþroski, hefur síðan skírskotun til tölustafsins 6. Að lokum eru slysavarnir og neytendaheilsa efnisflokkar sem ganga þvert á efnisflokkana sjö.

Markmiðið með vefsíðunni er að börn, unglingar og foreldrar hafi auðveldan aðgang að upplýsingum frá fagfólki um heilsu.

# jólagjöfin hans

ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER 2009




NORDICPHOTOS/GETTY




Eirberg

Heilsusamlegar jólagjafir



Nálastungudýnan
• Eykur orkuflæði og vellíðan
• Er slakandi og bætir svefn



Bakteygjubrettið
• Eykur sveigjanleika
• Linar bakverki



Stuðningshlífar
• Einstök hönnun og gæði
• Bak, úlnliðs, ökkla- og hnéhlífar



Swopper vinnustóllinn
• Góður fyrir bak og axlir
• Styrkir magavöðvana



Airfree lofthreinsitækið
• Betra loft - betri líðan!
• Eyðir örverum og ryki

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Opið virka daga frá kl. 9 - 18
og laugardaga til jóla kl. 11-16





**● SERÍUR Í SÉRFLOKKI**
Hugmynd að prýðisgjöf fyrir þá sem hafa gaman af góðu sjónvarpsefni er vel valið DVD-safn sem inniheldur uppáhaldssjónvarpsþætti, eða jafnvel þætti eða bíómyndir sem gætu höfðað til þess sem gjöfin er ætluð.

Úrvalið er nægt, allt frá gamanþáttum á borð við Friends og dramaþáttum eins og Tudors til rómantískra þátta eins og Grey's Anatomy . Sumt sjónvarpsefni þykir karlmannlegra en annað. Sem dæmi um DVD-söfn sem anga af karlmennsku eru James Bond, Sopranos, Lost og 24.



# Sameinar tækni og fróðleik

Bækur, tæki og tól falla oftast í kramið hjá karlpeningnum og ætti tölvubókin Amazon Kindle því að vera skotheld gjöf. Hún var lengst af einungis framleidd fyrir Bandaríkjamarkað en er nú til í alþjóðlegri útgáfu. Í tölvubókinni, sem er léttari en meðal bréfpoki, er hægt að leita á meðal hundrað þúsund bóka-, dagblaða- og tímaritatitla, festa kaup á bók og fá hana senda á innan við mínútu. Þá er hægt að gerast áskrifandi að fjölmörgum dagblöðum og tímaritum og stilla áskriftina þannig að blöðin hafi ávallt borist áður en risið er úr rekkju.

Tölvubókin er með öllu þráðlaus og getur geymt allt að tvö hundruð titla en með því að bæta við SD-minniskorti getur hún vistað yfir þúsund. Batteríhleðslan endist í marga daga og fylgir ókeypis aðgangur að Wikipediu. Textinn í tölvubókinni er jafn auðlesinn og ef um prentletur væri að ræða, auk þess sem skjárinn er þannig úr garði gerður að ekki glampar á textann í sól. Í gegnum Kindle er einnig hægt að nálgast hljóðbækur en nánari upplýsingar er að finna á www.amazon.com. *- ve*



**Amazon Kindle er léttari en meðalbréfpoki.**



**Pétur Jónsson, eða Don Pedro, er óður tækjadellumaður eins og sést á stúdíóinu hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Fótboltaspilið 11 er dálítið 2007 en án efa afar skemmtilegt.**



**Moog Voyager Electric Blue.**

# Öldur, moog og plötuklór

**Forfallnir tækjafíklar eru ört stækkandi þjóðfélagshópur. Fréttablaðið spurði tvo slíka hvaða græjur væru efstar á óskalistanum þeirra fyrir jólin.**

„Maðurinn getur alltaf á sig tækjum bætt, og sá sem deyr frá flestum tökkum vinnur," segir Pétur Jónsson, tónlistarframleiðandi og upptökustjóri hjá Medialux, sem einnig gengur undir nafninu Don Pedro. Pétur er haldinn tækjadellu á keppnisstigi, að eigin sögn, og nær hún til hljóðfæra, stúdíótækja og hljóðnema, gamalla myndavéla, úra og nánast allra vélknúinna ökutækja.

Pétur óskar sér Canon Powershot G11 myndavélar í jólasokkinn. „Ég er svo heppinn að eiga afskaplega fallega fjölskyldu, og mig dauðlangar í handhæga stafræna myndavél til þess að taka með hvert á land sem er, sem tekur flottar myndir á RAW-formati. Canon G11 er mjög ljósnæm og með flassi sem lætur ekki fallegu börnin mín líta út fyrir að vera sturlaðir vampíruppvakningar."

Ekki þarf að koma á óvart að hljóðfæri sé á óskalista Péturs. Þar er um að ræða Moog Voyager Electric Blue, sem Pétur kallar konung analoghljóðgervlanna. „Stúdíóið mitt langar rosalega í þennan í safnið. Þetta er nýleg útgáfa með ótrúlega fallegum bláum ljósum sem láta viðskiptavini gapa í forundran og hrifningu, og þetta litla tæki gefur frá sér óhljóð sem skekja mjaðmir um víða veröld," segir Pétur.



**Haraldur Ingi Þorleifsson gæti hugsað sér að skratsa yfir hátíðarnar.**

Að endingu nefnir Pétur forláta ölduvél sem óskajólagjöf. „Ég finn hjá mér æ sterkari þörf til að hafa stóra ölduvél á vinnuborðinu mínu, sem vaggast í rólegheitunum og myndar fallegar og slakandi öldur. Ég held að þetta sé mjög vinsælt hjá forstjórum þýskra vogunarsjóða," segir hann.

„Allir sem hafa hlustað á Beastie Boys vita að hvítir strákar geta líka skratsað," segir Haraldur Þorleifsson, nemi og græjuáhugamaður með meiru. Tölvuleikurinn DJ Hero, frá sömu framleiðendum og bera ábyrgð á hinum geysivinsæla leik Guitar Hero, er efstur á jólagjafaóskalista Haraldar. Í leiknum bregða þátttakendur sér í gervi plötusnúðs sem getur sýnt plötuklórslistir sínar í „yfir 102 lögum," eins og segir á heimasíðu leiksins. „Ef ég væri svalur myndi ég segja „Drop the Guitar Zero and get with the DJ Hero"," segir Haraldur.

Hann hefur einnig augastað á sér- og handsmíðuðu fótboltaspili, eða foosball-borði, sem ber nafnið 11 og kostar um eina og hálfa milljón króna. Þá nefnir hann að sjónaukinn Halastjörnuveiðarinn (The David H. Levy Comet Hunter) gæti komið sér vel. „Alla alvöru tækjagaura dreymir um risastóran ílangan hlut sem þeir geta notað til að beina í áttina að stjörnum. Þessi kíkir kemur þér djúpt inn í svartholið," segir Haraldur. *- kg*








# BT

## Jólagjöfin fyrir hann

OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í BT SKEIFUNNI

### MIRAI 32" HDMI

DTL-832E600

| | |
|---|---|
| Stærð | 32" |
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Sóknartími | 6.5 ms |
| Kontrast | 6000 : 1 Dynamic |
| Birta | 500 cd/m² |
| Stafrænn móttakari | DVB-T, |
| Tengi | VGA, 2x scart tengi, HDMI, component, audio out |
| Hátalarar | 10W x 2 |

ótrúlegt verð

32"

99.999

### CANON 1000D

+18-55mm linsa

109.999

8GB háhraða minniskort fylgir

10.1 megapixla CMOS sensor
- Sjö punkta sjálfvirkt fókuskerfi.
Innbyggt rykhreinsikerfi frá Canon
2.5" skarpur LCD skjár með
Live View Mode
DIGIC III örgjörvi frá Canon
Tekur myndir á SD/SDHC minniskort
er samhæfð við yfir 60 EF & EF-S linsur

DJ Hero 22.499 PS3

PES 2010 10.999 PS3

### COBY MP4 SPILARI MEÐ ÚTVARPI

MP705

MP4 spilari með 2" TFT LCD skjá
FM útvarp
styður helstu hljóð og video staðla
USB2

16.999 8GB

Assassin's Creed II 9.999 PS3

Modern Warfare 2 9.499 PC

### NINTENDO WII

LIMITED EDITION

Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í nýrri útfærslu.

54.999

Nú er það svart

Sports Resort og Motion Plus fylgir svartri Wii

### SONY PS3

120 GB

69.999

FIFA 10 fylgir

11.499

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Erna Björk Sigurgeirsdóttir, viðskiptafræðingur og sambýliskona Valgeirs, valdi á hann alklæðnað úr versluninni Kultur Menn. Skórnir eru úr smiðju Paul Smith, peysan frá Matinque, buxurnar frá Tiger og jakkinn frá Private Label. Erna þekkir augljóslega smekk síns manns, sem vill látlausan fatnað og forðast sterka liti. Valgeir var því að vonum ánægður með útkomuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi og sambýliskona Freys, valdi á hann fatnað úr versluninni Andersen & Lauth. „Mér finnst hann flottur í James Bond stíl og hafði það til hliðsjónar þegar ég valdi fatnaðinn, sem er hannaður undir merkjum Andersen & Lauth," segir Anna og bætir við að bindið og jakkinn hafi fengið að ráða ferðinni. Þess má geta að svo vel líkaði Frey útkoman að hann keypti fatnaðinn.

# Afslappað eða uppstrílað

**Mjúkir pakkar eru vísir með að hitta í mark en þó er gullna reglan sú að þekkja vel smekk viðkomandi áður en fest eru kaup á gjöfinni. Fréttablaðið fékk tvö pör til að fara í verslunarleiðangur, þar sem dömurnar fengu fyrst að klæða herrana upp og svo fundu herrarnir á sig fatnað að eigin vali. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum geta pör haft ólíkar hugmyndir um hvað klæðir herrann best.**



Freyr Eyjólfsson fréttamaður segist ekki hafa neinn fastmótaðan smekk, helst ráðist stílinn af tilefninu hverju sinni. Við þetta tilefni valdi hann sér föt í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, þar með talið gamlan breskan lífvarðafrakka, pípuhatt og svartan staf. „Mér finnst þetta bara rosalega jólaleg föt," segir Freyr. „Tignarlegt, hugsaði ég líka með mér, þótt ég líkist sjálfsagt Jóakim aðalönd, svona eftir á að hyggja," segir hann hlæjandi og bætir við að aðeins hafi tekið hann fimm mínútur að velja gallann meðan hans heittelskaða þurfti heilar 45 mínútur til þess.




Valgeir Örn Ragnarsson blaðamaður var ekkert að flækja hlutina þegar hann valdi á sig föt. Manchester United treyja í Útilífi varð fyrir valinu. „Áður en við Erna konan mín byrjuðum saman keypti ég árlega svona treyju, en það var áður en hún kenndi mér betur á tískuna," segir Valgeir og bætir við að fótboltatreyjur séu ekki bara flottar heldur þægilegar.

HEITAR LAUGAR




Glæsileg bók um eitt helsta undrið í náttúru Íslands.

Fjallað er um á annað hundrað laugar um allt land, náttúrulaugar og manngerðar laugar.

Nauðsynleg handbók fyrir alla sem ferðast um Ísland.

★★★★

SKRUDDA

**ÓVISSUTÍMI FYRIR ÁSTFANGNA** Rómantískur óvissutími er frábær jólagjöf fyrir hinn heittelskaða, hvort sem sambandið er nýhafið eða hjónabandið hefur enst í fjörutíu ár. Það er að sjálfsögðu val hverrar og einnar hversu löngum óvissutíma hún vill eyða með sínum heittelskaða en sex tímar eru nú lágmark og sólarhringur eða heil rómantísk helgi frábært. Þá er bara að nota hugmyndaflugið, það þarf hvorki að vera dýrt né umfangsmikið. Ástina er þó fallegast að sýna í verki með því að taka mið af því sem honum finnst gaman, hvort sem það er fótbolti, golf, sagnfræði eða myndlist. Það er svo aldrei að vita nema áhugi vakni á áhugamálum hins heittelskaða ef hún hefur ekki áhugann fyrir, fari hún að kynna sér þau með opnum huga. Sameiginleg áhugamál fá ástina til að blómstra.

*- uhj*



# HÚMOR OG STÍLSNILLD

Sagan er umfram allt bráðskemmtileg og afbragðsgóð heimild um horfinn tíma ... saga með spriklandi lífi ...

*– Ágúst Borgþór Sverrisson, Pressan.is*

Frásögn Ólafs er öll einkar viðfelldin og skemmtileg aflestrar. Hann á auðvelt með að sjá spaugilegar hliðar mannlífsins, tekur flestu með hæfilegri alvöru og gerir ekki síður grín að sjálfum sér en öðrum. ... Þetta er vel skrifuð bók og læsileg og ekki að efa að margir munu hafa af henni gott gaman.

*– Jón Þ. Þór, DV*

Ólafur er leiftrandi höfundur þegar hann er bestur. ... Það er heiður himinn yfir frásögninni allri, væntumþykja og ekkert væl.

*– Páll B. Baldvinsson, Fréttabl. 6. nóv.*







Við lestur „Kvosarinnar" er eins og maður sé að gera hið ómögulega: að finna bloggsíðu sem skrifuð hefur verið á árunum 1980-82. Fann Flosi upp bloggið? Hann fann allavega upp áramótaskaupið! Blessuð sé minning þessa mikla snillings!

*– Bergur Ebbi Benediktsson, Midjan.is*

Alvaran verður fljótt leiðinleg ef hún er ekki krydduð með dálitlum húmor. Og gaman verður sömuleiðis leiðigjarnt ef það skýtur engri rót í alvöru lífsins. Mér þykir þessi bók skemmtilegust fyrir þá sök að hér er hvorutveggja blandað saman.

*– Erlendur Jónsson, Mbl.*

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

**● YLJANDI GJÖF** Vönduð pressukanna, góður kaffipakki og tveir krúttlegir bollar er vinargjöf sem getur sannarlega komið sér vel og verið grundvöllur að notalegum og uppbyggilegum stundum fyrir viðtakandann. Ekki spillir ef súkkulaði er látið fylgja með.

Espresso-kanna sem hituð er á eldavél eða stungið er í samband við rafmagn gerir auðvitað sama gagn. Valið er algerlega frjálst af hálfu gefandans og úrvalið af bollum er slíkt í búðum að þar finnur hann pottþétt einhverja sem fellur fyrir.





Það er áfangi fyrir hvern áhugakokk að gera sitt fyrsta Crème brûlée. Brennarinn og fjögur form fást í Byggt og búið og kosta 5.990 krónur.




Svart eða appelsínugult salt frá Hawaii. Svarta saltið kostar 2.250 krónur en það appelsínugula 1.950 krónur. Fæst í Búrinu, Nóatúni.




Helga Sigurðardóttir – Matur og drykkur er grunnrit íslenskrar matargerðar.



Íslenskir lerkisveppir eru sannkölluð sælkerafæða. Fást í Búrinu og kosta 1.640 krónur.



Íslenskur leirpottur, frábær til hægeldunar á hverju sem er. Fæst í Kokku og kostar 25.900 krónur.



Matgæðingurinn fær aldrei nóg af efnivið í sköpun sína.




Unaðslegar og framandi hnetuolíur úr Búrinu. Þrjár í pakka kosta 2.950 krónur.





**● DAÐRAÐ VIÐ LISTAGYÐJUNA** Ef listamaður leynist innra með manninum þínum er tilvalið að gefa honum eitthvað sem leysir sköpunarkraftana úr læðingi. Blýantar og skissublokk, olíulitir, strigi, trönur, leir og tiltæk áhöld ættu að hitta beint í mark. Svo er í boði fjöldi sniðugra námskeiða í hinum ýmsu listgreinum fyrir byrjendur og lengra komna sem ættu að gleðja þinn heittelskaða, bæði á vegum einstaklinga sem og helstu listaskóla landsins. Það er ágætt að fara á Netið og kynna sér úrvalið.




# Leiðin að hjarta matgæðingsins

**Matmaðurinn í lífi þínu elskar þig ef þú gefur honum eitthvað í jólagjöf sem þjónar ástríðum hans.**

Þú vilt vera réttu megin við matgæðinginn. Hann býður nefnilega oft í mat og eldar alveg dásamlega rétti sem hann ýmist tók úr einhverri stórkostlegri matreiðslubók eins og Silfurskeiðinni, stal frá Jóa Fel í sjónvarpinu og betrumbætti „a la moi“ með trufflusveppum og koníaki, eða hreinlega sauð sjálfur saman úr úrvalshráefni, kryddum og hugmyndaflugi.

Besta gjöfin, bæði frá þínum bæjardyrum og hans, er að viðhalda þessari ástríðu með því að gefa honum eitthvað sem vekur nýjar og áður ókannaðar bragðlendur í munni þessa lífsnautnamanns. Framandi krydd, úrval af framandi salti og óvenjulegar olíur renna ljúflega inn í hjarta matgæðingsins í lífi þínu.

Matargerðaráhöld eru líka vel þegin. Íslenski leirpotturinn sem gerir himneskar kássur úr öllu mögulegu hráefni býður upp á endalausar samsetningar og möguleika og fallegt mortél er hagnýt heimilisprýði.

Margir setja spurningarmerki við að gefa hnífa enda telja sumir það boða ógæfu en hægt er að bægja öllu slíku frá sér með því að gefa viðkomandi krónu um leið og þú afhendir pakkann og taka hana svo af honum aftur, án útskýringa. Þá hefurðu strangt til tekið ekki gefið honum hnífinn heldur selt hann og því fylgir engin ógæfa.

Áhöld til eftirréttagerðar slá líka í gegn, ísvélar og brennarar til að gera hinn vandasama eftirrétt Crème brûlée eiga eftir að gleðja þig ekki síður en hann á komandi árum.

Svo má auðvitað ekki gleyma matreiðslubókunum. Bækur Nönnu Rögnvaldardóttur eru nauðsynleg eign hverjum matgæðingi og ekki má gleyma undirstöðu íslenskrar eldamennsku, Matreiðslubók Helgu Sig sem er nýkomin aftur á markaðinn. Þú getur sem best gefið þér leið að hjarta matgæðingsins og þannig tryggt þér gott í gogginn allt næsta ár. -bb

**● AÐ METAST UM TAPPATOGARA** Áhugi á góðum vínum hefur aukist gríðarlega hér á landi á síðustu árum, ekki síst meðal karlmanna. Smökkun og samanburður ólíkra vína er að verða að áhugamáli margra, sem og það hvers konar vín hentar með hvaða mat. Jólagjöfin hans í ár gæti því verið falleg tæki og tól, jafnvel hönnun sem hæfir þessu áhugamáli. Það er sama hvert áhugamálið er, að eiga bestu græjurnar, jafnvel þótt það sé bara tappatogari, fullkomnar nautnina sem viðkomandi fær út úr áhugamálinu. Karlmenn hafa alltaf nett gaman af því að metast.





**Veðrið getur verið óútreiknanlegt á Íslandi á veturna. Eitt er þó víst, það verður kalt.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

● **SÉRVALDAR HÚFUR OG HANSKAR** Í desember er veðrið óútreiknanlegt og reyndar alveg fram í mars. Það sem við Frónbúar vitum er að það verður kalt, hvort sem það verður snjór, slydda, rigning eða frost. Hver vill að ástinni sinni verði kalt við slíkar aðstæður? Ekki einni einustu konu! Þær vilja allar verja sinn mann kuldanum, helst sjálfar, en vitaskuld geta þær ekki öllum stundum verið til staðar til þess að hlýja ástinni sinni. Konum er samt ekki sama hvernig ástin þeirra er til fara í þeim veðurham sem guðunum hugnast að senda okkur hverju sinni. Það verður að vera smart, engir leppar af pabba duga. Í jólapakkann er því tilvalið að setja sérvaldan sixpensara eða derhúfu og fallega leðurhanska. Þá getur parið spókað sig hönd í hönd hvar sem er eftir jólin í hvaða veðri sem er.



● **LÝSANDI GJÖF** Góður lampi af einhverju tagi, annað hvort á borð eða gólf, er gjöf sem lýsir og ljómar. Hún hentar líka hverjum sem er, því allir þurfa á birtu að halda í lífinu. Þegar litið er í bók getur verið nauðsynlegt að bregða upp ljósi og handlagnir hafa sterk not af hvers kyns lömpum er þeir nostra við sín áhugamál.

Hvarvetna í ljósabúðum eru eigulegir lampar og auðvelt ætti að vera að hitta á einhvern sem hentar viðtakandanum.





● **Á PERSÓNULEGU NÓTUNUM** Þau eru áreiðanlega orðin fá ástarbréfin sem fara á milli fólks eftir að nútímatæknin hóf innreið sína. Fallegt ástarbréf er gjöf sem er sérstök, persónuleg og ódýr. Finnið fallegt bréfsefnið og skrifið bréf til ykkar heittelskaða beint frá hjartanu með fallegum sjálfblekungi eða penna. Þá er virkilega voldugt að innsigla bréfin eins og gert var við mikilvæg bréf í gamla daga en áhöld til þess má fá í flestum ritfangaverslunum. Einnig geta konur sett á sig rauðan varalit og einfaldlega innsiglað bréfið með kossi. Vel skrifað ástarbréf er gjöf sem aldrei gleymist og má endurnýja kynnin við aftur og aftur, sérstaklega þegar í hversdagsleikanum gleymist oft að hlúa að rómantíkinni í sambandinu. Þá má finna aftur hlýja strauma í hjartanu og minnast góðra stunda og hlúa að ástinni. Og jafnvel skrifa annað bréf.



**Ástarbréf er persónuleg gjöf sem gleður.**




# Gjafir sem henta öllum

Undir 3.000,-



2.450,-

Undir 5.000,-



3.650,-

Undir 10.000,-



8.900,-

» Í vefversluninni okkar, kokka.is, getur þú skoðað og keypt gjafir fyrir alla – hvort sem þeir eru nýbyrjaðir að búa eða eiga allt. Gjafirnar eru flokkaðar eftir þema og verði og einnig er hægt að kaupa gjafabréf. Ef þú átt góðan sófa er upplagt að nota hann til að kaupa jólagjafirnar!
www.kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA




Mikilvægt er að vera vel búinn ætli maður af stað í leiðangur um fjöll og firnindi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gleddu útivistargarpinn

**Útivistarmenn getur vanhagað um ýmislegt sem hæglega má gefa í jólagjöf. Til þess að komast að því hvað göngugarpinn, sæfarann, vélsleðamanninn eða skíðakappann vantar getur verið heillaráð að byrja á að grennslast fyrir um það hjá ferðafélögum eða maka viðkomandi. Eftirtaldar hugmyndir ættu einnig að koma að góðum notum.**

Handhægur sjónauki getur gert ferðir um land og sjó skemmtilegri. Hann má nota til að gaumgæfa betur dýraríkið, eins og fugla og refi í návígi, eða athuga hvaða leiðir liggja fram undan í fjallgöngu.

Þeim sem umhugað er um öryggi útivistarmannsins ættu að íhuga að gefa honum GPS-staðsetningartæki í jólagjöf, en það kemur að góðum notum við að rata. Gott er að velja sérhæft, vatnsþétt tæki með öflugu loftneti. Í því samhengi má nefna að einnig eru til símar með innbyggðu GPS-tæki. Kort og áttavitar koma að svipuðum notum og eru yfirleitt mun ódýrari í innkaupum.

Höfuðljós koma ekki síður að góðum notum í fyrrgreindu samhengi, þótt þau séu kannski ekki sérlega töff útlits. Þau duga vel til dæmis í myrkri lengst uppi á reginheiði því þá er hægt að ganga með hendur lausar. Svo er ekki galin hugmynd að gefa neyðarljós eða skotblys sem geta fangað athygli þegar allt annað þrýtur en þau fást í útivistar- og skotveiðiverslunum.

Ef útivistarmaðurinn er nýgræðingur er ekki úr vegi að athuga hvort hann eigi góðan bakpoka, gönguskó eða -staf, hlífðarfatnað, legghlífar eða annan byrjendabúnað sem gæti komið sér vel.

*- nrg*



Landakort, áttavitar og GPS-tæki ættu að falla í kramið hjá útivistargarpinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Topp tíu listar koma sér vel

Það hefur reynst mörgum erfitt að finna gjafir handa körlum í gegnum tíðina því einhverra hluta vegna er úrvalið talsvert minna en þegar kemur að gjöfum handa konum. Netverjar hafa brugðist við því en þar er að finna fjölmarga hugmyndalista sem eru ýmist sniðnir að kærustum, eiginmönnum, feðrum eða mönnum með tiltekin áhugamál.

Á einum þeirra eru eftirfarandi tíu atriði: Seðlaveski, náttsloppur, DVD-safn, rakspíri, espressovél, vasatölva, föt, geislaspilari, DVD-spilari og miðar á íþróttaleiki. Á öðrum lista, sem er sérstaklega ætlaður feðrum, er að finna grillsett, pitsu-ofn, brugggræjur og digital-myndaalbúm. Sé einhver alveg í öngum sínum ætti hann því einfaldlega að setjast við tölvuna og gúggla.

*- ve*





Miðar á íþróttaleiki eru á meðal þeirra gjafa sem hitta í mark hjá karlpeningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Seðlaveski ná inn á marga lista.



Í Alsælu/Spa á Álftanesi eru taílenskir nuddarar en áður en þeir taka til starfa er gestum gefið angandi engiferte að sötra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Slökun, nudd og dekur

Allir hafa þörf fyrir endurnæringu, slökun og dekur stöku sinnum og hvað er þá betra en nudd og gufa? Aðgangur að slíkum þægindum er hlýleg gjöf sem öllum kemur vel. Að láta þreytuna líða úr líkama og sál, finna vöðvana slakna og áhyggjurnar dvína er eftirsóknarverð upplifun.

Víða er völ á þannig munaði og því ætti að vera vandalaust að finna stað sem hentar þeim sem gjöfin er ætluð. Einn af ákjósanlegum stöðum er Alsæla/Spa á Álftanesi þar sem boðið er upp á taílenskt nudd og gufu og einnig heitan sjópott uppi á svölum með útsýni yfir Skerjafjörðinn og borgina. *- gun*

**● EFTIRMINNILEG STUND** Alltaf vekur lukku að gefa gjöf sem er ávísun á ánægjulega stund og skilur eftir sig skemmtilegar minningar. Ferð í leikhús fellur í þann flokk en mörg leikhúsanna selja gjafa-, áskriftar- eða afsláttarkort sem hægt er fá nánari upplýsingar um á heimasíðum leikhúsanna eða með því að hafa símleiðis samband við miðasölu. Til að auðvelda leitina má benda á að vefsíðan www.leikhus. is er með tengla á öll helstu atvinnu- og áhugamannaleikhús á landinu, sömuleiðis fréttir úr leikhúslífinu, upplýsingar um helstu sýningar sem eru í gangi og þær sem eru væntanlegar á næstunni.







**● BÍTLAR FYRIR ALLA**

Fyrr á árinu voru allar hljóðversplötur Bítlanna, auk safns laga sem ekki náðu inn á plöturnar og heyrðust einungis á smáskífum, endurunnar og gefnar út í glæsilegri geisladiskaöskju með gnótt af upplýsingum, heimildarmyndum og fleira góðgæti fyrir aðdáendur fjórmenninganna frá Liverpool.

Í raun er erfitt að mæla á móti því að þessi Bítlakassi sé jólagjöfin í ár fyrir alla, konur sem karla, gamla sem unga, mennska sem ómennska og þar fram eftir götunum. Bítlarnir gerðu bestu plötur sem heyrst hafa og þær hafa aldrei hljómað betur. Að vísu kosta herlegheitin skildinginn, en aurnum þeim er vel varið.






# Ekki skjóta yfir markið

Gjöfina handa nýja kærastanum getur verið vandasamt að finna og þá sérstaklega ef sambandið er ennþá glóðvolgt. Þá er gott að hafa það í huga að skjóta ekki yfir markið. Gullúr, rándýr tæki og utanlandsferðir eru því alfarið á bannlista enda er fátt eins fráhrindandi í fyrstu og ef annar aðilinn er of ákafur. Frekar ætti að reyna að gefa gjöf sem fellur að áhugasviði kærastans, hvort sem það er fótbolti, golf, útivist, ferðalög, tæki eða tól. Útivistarbakpoki ætti því að henta útivistarmanninum, golfgræjur kylfingnum og svo framvegis.

Hafi kærastinn engin ákveðin áhugamál má reyna að komast að því hvaða afþreyingu hann aðhyllist en í þeim efnum eru ýmsir möguleikar fyrir hendi. Má þar nefna tölvuleiki, myndbandasöfn eða bækur.

Rakspírinn er síðan klassískur en getur þó gefið röng skilaboð. Eins ætti að forðast það í lengstu lög að gefa önnur föt en treffil og vettlinga fyrst um sinn enda er það heldur leiðinlegt ef kærastinn situr uppi með allt of litla hreindýrapeysu. *- ve*



Gott er að gefa gjöf sem fellur að áhugasviði nýja kærastans. NORDICPHOTOS/GETTY







Þá er ráð að komast að því hvers konar afþreyingu hann vill.




Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið





Allir grúskarar elska úttektir á öllu mögulegu. Þessari bók getur grúskarinn þinn legið yfir fram til páska.




Guinness World Records 2010 er bókin fyrir grúskarann 2009. Alltaf aðeins á undan.



Grúskarinn er haldinn söfnunaráráttu og safnar bæði litlu dóti og stórum bókum. Einkum safnar hann þó staðreyndum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Staðreyndir í föstu formi

**Ekki er erfitt að gefa grúskaranum jólagjöf. Hann hefur nefnilega alltaf áhuga á einhverju og oft mörgu í einu.**

Mestan áhuga hefur grúskarinn þó á staðreyndum. Hann elskar að vita hluti, grúska í þeim og komast að hinu sanna, safnar staðreyndum ekkert síður en frímerkjum eða teiknimyndablöðum, sem hann safnar gjarna líka.

Staðreyndirnar finnur hann iðulega í bókum svo það er engin furða að hann er algjör bókaormur og finnst hann aldrei eiga of margar bækur. Bók með safni staðreynda gleður grúskarann ósegjanlega, til dæmis Hundrað bestu plötur Íslandssögunnar eða Sagan í máli og myndum. Þá má ekki gleyma Heimsmetabók Guinness sem er skyldueign hvers grúskara.

Annað sem grúskarinn kann vel við eru spil, einkum þó spurningaspil (staðreyndirnar aftur) eða spil þar sem greind og vitneskja koma sér vel. Hann er löngu búinn að rúlla upp Risk, Trivial Pursuit og Scrabble en á enn eftir að ná fullkomnun í Sprengjuspilinu eða Heilaspuna. Flestir grúskarar hafa áhuga á skák og fallegt skáksett gleður þá alla.

Þá má líka gefa grúskaranum eitthvað sem hann getur dundað sér við að búa til sjálfur en færir hann um leið í ævintýraheima. Alls konar módel, flugvélar, skip og geimstöðvar eru vel þegnar og pínulitlar fígúrur af álfameyjum, orkum eða galdraköllum hitta beint í mark. Og allt sem tengist Hringadróttinssögu. Passaðu bara að hann eigi það ekki fyrir. *- bb*



Allt sem tengist Hringadróttinssögu er áhugamanninum kært.





Stjörnustríð lifir enn og vinalega vélmennið C-3PO er í uppáhaldi hjá mörgum.




Hvers konar spil eiga upp á pallborðið hjá grúskurum.



● **STJÖRNURNAR HEILLA** Að kunna að nefna stjörnur, stjörnuþokur og stjörnumerki getur verið ákaflega rómantískur eiginleiki. Stjörnuáhugamenn eru margir og flestir dreymir um góðan kíki. Slíkir eru til í ýmsum stærðum og gerðum og á mismunandi verðum.

Á vefsíðunni www.sjonaukar.is má til dæmis fá fínan stjörnusjónauka fyrir byrjendur sem kallast Celestron FirstScope sem kostar 15.900 krónur. Sjónaukinn er opinber sjónauki Alþjóðlegs árs stjörnufræðinnar 2009. Eitt mikilvægasta markmið þess er að veita öllum, sérstaklega börnum, auðvelt aðgengi að stjörnuhimninum með hjálp ódýrra stjörnusjónauka. Þannig má hjálpa börnum og öðru áhugafólki að öðlast grunnskilning á alheiminum. Til þess að uppfylla þetta markmið, og fagna ári stjörnufræðinnar, útbjó Celestron FirstScope sjónaukann. Hann þykir enda meðfærilegur og einfaldur í notkun. Með sjónaukum Sjónauka.is fylgir tímarit stjörnufræðiársins og DVD mynd um 400 ára sögu stjörnusjónaukans.

Þess má geta að með kaupum á sjónaukum frá Sjónaukar.is styrkir viðkomandi starfsemi Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness og Stjörnufræðivefsins.



Jólahjól
í miklu úrvali
Sedona W
Dömu Comforthjól, 21 gíra, dempari og álstell
kr. 69.900
Sedona
Herra Comforthjól, 21 gíra, dempari og álstell
kr. 69.900
Boulder W
Dömu fjallahjól, 21 gíra, dempari og álstell.
kr. 65.900
Boulder
Herra fjallahjól, 21 gíra, dempari og álstell.
kr. 65.900
MARKIÐ
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40




Lynx GOLFVÖRUR
Jólagjöf golfarans á góðu verði
Pro Quip regn- og vindfatnaður
Jakki frá aðeins kr. 15.120
Buxur frá aðeins kr. 11.920
Vindjakkar og vesti frá kr. 7.760
Rescue kylfur (hálfvitar)
Herra og dömu
verð frá aðeins kr. 7.400
Þriggja hjóla kerrur
Verð kr. 18.900
Tveggja hjóla
frá kr. 6.400
Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom
28 AH geymir kr. 59.900
Fjarstýrð kr. 82.900
Opnunartími
mán. – fös.
12 til 18
HiPPO
Driverar
Howson Attacker
kr. 8.900
HIPPO XXL
kr. 19.900
Golfsett í poka
Heilt sett
frá kr. 49.500
Hálft sett í poka
frá kr. 25.500
Fullt af golfdóti, frábært verð!
Barna- og unglingagolfsett
í standpoka kr. 18.900
Einnig stakar kylfur, hanskar, pokar og kerrur.
Golfskór, dömu og herra
Verð frá kr. 10.900
Há/lág forgjöf? Lágt verð!
Golf Outlet
Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800



Rætt var við 141 fjölskyldu í rannsókn um samræður foreldra og barna um kynlíf.

# Ræða of seint um kynlíf við börnin

**Ný rannsókn sýnir að um fjörutíu prósent bandaríska foreldra ræða ekki um kynlíf við börn sín fyrr en þau hafa þegar haft samfarir.**

Ræðan um blómin og býflugurnar er aldrei auðveld. Foreldrar hræðast að tala um kynlíf við börnin og börnin dauðskammast sín þegar umræðunni er beint að málefninu. Líklega er það ástæða þess að þessum kynlífssamtölum foreldra og barna er oft skotið á frest og fara oft fram allt of seint.

Í nýlegri rannsókn sem sagt er frá í vefriti tímaritsins Time kemur fram að yfir fjörutíu prósent unglinga sem tóku þátt í rannsókninni höfðu þegar haft samfarir þegar foreldrarnir ræddu við þá um kynlíf, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma.

Þetta þykir bagalegt þar sem fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að unglingar sem hafa rætt við foreldra sína um kynlíf eru líklegri til að stunda kynlíf seinna og stunda öruggara kynlíf þegar þar að kemur. Einnig hefur komið í ljós að þó að börn kvíði því að tala um kynlíf við foreldra sína langi þau flest að læra um kynlíf af þeim.

Í rannsókninni, sem framkvæmd var við Kaliforníuháskóla, var rætt við 141 fjölskyldu þar sem börnin voru á aldrinum 13 til 17 ára. Þær fengu lista yfir 24 atriði sem sneru að kynlífi, kynsjúkdómum, líkamsbreytingum og fleiru og áttu að svara því hvert af þessum atriðum hefði verið rætt um í fjölskyldunni og hvenær. Hver fjölskylda var athuguð fjórum sinnum, við upphaf rannsóknarinnar og þrem, sex og tólf mánuðum seinna.

## Best að bíða með að kveikja í rettu

ÞEIR SEM KVEIKJA SÉR Í SÍGARETTU SNEMMA MORGUNS HAFA MEIRA NÍKÓTÍN Í LÍKAMANUM EN ÞEIR SEM REYKJA EFTIR MORGUNMAT.

Reykingamenn sem kveikja sér í sígarettu nánast um leið og þeir vakna á morgnana hafa almennt meira nikótín í líkamanum en þeir sem bíða í hálftíma eða lengur. Gildir þá einu hversu margar sígarettur eru reyktar yfir daginn. Þetta eru niðurstöður könnunar sem framkvæmd var á vegum Penn State-háskólans í Bandaríkjunum og greint er frá á fréttavef BBC.

Vísindamennirnir rannsökuðu magn efnisins cotitine, sem er niðurbrotsefni nikótíns og þykir gefa góða vísbendingu um hættuna á lungnakrabbameini, í yfir 250 heilbrigðum dagreykingamönnum. Í ljós kom að mun minna var af efninu hjá þeim sem biðu þar til eftir morgunmat með að fá sér sígarettu.

Talsmaður enska lungnakrabbameinsfélagsins Roy Castle, sem er virkt á sviði rannsókna sem tengjast áhrifum reykinga á heilsu fólks, fagnar rannsókninni. Hann segir þó að úrtakið sé það lítið að niðurstöðunum verði að taka með fyrirvara. Hann hvetur til umfangsmeiri rannsókna á þessu sviði.



Betra er að bíða með að reykja fram yfir morgunmat.

Ef þú vilt ná varanlegum árangri skaltu setja þér lítil, viðráðanleg og raunhæf markmið og hafa þau skrifleg. Þú ert mun líklegri til að ná markmiðum sem þú sérð fyrir endann á og það gefur þér aukið sjálfstraust og löngun til að setja þér ný markmið.

**500 hollráð**







**Oprah Winfrey haldarinn kominn!**
**Verð 7.990 kr.**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
**RopeYoga**
Innritun hafin á janúarnámskeið!
Sími 581 3730
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.
Lokuð 9 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
- Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15 og 7:20.
- **Nýr tími þriðjudaga og fimmtudaga kl 8:30.**
- Miðvikudaga og föstudaga kl 10:00,
- Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30.
**Verð kr. 19.900.**
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
**Barnagæsla - Leikland JSB**
**Velkomin í okkar hóp!**
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Gjafabréf
Gefðu góða jólagjöf sem veitir vellíðan.
Þessi glæsilega gjöf fylgir öllum keyptum gjafakortum að upphæð 10.000 eða meira.*



*Á meðan birgðir endast
SNYRTISTOFAN ÁGÚSTA
Hafnarstræti 5
Reykjavík
sími: 552 9070
snyrtistofanagusta.is

Stelpur Konur mótun
Staðurinn - Ræktin
**Mótun - Nýtt námskeið í boði!**
*Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur*
Innritun hafin á janúarnámskeið!
Sími 581 3730
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
**9 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.**
**Verð kr: 29.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.**
• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn • Upphitun í tækjasal 20 mín
• MÓTUN, æfingakerfi 40 mín • Hentar öllum aldursflokkum
Miðvikudaga og föstudaga • Kl 16:20 • Kl 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 8:30 • kl 10:30
**Barnagæsla - Leikland JSB**
**Velkomin í okkar hóp!**
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




NISSAN TERRANO. Árgerð 2005, ekinn 132 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 1.950.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**




### Vilt þú kaupa selja eða skipta ?

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




### TILBOÐ 750.Þ

HYUNDAI GETZ GLS, árg 5/2003, ek 86.þ km, Beinskiptur, Eyðslugrannur, Kastarar, Ný tímareim, Nýtt í bremsum, Ásett verð 950.þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700



### TILBOÐ 890.þ

PEUGEOT 206 XR PRÉSENCE, árg 5/2005, ek 80.þ km, Beinskiptur 1.4L, Eyðslugrannur, Ásett Verð 1.390. þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**TILBOÐSDAGAR!**

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**




Dodge Ram Laramie Hemi, árg.11/2007, ek. 18þús.km, 350 hö, bensín, einn með öllu, '35 vetrardekk, Fluttur inn nýr! , Ásett verð 4490þús.kr, bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



### Ford Explorer 2004

Til sölu, 4,0L, sjálfskiptur, 7 manna tau áklæði, nýleg dekk, skoðaður 2010 ekinn aðeins 77þ. km. Góður og lítið ekinn bíll. Verð tilboð 2,190þ. Möguleiki á 100% láni. Uppl. í síma 618 4444 eða 697 7777.



Nissan Patrol 2,8 disel 1996 ek. 173 þ.km nýmálaður gott eintak Verð 790 þús. uppl. Lárus 892 3269.



Dodge Magnum R/T 5,7 Hemi 2005 ek. 76 þ.m leður lúga Navi magasín 22" og 18" vetrardekk. V. 2,8 M 857 2696.

### BMW til leigu

Til leigu BMW 540E árg. '00, dýrasta útfærsla. Verð aðeins 45þ. pr mán. Leigut. 3 mán í senn. Eingöngu 100% leigendur koma til greina. Trygging óskast. Heimir s. 896 5120 & 551 0836.

## 0-250 þús.

Mitsubishi Lancer(4WD) '93 verð 55.000þús. information call: 8640436

Nissan Sunny 4 dyra, ssk, ek. 180 þús, árg. '94. Verð 190 þús. Sími 845 8562.

## 500-999 þús.



### Jólatilboð 890 þús

TOYOTA YARIS TERRA. Árgerð 2005, ekinn 78 þ.km, BENSÍN, 5 gírar, 5dyra. Nýsk. '10 Verð 1.080.000. Jólatilboð 890þús stgr. Uppl. s. 693 5053.

## Bílar óskast



Óska eftir VW Polo árg. „95 til „00, þarf ekki að lýta svona vel út, má þarfnast viðgerðar s: 892 7852.

### ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!

Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónytir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól



Ekki fara á sleðann eða fjórhjólið án þess Að vera með réttu brynjuna og hlífðarfatnaðinn ! Það getur verið ódýr líftrygging að klæða sig rétt í sportinu. VDO BORGARTÚN 36 S: 5889747 www.vdo.is

## Vélsleðar




## Bátar



### Þessi glæsilegi bátur er til sölu.

Báturin er 8,6 brl., 7,9 bt. 9,97 ml. og 3,02 br. SABB Diesel vél. Uplýsingar og myndir hibyliogskip.is og s. 822 3650, 893 3985 og 421 3650

### Bátar og grásleppuleyfi

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur lítil grásleppuleyfi 2 til 5 bt. Einnig vantar grásleppunet, netaspil, niðurleggjara, til sölumeferðar. Vantar allar gerðir báta á söluskrá. S. 551 7282 og 893 3985. hibyliogskip@hibyliogskip.is hibyliogskip.is

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020

## Hjólbarðar




SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og hálku. Söluaðili; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.

## Varahlutir

**VAKA**
Á VERÐI FYRIR ÞIG

Eigum notaða varahluti og dekk í tugi bíltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

Er að rífa Ford Focus '99, Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Hyundai Elantra Wagon '97. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

### VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### 555 6666

Erum að byrja rífa Passat '00 og '02, Galant '99, Avensis '99, Polo '03, VW Caddy '06, Bens flestar gerðir '90-'05, Man '05, og marga fleiri. Partahúsið Skeiðaási 3, 210 Gbr.

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

## Viðgerðir




## ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Hreingerningar




Ræstingar f/ húsfélög ,fyrirtæki og fl. Hreingerningar,flutningþrif, gólfbónun,teppahreinsun S:8671730

## Garðyrkja




Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is, netfang:gardarbest@gardarbest.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald




**Flisaverk.is**
**Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir- Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar.**
**kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.**

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**




### Húsasmíðameistari

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

### Húsaviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

### Tölvufjarhjálp

Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

## Nudd

### NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. S. 869 1824.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5024.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

## Atvinna

### Laust starf tónmenntakennara

Landakotsskóli óskar eftir að ráða tónmenntakennara til starfa við skólann frá áramótum. Um er að ræða hlutastarf, fimm kennslustundir á viku í 1. til 7. bekk.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Hjálmarsdóttir, skólastjóri í síma 5108200 eða 6931360.

**Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá til Landakotsskóla v/ Túngötu, 101 Reykjavík eða á netfang sigridurhja@landakotsskoli.is**

*Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem býður gott starfsumhverfi í litlum skóla þar sem áhersla er lögð á vandað námsframboð og hlýlegt umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á tungumál, listir og vísindi í starfi skóla.*

## Til sölu

### Vinnuvélar og bifreið til sölu úr þrotabúi

Til sölu er neðangreint lausafé úr þrotabúi STV ehf. (áður Steindir Verktaka ehf.):

- Pallbifreið af gerðinni Iveco Daily árg. 1997, ekinn c. 175þús km.
- Hjólaskófla af gerðinni LIEBHERR árgerð 2003 (vinnustundir c. 4.500)
- HYDROMAK hellulagningarvél árgerð 2000.

**Tilboð óskast í framangreinda muni. Áhugasamir hafið samband við Sigurð L. Jóhannesson í síma 848-4488 eða með tölvupósti á sigurdur@mottull.is.**


# Saltker og saltdreifarar



**Sýnum aðgát í hálkunni!**

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is





## ATVINNA

### Atvinna í boði



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Upplýsingar á skrifstofu Blindrafélagsins frá kl. 9-16, s: 525-0000, tölvup. blind@blind.is

Fjölskylda í Grafarvogi leitar að barngóðri manneskju til að annast 10 mán stelpu virka daga 8:45 - 16:15 frá janúar og fram á sumar. Meðmæli nauðsynleg. Upplýs í síma 557 8578 eða á jennyruth@live.com

### Atvinna óskast

Hress, stundvís og reyklaus ungur maður með lyftarapróf uppað 10t. óskar eftir lagervinnu. Sigurður 898 5333.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**
**Elskum að daðra.**
**908 1616**


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Skrifstofustjóri - lögfræðingur - hagfræðingur

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu viðskiptamála. Undir skrifstofuna heyra m.a. málefni er varða kauparétt, þjónustuviðskipti, samkeppnisrétt, samningarétt, fyrningu, félagarétt, innheimtulög og ábyrgðarmenn, viðskiptabréf, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, endurskoðendur, bókhald og ársreikninga auk framkvæmdar EES- samningsins og almennra lögfræðimála á sviði ráðuneytisins. Þá er laust til umsóknar starf lögfræðings á sömu skrifstofu.

Einnig er laust til umsóknar starf hagfræðings á skrifstofu efnahagsmála. Undir skrifstofuna heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

Í öllum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um laun og önnur starfskjör skrifstofustjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006. Laun lögfræðings og hagfræðings greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

## Skrifstofustjóri:

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á skrifstofu viðskiptamála og verkaskipting innan hennar
- Yfirsýn yfir málefni og verkefni sem undir skrifstofuna heyra
- Þátttaka í stefnumörkun með yfirstjórn ráðuneytisins
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Framhaldsmenntun í lögum (LLM) æskilegt
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og leiðtogahæfileikar
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli nauðsynleg.

## Lögfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu viðskiptamála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

## Hagfræðingur:

**Starfssvið:**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Hagfræðileg greining
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði eða viðskiptafræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg og þá einkum þeim málaflokkum er heyra undir skrifstofu efnahagsmála.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

**Nánari upplýsingar veitir Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
698
KR.STK
GRILLAÐUR KJÚKLINGUR -ELDAÐUR OG TILBÚINN (EKKI HEITUR)
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1998
KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
35%
AFSLÁTTUR
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 974 KR.KG.
1498
KR.KG
K.F LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
1398
KR.KG
FJALLA ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
298
KR.PK
BÓNUS ÍSLENSKAR JÓLAPIPARKÖKUR 500G
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 479 KR.KG.
998
KR.1 KG
N.F GRÆNMETISBUFF 1 KG
ÞARF AÐEINS AÐ HITA.
398
KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400 GR
FORELDAÐUR; AÐEINS AÐ HITA.
98
KR.DS
E.S ORKUDRYKKUR 250 ML ORKUSKOT Í DESEMBER Á FRÁBÆRU VERÐI.
198
KR.KG
CONSUL BANANAR
1598
KR.KG
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI MEÐ BEINI
298
KR.PK
G.K SUÐUSÚKKULAÐI 300G
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU:
GULLAUGA OG RAUÐAR
195
KR.PK
APPOLO-LAKKRÍSKURL 200G
168
KR.STK
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250 ML
Á LÁGMARKSVERÐI SÚKKULAÐI/VANILLA.
139
KR.KG
159
KR. 2 ltr
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR FRÁ 12.00 - 18.30



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

## Pétur H. Ólafsson

Lindargötu 61,

lést á líknardeild Landakotsspítala, laugardaginn 5. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hrefna S. Pétursdóttir**
**Hugrún Pétursdóttir** **Marteinn E. Geirsson**
**Pétur K. Pétursson** **Anna S. Einarsdóttir**
**Ólína Björk Pétursdóttir**
**afabörnin og systkin hins látna.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Þóra Þorbjarnardóttir

Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 27. nóvember. Útför hennar fer fram frá Neskirkju í dag, þriðjudag kl. 13.00.

**Ásta Bára Jónsdóttir** **Einar Ingi Halldórsson**
**Þórhildur Jónsdóttir** **Eggert Ágúst Sverrisson**
**Kristín Jónsdóttir** **Sigurður Geir Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir mín, dóttir okkar og systir,*

## Elva Dögg Pedersen

Mosarima 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 9. desember klukkan 13.00.

**Haukur Sigurðsson**
**Alexander Hauksson**
**Palle Skals Pedersen**
**Sæunn Elfa Pedersen**
**Daníel Thor Skals Pedersen**
**Arnór Ingi Ingvarsson**



*Kær bróðir okkar,*

## Karl Hreiðar Mikaelsson

Reynihvammi 2, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala sunnudaginn 29. nóvember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Jónína Michaelsdóttir**
**Laila Michaelsdóttir**
**Ásta Michaelsdóttir**
**Linda Rós Michaelsdóttir**
**Dóra Jóhannesdóttir**



*Okkar kæra,*

## Unnur Ólöf Andrésdóttir

fyrrverandi bóndi Móum, Kjalarnesi, Espigerði 2,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti fimmtudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Andrés Svavarsson** **Þóra Stephensen**
**Teitur Gústafsson** **Katrín Guðjónsdóttir**



## 95 ára afmæli

Í dag, 8. desember, er 95 ára

## Dýrmundur Ólafsson

Dýrmundur fæddist þann 8. desember 1914 á Stóruborg í Víðidal, V-Húnavatnssýslu. Hann gegndi lengst af starfi sem póstfulltrúi hjá Pósthúsinu í Reykjavík. Dýrmundur hefur alla tíð verið afar hagmæltur og söngelskur. Hann og eiginkona hans, Guðrún Sveinbjörnsdóttir frá Hnausum í Þingi, A-Húnavatnssýslu, eiga 4 börn, 16 barnabörn og 22 barnabarnabörn. Dýrmundur og Guðrún eru búsett á Hrafnistu í Hafnarfirði.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

## Einar Magnússon

Suðurhólum 14, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fella og Hólakirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á SÍBS eða aðra minningarsjóði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Petrína Einarsdóttir** **Hörður Kolbeinsson**
**Elísabet Einarsdóttir**
**Skarphéðinn H. Scheving Einarsson**
**Pálína Magnúsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Jóhannes J. Björnsson

Byggðavegi 90, Akureyri,

lést þann 3. desember 2009.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Dagný Sigurgeirsdóttir.**



*Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Sigvaldi Egill Jónsson

Jaðarsbraut 29, Akranesi,

lést miðvikudaginn 25. nóvember 2009 á dvalarheimilinu Höfða Akranesi. Útförin hefur farið fram. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða.

**Ósk G. Halldórsdóttir**
**Hilmar Sigvaldason**
**Helga Dóra Sigvaldadóttir**
**Áslaug Sigvaldadóttir**
**Móeiður Sigvaldadóttir** **Lárus Vilhjálmsson**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,*

## Andres Kristinsson

Þórólfsgötu 21, Borgarnesi

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 5. desember. Útför verður gerð frá Borgarneskirkju laugardaginn 12. desember kl. 14.00.

**Ásta Kristjana Ragnarsdóttir**
**Ragnar Ingimar Andresson** **Magnea Kristín Jakobsdóttir**
**Sigríður Andresdóttir** **Ingólfur Friðjón Magnússon**
**Kristinn Grétar Andresson**
**og barnabörn.**

**JIM MORRISON FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1943.**

*„Hatur er mjög vanmetin tilfinning."*

***Söngvarinn og ljóðskáldið Jim Morrison fæddist í Flórída í Bandaríkjunum árið 1943. Hann var söngvari hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar The Doors, sem naut mikilla vinsælda á síðari hluta sjöunda áratugarins og í upphafi þess áttunda. Morrison lést í París árið 1971.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HÁPUNKTUR** Björn hafði íslenska fánann meðferðis. MYND/ÚR EINKASAFNI

BJÖRN MATTHÍASSON: SJÖTUGUR

# Sælutilfinning

Björn Matthíasson, hagfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu, hélt upp á sjötugsafmælið sitt í júlí með því að ganga upp á hið risavaxna fjall Kilimanjaro í Tansaníu. „Því fylgdi mikil sigur- og sælutilfinning að komast upp á gígbrúnina. Ég hafði lengi gengið með þetta í maganum og það er alltaf gaman að ná svona markmiði," segir Björn.

Hann var eini Íslendingurinn í tólf manna hópi sem tókst á við fjallið, en hinir voru frá Bretlandi. „Þetta var ágætis fólk og okkur kom vel saman. Einn þeirra var frá Plymouth í Englandi, og hann sagði mér að meðlimur í borgarstjórninni þar hefði átt fimmtíu milljónir punda inni á Icesave-reikningi. Það þótti mér heilmiklir peningar, en það varð enginn óvinskapur úr þessu," segir Björn.

Kilimanjaro er 5.892 metrar á hæð og Björn slapp við hæðarveiki þá sem algengt er að fólk fái ofarlega á fjallinu. „Þetta var átta daga gönguferð. Við byrjuðum öfugu megin við uppgöngustaðinn, gengum um þrjá fjórðu hluta í kringum fjallið og hækkuðum okkur smám saman á leiðinni þannig að við vöndumst hæðinni. Þannig höfðum við gengið um 4.600 metra áður en lokaatrennan tók við, en hún var nokkuð erfið. Þetta var nokkur þolraun, en ég hef nú lent í verri veðrum og meiri áreynslu á íslenskum fjöllum," segir Björn.

Afmælisbarnið gengur reglulega á fjöll á suðvesturhorninu með fjallgönguhópnum Toppförum og hefur gengið þrisvar sinnum á Hvannadalshnúk. Björn kynntist fjallgöngu fyrst þegar hann starfaði með Hjálparsveit skáta í kringum tvítugsaldurinn, fyrir um hálfri öld.

Björn útskrifaðist með meistaragráðu í hagfræði frá Yale-háskóla í Bandaríkjunum árið 1964. Eftir það starfaði hann hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í ein fimm ár. „Þar vann ég meðal annars við að lána Íslandi peninga árið 1968. Svo ég viti til er ég eini Íslendingurinn sem starfaði af hálfu sjóðsins í því máli, en mótaðilar hér á landi voru þeir Jónas Haralz og Jóhannes Nordal. Síðan hefur Ísland ekki fengið lán frá sjóðnum fyrr en nú," segir Björn.

Síðar vann Björn hjá Seðlabanka Íslands og Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), en hefur starfað í fjármálaráðuneytinu síðustu tvo áratugina. Hann lætur af störfum í þessum mánuði vegna aldurs. Afmælisdeginum eyðir Björn ásamt eiginkonu sinni, Heiðrúnu Guðmundsdóttur, á skipi í Karíbahafinu. kjartan@frettabladid.is



*Elskuleg móðir okkar, amma og systir,*

## Katrín Hlíf Felixdóttir

Víðihlíð, Grindavík,

lést föstudaginn 13. nóvember sl. Jarðsett var í kyrrþey.

**Eðvarð F. Vilhjálmsson** **Unnur Birna Þórhallsdóttir**
**Róbert M. Vilhjálmsson**
**barnabörn og systkini.**

**Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla á jólatilboði hjá Brimborg**

# Jólatilboð Brimborgar

í dag

**Ford Fiesta Trend (PS394)**
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 06/2007. Ek. 66.350 km.
Verð 1.770.000 kr.
Jólaafsláttur 480.000 kr.
**Til þín á jólum 1.290.000 kr.**

**Ford Focus Trend (TY138)**
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 08/2007. Ek. 54.500 km.
Verð 2.230.000 kr.
Jólaafsláttur 540.000 kr.
**Til þín á jólum 1.690.000 kr.**

**Volvo C30 (FRZ29)**
1,6D dísil, 5 gíra.
Vindskeið á skott ofl.
Skrd. 09/2008. Ek. 10.000 km.
Verð 3.790.000 kr.
Jólaafsláttur 1.000.000 kr.
**Til þín á jólum 2.790.000 kr.**

**Citroën Berlingo Van (DO114)**
2,0 HDi dísil 5 gíra 6 dyra.
Skrd. 09/2005. Ek. 62.900 km.
Verð 1.370.000 kr.
Jólaafsláttur 380.000 kr.
**Til þín á jólum 990.000 kr.**

**Mazda6 Touring (ZG338)**
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur (fastur) ofl.
Skrd. 04/2006. Ek. 52.300 km.
Verð 2.350.000 kr.
Jólaafsláttur 360.000 kr.
**Til þín á jólum 1.990.000 kr.**

**Volvo S60 SE (LI333)**
2,0i Turbo bensín sjálfskiptur.
Sóllúga ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 71.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
**Til þín á jólum 2.690.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort (YF537)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 39.700 km.
Verð 2.050.000 kr.
Jólaafsláttur 300.000 kr.
**Til þín á jólum 1.750.000 kr.**

**Volvo XC70 SE AWD (RX481)**
2,4i D5 dísil sjálfskiptur station.
Rafdr. framsæti, viðarklæðning, bakkskynjari ofl.
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.
Verð 5.390.000 kr.
Jólaafsláttur 500.000 kr.
**Til þín á jólum 4.890.000 kr.**

**Volvo XC90 SE+ AWD (PO227)**
4,4i V8 bensín sjálfskiptur.
Xenon ljós, Premium hljómtæki, sóllúga, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 11/2005. Ek. 71.000 km.
Verð 5.990.000 kr.
Jólaafsláttur 700.000 kr.
**Til þín á jólum 5.290.000 kr.**

**Ford Explorer XL**
4,0i V6 bensín sj
7 manna.
Leðuráklæði, 17
dráttarbeisli, hra
Skrd. 02/2006.
Verð 3.190.000
Jólaafsláttur 50
**Til þín á jólum 2**

**Citroën C3 SX (RG908)**
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 96.800 km.
Verð 1.330.000 kr.
Jólaafsláttur 340.000 kr.
**Til þín á jólum 990.000 kr.**

**Citroën C3 SX (AB637)**
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Filmur í afturrúðum ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 47.900 km.
Verð 1.560.000 kr.
Jólaafsláttur 270.000 kr.
**Til þín á jólum 1.290.000 kr.**

**Ford Focus Trend Collection (BU864)**
1,6i bensín 5 gíra station.
Skrd. 05/2007. Ek. 67.800 km.
Verð 2.350.000 kr.
Jólaafsláttur 670.000 kr.
**Til þín á jólum 1.680.000 kr.**

**Berlingo Multispace (PB567)**
ısín 5 gíra 5 dyra.
3/2007. Ek. 46.000 km.
750.000 kr.
áttur 260.000 kr.
**á jólum 1.490.000 kr.**

**Ford C-Max Trend (RL349)**
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra
Skrd. 11/2005. Ek. 34.150 km.
Verð 2.100.000 kr.
Jólaafsláttur 410.000 kr.
**Til þín á jólum 1.690.000 kr.**

**Ford Escape XLS AWD (VH696)**
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
15" álfelgur, stigbretti, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 08/2005. Ek. 54.000 km.
Verð 2.560.000 kr.
Jólaafsláttur 310.000 kr.
**Til þín á jólum 2.250.000 kr.**

**Citroën C4 SX (YE989)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 44.916 km.
Verð 1.950.000 kr.
Jólaafsláttur 360.000 kr.
**Til þín á jólum 1.590.000 kr.**

**Citroën C4 SX (PP605)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 26.110 km.
Verð 1.990.000 kr.
Jólaafsláttur 300.000 kr.
**Til þín á jólum 1.690.000 kr.**

**Citroën Xsara Picasso Exclusive (TR376)**
1,8i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 74.700 km.
Verð 2.050.000 kr.
Jólaafsláttur 260.000 kr.
**Til þín á jólum 1.790.000 kr.**

**Ford Focus Trend Collection (TK164)**
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 06/2007. Ek. 70.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Jólaafsláttur 540.000 kr.
**Til þín á jólum 1.890.000 kr.**

**Citroën C5 SX (JL179)**
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur ofl.
Skrd. 10/2005. Ek. 60.100 km.
Verð 2.240.000 kr.
Jólaafsláttur 450.000 kr.
**Til þín á jólum 1.790.000 kr.**

**Citroën C5 SX (DH529)**
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjarar í fram og afturstuðara ofl.
Skrd. 03/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 2.390.000 kr.
Jólaafsláttur 400.000 kr.
**Til þín á jólum 1.990.000 kr.**

**Ford Mondeo Ghia (VG154)**
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Leðuráklæði, 16" álfelgur, hraðastillir, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 07/2007. Ek. 31.000 km.
Verð 3.100.000 kr.
Jólaafsláttur 510.000 kr.
**Til þín á jólum 2.590.000 kr.**

**Mazda5 Touring (TTB16)**
2,0i bensín 5 gíra 5 dyra 7 manna.
Skrd. 01/2008. Ek. 50.600 km.
Verð 2.790.000 kr.
Jólaafsláttur 500.000 kr.
**Til þín á jólum 2.290.000 kr.**

Komdu
Brim

**Mazda3 Touring (TG195)**
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 71.000 km.
Verð 2.090.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
**Til þín á jólum 1.490.000 kr.**

Líttu við í kaffi og piparkökur.
Spjallaðu við sérfræðinga
Brimborgar um jólatilboð fyrir þig.

atilboð

**Citroën C4 Comfort (PF278)**
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjarar í fram og afturstuðara ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 52.410 km.
Verð 2.290.000 kr.
Jólaafsláttur 300.000 kr.
**Til þín á jólum 1.990.000 kr.**



**Kauptu jólabílinn á jólatilboði í dag**

## Jólin eru í Brimborg

# Náð'í jólabílinn í Brimborg í dag

**Njóttu aðventunar og fagnaðu jólunum á jólatilboðsbíl frá Brimborg**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt 2009.


# Pollamótatímabilið er hafið

BAKÞANKAR Páls Baldvins Baldvinssonar



Það er synd að segja að leiðir að næststærsta íþróttahúsi landsins séu greiðar. Egilshöllin hafði ekki beinlínis heillað mig til aðsóknar, fyrri tilraunir enduðu í stórkostlegri umferðarteppu þar sem lagt var við grunn Korputorgs og svo öslað yfir mýrar og skurði til að komast að hinu mikla húsi. Nú var þó akfært hjá görðum Grafarvogsbúa, húsgörðum, gömlum kartöflugörðum og kirkjugarði. Það var kalt í lofti og keppnismaður í baksætinu var að hefja mótaferil sinn í réttum búningi, sokkum og öllu saman.

**AÐKOMAN** að yfirvofandi bíóhúsi og stærstu innanhússknattspyrnuvöllum var svona svona. Upprifjuðust pollóttar malargötur í vesturbænum á valdatíð Geirs Hallgrímssonar. Og þegar inn var komið var leitað að merkingum, dyrum, einhverju í hið mikla hús sem vinurinn hafði dregið mig. Gáttin sem að lokum opnaðist minnti mest á íbúðarinngang í Hólunum en þá blasti dýrðin við. Merkingar heldu áfram að vera bráðabirgða, í besta falli A4-blað sem klesst var á vegg með límbandi, en með þrákelkni tókst að finna búningsklefa. Merkilegt hvað íþróttahreyfingunni er almennt illa gefið að gera húsnæði sitt hlýlegt og snyrtilegt.

**EN SVO** hófst gamanið. Á vallarmörkum voru foreldrin mætt, misvel klædd í skítköldu húsinu. Skipulagið var svolítið losaralegt en á endanum tókst öllum að finna sitt leiksvæði og brátt fóru leikirnir að renna hjá í runum. Stelpur og strákar þeyttust um plastgrasið á eftir tuðrunum, margir lögðu sig alla í leikinn en sumir voru hálfutangátta, og þegar ég tók að æpa hvatningarorð til minna manna færði konan mín sig frá og faldi sig bak við nærliggjandi foreldra sem brostu feimnislega við þessum háváðabelg. Gellirinn sá lét sér fátt um finnast, reyndi meira að segja að færa sig nær sínum manni sem spilaði á hinum kantinum þar sem tveir þjálfarar voru staðsettir. Þeir báðu mig að fara; drengirnir heyrðu ekki í þeim ef ég hefði svona hátt.

**ÞESSU** lauk samt vel og allir voru ánægðir: frábær árangur heyrðist úr öllum hornum. Mæður í mínum hópi voru að hvískra um að ein kynsystir þeirra hefði látið nokkuð illa, en þó verið óvenju stillt. Það var því komið á framfæri: á pollamótum sem geta orðið hlutskipti mitt næstu misseri, jafnvel ár, er helst að vara sig á öðrum foreldrum sem eiga það til að missa sig – ég skil þá alveg.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Sturtuhornaúrval í Múrbúðinni
## gott verð fyrir alla - alltaf

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM































**Við auglýsum ekki verð frá..**



Glerþil með króm festingum

| | |
|---|---|
| 55 x 220 cm | 17.900 |
| 65 x 220 cm | 24.900 |
| 75 x 220 cm | 28.900 |
| 90 x 220 cm | 35.900 |
| 120 x 220 cm | 44.900 |

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50.

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**! kl. 20.30 á miðvikudagskvöld** *mun Óskar Guðmundsson rithöfundur lesa upp úr nýútkominni bók sinni Snorri, ævisögu Snorra Sturlusonar í veitingahúsi Landnámsseturs í Borgarnesi. Einnig munu Einar Kárason og Óskar spjalla um efni bókarinnar og efnistök. Ókeypis aðgangur er og allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Óratorían Messías í Neskirkju

Síðari flutningur Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og Kórs Neskirkju á stórvirkinu Messías eftir Händel verður í kvöld í Neskirkju, en fyrri flutningur var á laugardag. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Jóhanna Halldórsdóttir alt, Gissur Páll Gissurarson tenór og Ágúst Ólafsson bassi. Steingrímur Þórhallsson stjórnar en hann er organisti og kórstjóri í kirkjunni. Miðasala er í Tólf tónum á Skólavörðustíg, hjá félögum í hljómsveit og kórnum og við innganginn, en tónleikarnir hefjast kl. 20.

Messías samdi Händel 1742 og var óratorían frumflutt í Dyflinni. Händel hafði þá látið af óperusmíði en snúið sér að gerð kórverka. Óratorían er af mörgum talin hans helsta verk. Vinsæl er hún og fastur liður í starfi stærri kóra og þá gjarnan flutt í námunda við jólahátíðina. Handel stjórnaði flutningi á henni margoft og hún var reyndar það síðasta sem hann heyrði sjálfur flutt af eigin verkum en Händel lést 1759, 74 ára að aldri. Útför hans var sótt af þúsundum manna og hann var lagður til hinstu hvílu í Westminster Abbey og hefur síðan verið talinn með helstu sonum Bretlands, þó að hann hafi verið Þjóðverji, fæddur í Halle sem þá tilheyrði hertogadæminu Saxlandi.

Messías hefur áður verið fluttur hér á landi og er skemmst að minnast flutnings á verkinu í ársbyrjun í Hallgrímskirkju þegar óratorían var flutt í fyrsta sinn hér á landi með barokkhljóðfærum.



**TÓNLIST** Hallveig Rúnarsdóttir sópran er í hópi einsöngvara sem flytja Messías í Neskirkju í kvöld.

### > Ekki missa af

Ragnheiði Gröndal og hljómsveit í Víkurkirkju, Vík í Mýrdal, í kvöld kl. 20.30. Ragnheiður gaf út geisladiskinn „Tregagás" í byrjun nóvember og vinnur hún þar með íslensk þjóðlög sem eru útsett á áhugaverðan hátt. Með Ragnheiði leika Haukur Gröndal á klarínett, Guðmundur Pétursson á gítar og Birgir Baldursson og Matthías Hemstock á slagverk. Þau verða síðar á Akranesi í Sal Tónlistarskólans á morgun kl. 21 og loks í Smiðjunni við Fiskislóð í Reykjavík 10. desember kl. 21.

Bókmenntir ★★★★★

**Síðustu dagar móður minnar**

Sölvi Björn Sigurðsson

## Móðurtorrek



Síðustu dagar móður minnar er þriðja skáldsaga Sölva Björns Sigurðssonar, sem á að auki metnaðarfull verk að baki á borð við Gleðileikinn djöfullega, þar sem sótt er í sarp Dantes, og þýðingu á Árstíðum í helvíti eftir Arthur Rimbaud. Ferill Sölva Björns fram að þessu ber bæði miklum hæfileikum og metnaði gott vitni. Síðustu dagar móður minnar er hans slípaðasta verk til þessa og frómt frá sagt líklega eitt besta íslenska skáldverkið í ár.

Hér segir frá mæðginunum Evu og Dáta, sem búa saman á Spítalastígnum; hann húkir þunglyndur uppi á lofti meðan sú gamla gefur sig sápuóperum á vald. Ógæfan ber dyra þegar mamman greinist með krabbamein. Eftir að hafa íhugað alla kosti ákveða mæðginin að leita óhefðbundinna lækninga í Amsterdam og nota tækifærið í leiðinni til að kynna sér lystisemdir Rauða hverfisins, þar sem íslenskir kaupsýslumenn eru í þann mund að gera strandhögg.

Þetta er framúrskarandi vel skrifuð bók. Sölvi nær að fanga ákveðinn tón sem á augabragði sveiflast frá ískrandi fyndni yfir í djúpan harm þar sem mæðginin reika um lastabælið og svolgra í sig „spesdrykki" og reyna að horfa framhjá forgengileikanum eins lengi og þau komast upp með.

Persónusköpunin er einkar vel heppnuð. Auðvelt væri að stimpla þau mæðgin sem brjóstumkennanlegar örlagabyttur, textinn er svo gegnsósa af áfengi að alkóhóllyktina nánast leggur af síðunum. Meira hangir þó á spýtunni; þetta er hlýtt og manneskjulegt fólk og ekki annað hægt en að þykja vænt um þessa gallagripi. Stíllinn er þróttmikill og liðugur. Persónu- og atvikslýsingar eru oft kostulegar og samtölin rennandi skemmtileg, sér í lagi fjölskrúðugt tungutak Evu, sem undirstrikar skáhallandi sjónarhorn hennar á tilveruna. Siðferðilegar vangaveltur eru vandmeðfarnar en styrkja hér frásögnina talsvert, enda ekki fluttar sem stólaræða.

Síðustu dagar móður minnar er meinfyndið verk en um leið afskaplega sorglegt; barátta upp á líf og dauða, þar sem fögnuður lífsins og óttinn við dauðann fljúgast á og oft er erfitt að greina hvor hefur undirtökin. Á heildina litið er hér um firnasterkt skáldverk að ræða. Lokakaflinn er hreint út sagt magnaður. Sölvi Björn hefur fest sig í sessi sem einn eftirtektarverðasti rithöfundur landsins.

**Bergsteinn Sigurðsson**

**Niðurstaða:** Frábærlega vel skrifuð bók; meinfyndin, tregafull og undurfalleg.



MARÍUBJALLAN Norsk gestasýning hjá Þjóðleikhúsinu 2009.

## Svona verða þá litirnir til

Leiklist ★★★★

**Maríuhænan**

Gestasýning í Þjóðleikhúsinu

**Hugmynd og hreyfingar:** Inger Cecilie Bertrán de Lis **Dansarar:** Inger Cecilie Bertrán de Lis og Tinna Grétarsdóttir **Tónlist:** Karoline Rising Næss

Í Kúlunni þar sem svo mörg börn eru nú farin að kannast vel við sig, Þjóðleikhúsi hinna alyngstu, gaf að líta ævintýr um helgina.

Stúlka í grænum kjól með hár eins og dúkka og bros eins og frost stekkur um og dansar í landi án lita. Allt í einu birtist rauð maríuhæna með sína stóru svörtu punkta á bakinu. Hver litur sem smám saman fær sitt hlutverk á sviðinu er undurskýr og mætir til leiks eins og um nýja persónu eða nýja fléttu væri að ræða í öðrum frásagnarmáta.

Hér var verið að sýna dansleikhús ætlað alyngstu áhorfendunum. Og þær settu svo sannarlega markið hátt (hvað ungviði varðar) því sýningin er ætluð áhorfendum frá níu mánaða aldri. Þetta var eins konar skynjunarverk fremur en upplifunarleikrit. Agnarlítill maður, ógurlega glaður, sat í salnum miðjum og baðaði út öllum öngum og lýsti ánægju sinni í hvívetna. Markmiðinu var náð. Þessi ungi maður var sumsé tíu mánaða gamall í sinni fyrstu leikhúsferð.

Myndrænt og hljóðrænt er sýningin svolítill konfektmoli. Þó svo að börnin okkar séu vön því að verið sé að garga og snúa upp á raddböndin og helst hlæja og flissa um leið og tekin eru heljarstökk virtist enginn söknuður eftir slíku sprelli á þessari þessari hugljúfu sýningu þar sem litirnir og tónarnir fengu að laumast inn í vitundina bæði ofurhægt og með mikilli varfærni. Tónlist Karoline Rising Næss tekur þátt í að breyta öllum litum skógarins og stundum gætir örlítillar ógnunar eins og verið sé að kalla úr myrkrinu.

Lítil maríuhæna nær tökum á litlu laufblaði, sem auðvitað var bæði stórt og fallegt í þessari leikmynd og náði athygli. Ekki var það til að skemma fyrir mikilli varfærni... mannskapnum að mega svo leika sér í leikmyndinni að leikmunum að sýningu lokinni. Smellin og vel hugsuð sýning, skynjunarleikhús. Eins og rannsóknarverkefni í því hvernig við byrjum að taka eftir umhverfinu í kringum okkur.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Konfektmoli





Saga um sprelllifandi og skemmtilega kisu




Köttur sem vekur athygli

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram í dag 8. desember, hefst kl. 18.15 í Galleríi Fold við Rauðarárstíg



Svavar Guðnason

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Af gefnu tilefni bendum við á að öll verk eru skoðuð af sérfræðingum til að koma í veg fyrir að falsanir rati á uppboðið

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



# WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM




**22 Philips 220X1SW Ambilight**
22" LCD breiðskjár með Ambilight baklýsingu, 1680 x 1050p upplausn, 30000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

Ambilight er tækni sem lýsir upp ramma skjásins, með því má auka upplifunina og draga stórlega úr álagi á augun og þreytu við langtíma notkun.

**54.990**

### Hanvon RAFBÓK

**Hanvon N516**
Lestu bækur og skjöl í handhægri rafbók. Rafbókin getur lesið rafbækur, PDF, veftexta, jpeg og png myndir! Aðeins 165gr, 800 x 600 punkta skjár og les SD minniskort. Nær að sýna allt að 7000 síður á einni hleðslu.



**49.990**



### Nikon 10MP MYNDAVÉL

**Nikon S220**
10 millj. punkta uppl., 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafrænni titringsjöfnun, hreyfiskynjun, besta mynd valin, blikkprófun, brosstilling, háþróuð AF-andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndatöku, Ísl. leiðarvísir ofl.

**32.990**




### LCD SKJÁR

**Acer V233HB**
23" LCD breiðskjár með 1920x 1080p upplausn, 40.000:1 (ACM) skerpu, 5ms svartíma, VGA tengi ofl.

**37.990**



### HEYRNARTÓL MEÐ HLJÓÐNMEA

Logitech

**Logitech G330**
Leikjaheyrnatól með stillanlegri spöng fyrir aftan eyru og hljóðstilli á snúru. USB hljóðkort fylgir.

**14.990**

Logitech



### VEFMYNDAVÉL

**Logitech WebCam C200**
VGA vefmyndavél á skjái og fartölvur. Tekur 30 ramma á sek. 1.3MP kyrrmyndir.

**4.990**



WD

### MYBOOK FLAKKARI

**WD Essential 2**
Flakkari með 640GB hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.

**16.990**



### HÁTALARAKERFI

**Philips SPA1302**
20W RMS magnmiðlunarhátalarar með Analog Bass Boost. Bassabox og tveir hátalarar.

PHILIPS

**7.990**



TViX

### TVFLAKKARI

**TViX R-2230**
2.5" sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir fartölvudiska, með innbyggðum stafrænum DVB-T sjónvarpsmóttakara, HDMI, USB, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum eða öðrum USB flökkurum. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn í bílinn, bústaðinn eða hjólhýsið.

**19.990**




### FARTÖLVA

**Toshiba Satellite Pro U400-23M**
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðskjár • Intel GMA X4500 skjákort • Gigabit 10/100/1000 netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |



> **DUGLEG HÚSMÓÐIR**

Leikkonan **Nicole Kidman** viðurkenndi í nýlegu viðtali að hún hefði gaman af því að þvo þvott heima hjá sér, en væri aftur á móti afleitur kokkur. „Ég elda stundum kjúkling fyrir eiginmann minn og oftast er hann þurr," sagði leikkonan.

**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Flott frumsýningarhelgi Sigurjóns

Kvikmyndin Brothers sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir lenti í þriðja sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar vestanhafs um síðustu helgi. Myndin var sýnd í rúmlega tvö þúsund bíóum og þénaði hún 9,7 milljónir dala, um 1,2 milljarða króna. Nýjasta mynd Söndru Bullock, The Blind Side, var vinsælust og í öðru sæti var The Twilight Saga: New Moon.

Írska hljómsveitin U2 á tvö lög í Brothers. Annað heitir Winter og var það hljóðritað á sama tíma og platan No Line on the Horizon. Hægt er að heyra það í heild sinni á síðunni Youtube.com eða brot úr því á síðunni U2.com. Hitt lagið er Bad sem er á plötunni The Unforgettable Fire frá árinu 1984.



**BROTHERS** Kvikmyndin Brothers er þriðja aðsóknarmesta myndin vestanhafs.

Bono, söngvari U2, er ánægður með Brothers-myndina, sem landi hans Jim Sheridan leikstýrði. „Það eru virkilega sterkar tilfinningar í þessari mynd. Þetta er mjög áhrifamikil mynd," sagði hann.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er það stefna framleiðanda myndanna að Brothers keppi um Óskarstilnefningu. Viðbrögð gagnrýnenda hafa verið góð en það er ekki sjálfgefið að myndin hljóti náð fyrir augum Akademíunnar enda verður 400 milljónum íslenskra króna varið sérstaklega til að kynna Brothers á þeim vettvangi.

# Gefur út matreiðslubækur

Jennifer Aniston undirbýr nú útgáfu á eigin matreiðslubókum. Friends-leikkonan fyrrverandi er góð vinkona breska sjónvarpskokksins Jamie Oliver og hefur í hyggju að fá hann í lið með sér við gerð uppskriftanna.

Aniston hitti Jamie Oliver fyrst þegar hún fékk hann til Los Angeles til að elda í fertugsafmæli þáverandi eiginmanns síns, Brads Pitt. Síðan þá hefur hún haldið sambandi við Oliver og samkvæmt heimildum National Enquirer hefur hann sannfært Aniston að hún hafi allt sem þarf til að gefa út eigin matreiðslubækur. Leikkonan skipuleggur reglulega matarboð fyrir vini og vandamenn þar sem hún eldar eftir eigin uppskriftum, en hún eyddi nýverið 100.000 dölum í breytingar á eldhúsinu í húsi sínu í Beverly Hills.

Aniston er sérstaklega hrifin af kjúklinga- og pastaréttum og eru þau Oliver sögð skiptast reglulega á uppskriftum í tölvupósti. Ekki er þó enn vitað hvenær matreiðslubækur Aniston eru væntanlegar á markað.



**BÝR TIL EIGIN UPPSKRIFTIR** Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver hefur sannfært Jennifer Aniston um að hún skuli gefa út matreiðslubækur með eigin uppskriftum.

# Vel heppnað í veðurblíðu

**Karlakórinn Fjallabræður söng við Reykjavíkurtjörn í gær Bítlalagið All You Need Is Love ásamt þátttakendum frá 157 öðrum þjóðum.**

Lagið var sungið samtímis við undirspil útsetjarans og kvikmyndatónskáldsins Graeme Revell sem hefur samið tónlist fyrir kvikmyndirnar Sin City og The Saint auk sjónvarpsþáttarins CSI Miami.

„Þetta gekk alveg stórkostlega. Þyrlur og álftir flugu yfir hausinn á okkur og þetta var ferlega skemmtilegt," segir kórstjórinn Halldór Gunnar Pálsson. „Það var góð tilfinning að vita af einhvern veginn öllum heiminum að gera það sama og við."

Fiðluleikari Fjallabræðra, Unnur Birna Björnsdóttir, var aðalsöngvarinn í laginu á meðan Fjallabræðurnir sáu um að radda. „Hún hefur einu sinni sungið áður fyrir okkur. Sú hugmynd var bara tekin í gær (sunnudag). Ég hringdi í hana og spurði hvort hún væri ekki til í að syngja fyrir allan heiminn. Hún bara sló til og lét vaða, skellti sér í lopakjól og græjaði þetta."

Hjörtur Grétarsson hjá framleiðslufyrirtækinu True North sá um að tæknilega hliðin yrði í lagi við Reykjavíkurtjörnina. „Þetta gekk vonum framar. Veðrið lék við okkur. Þeir æfðu nokkrum sinnum og svo keyrðum við á þetta á réttum tíma," segir Hjörtur. „Ég hef ekki heyrt annað en að þetta hafi tekist mjög vel í öllum löndunum. Kollegar okkar í London sem heita Gorgeous héldu utan um þetta."

Allur ágóði af verkefninu, sem samtökin (RED) Love standa fyrir, rennur til baráttu gegn alnæmi í Afríku. Söngurinn frá öllum þátttökuþjóðunum verður klipptur saman í eitt myndband af hinum virta auglýsingaleikstjóra Chris Palmer en áhugasömum er bent á að hægt verður að skoða útkomuna á síðunni Starbuckssloveproject.com.

**freyr@frettabladid.is**



**FJALLABRÆÐUR** Karlakórinn Fjallabræður við Reykjavíkurtjörn í gær þar sem hann söng Bítlalagið All You Need Is Love. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Eurovision-lag Bubba á ensku

Óskar Páll Sveinsson og Bubbi Morthens eru meðal þeirra sem semja lag í Eurovision-forkeppnina sem hefst strax eftir áramót. „Við hentum niður nokkrum hugmyndum til að byrja með og vinsuðum svo úr þeim," segir Óskar Páll. „Duttum að lokum á hugmynd sem við erum báðir mjög ánægðir með og erum búnir að vera að þróa hana. Erum nánast komnir á endapunkt."

Lagið er miklu hraðara og fjörugra en Is It True? sem Óskar Páll samdi síðast. „Lagið er frekar hresst og mjög melódískt. Við ákváðum að hafa það ekki Eurovision-legt. Það virkaði vel í fyrra. Þetta er bara gott lag."

En er það Bubbalegt? „Auðvitað er Bubbakeimur af því. Ég er viss um að fólk heyrir eitthvað af hans elementum þarna, skárra væri það nú. Bubbi sýndi með Ególögunum í sumar að hann er enn í toppformi sem melódíusmiður."

Óskar segir að samstarfið hafi gengið mjög vel. „Við erum hálfpartinn að halda upp á tuttugu ára samstarfsafmæli með þessu, en höfðum aldrei samið saman áður. Við erum búnir að ákveða að gera meira af þessu í framtíðinni. Þetta small svo vel og var svo gríðarlega skemmtilegt."

Færeyski söngvarinn Jógvan á að syngja lagið, sem verður á ensku. „Við vorum á báðum áttum um hvaða tungumál við ættum að nota. Ákváðum svo bara að kasta upp á það og þá kom enskan upp. Það er von á Jógvani hingað í stúdíóið í dag til að heyra lagið og við vonum bara það besta!"

Alls keppa fimmtán lög. Meðal þeirra sem etja kappi við Bubba, Óskar og Jógvan eru Hera Björk ásamt Örlygi Smára og svo Hvanndalsbræður. Forkeppnin hefst laugardagskvöldið 9. janúar og úrslitin liggja fyrir fjórum vikum síðar, 6. febrúar. - drg



**Í KJÓSINNI** Bubbi Morthens og Óskar Páll á heimavelli semja hresst „ó-eurovision-legt" lag.


Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 121.936
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN
Marco
í 60 ár
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard
VISA
Frábærar Jólagjafir
Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. 94.288
Heilsukoddar Jólatilboð kr. 8.560
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 21.520
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 3.825
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16



**VIÐ TJARNARBÍÓ 1970** Óðmenn spiluðu þar í poppleiknum Óla og mikið af því efni endaði á tvöföldu plötunni sem nú er komin út í Þýskalandi.

# Óðmenn í Þýskalandi

Tvöfalda plata Óðmanna frá 1970 hefur verið endurútgefin á CD og 180 gramma vínylplötum af þýska endurútgáfufyrirtækinu Shadoks Music. Fyrirtækið sérhæfir sig í að bjarga menningarverðmætum frá glötun og koma þeim til áhugasamra hlustenda. Aðallega verða fyrir valinu lítt þekktar en góðar plötur frá 7. og 8. áratugnum.

„Það er mjög gott að skipta við Þjóðverja. Þeir eru mjög góðir í viðskiptum og það er búið að leggja inn á reikninginn minn fyrir minn hluta,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, kampakátur með framtakið.

Hverju þakkar hann þessa lífseiglu Óðmanna?

„Þetta er bara góð músík. Í safnarablöðum – er mér sagt, ég er ekki safnari – þykir þetta ein merkilegasta plata þessarar tegundar á Norðurlöndum. Það er gaman að fá svoleiðis hrós,“ segir Jóhann og bætir við: „Þó að hún hafi ekki komist á listann yfir 100 bestu íslensku plöturnar. Það er náttúrlega þannig að þegar músíkin heyrist aldrei rofna tengslin við fólk í dag. Það eru helst einhverjir ungir framúrstefnurokkarar sem grafa þetta upp og kveikja á þessu.“

Óðmanna-platan er sú fyrsta íslenska sem Shadoks Music gefur út en útgáfan lætur ekki staðar numið þar því fram undan er sambærileg útgáfa á þremur plötum með Trúbroti og plötunni What's Hidden There? með Svanfríði.

- drg


Ný og persónuleg jógastöð

Opnunartilboð
15%
afsláttur af öllum kortum

Hot jóga
Hatha Jóga
Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga námskeið

Stakur tími 1.500 kr.
Mánaðarkort 9.265 kr.
3 mánaðakort 20.315 kr.
6 mánaðakort 30.600 kr.

**Byrjendanámskeið 12.665 kr.**
**Meðgöngujóga námskeið 9.265 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org


# Bandarískur prófessor gerist sauðfjárbóndi á Íslandi

**Bandaríski háskólaprófessorinn Michael Novak heimsótti Ísland fyrst árið 2007 og segist hafa heillast af náttúru landsins, fólkinu og sögu þess. Síðan þá hefur hann heimsótt Ísland reglulega og fóstrað sex kindur í gegnum vefinn www.kindur.is.**



**STOLTUR SAUÐFJÁRBÓNDI** Hinn bandaríski Michael Novak á sex kindur hér á landi. Kindurnar eignaðist hann í gegnum Kindur.is. Hér sést hann ásamt kindinni Guðrúnu. MYND/MICHAEL NOVAK

Michael er fæddur og uppalinn í Ohio og stundaði nám í miðaldasögu Evrópu við Harvard-háskóla en starfar nú sem prófessor við Meredith College í Norður-Karólínu. Michael segir að eftir fyrstu heimsókn sína til landsins hafi hann tekið upp á því að lesa Iceland Review Online daglega og þar rakst hann á grein þar sem fjallað var um Kindur.is. „Ég dvaldi sjálfur mikið í sveit sem barn og kynntist þá búskap en það sem heillaði mig einna mest við Kindur.is var hugmyndafræðin að baki verkefninu, að bæta aðgang borgarbúa að sveitinni. Í kjölfarið ákvað ég að gerast sauðfjáreigandi á Íslandi og keypti strax tvær kindur, Eygló og Laylu. Stuttu síðar keypti ég þriðju kindina, Úu, og síðan þá hafa þrjú lömb bæst við sauðaflokkinn minn,“ útskýrir Michael.

Til gamans má geta þess að það kostar 39.500 krónur á ári að eiga kind, en fyrir þá upphæð fær eigandinn einn til tvo skrokka á ári og ull, auk þess sem honum er boðið að taka þátt í réttum á haustin.

Í kjölfar Íslandsheimsóknarinnar kom Michael á samstarfsverkefni milli Meredith College og Skálholtsskóla í Biskupstungum. Síðastliðin tvö ár hefur hann ásamt samkennara sínum heimsótt Skálholt með hóp af nemendum. „Fyrsti hópurinn kom hingað í fyrrasumar og dvaldi hér í mánuð. Nemendurnir sóttu meðal annars námskeið í sögu og bókmenntum auk þess sem þau kynntust landi og þjóð. Hlédís Sveinsdóttir, stofnandi Kindur.is, bauð mér og nemendum mínum í heimsókn til sín það sumar og þá fékk ég að hitta kindaflokkinn minn í fyrsta sinn. Nemendur mínir urðu bæði hissa og óttaslegnir þegar ég skreið inn í króna til kindanna, þannig að ætli megi ekki segja að ég sé eins virkur sauðfjáreigandi og Bandaríkjamaður getur orðið,“ segir Michael og hlær.

Aðspurður segir hann íslenskt lambakjöt vera einstaklega gott á bragðið, en hann og nemendur hans fengu að bragða á því í heimsókninni til Hlédísar. „Mér þykir íslenska lambakjötið besta kjöt sem ég hef á ævinni smakkað og Ísland fallegasta land sem ég hef nokkru sinni komið til,“ segir Michael að lokum.

sara@frettabladid.is

# Þjófóttir aðdáendur

Útibú skyndibitastaðarins Burger King hafa endurtekið orðið fyrir barðinu á ungum Twilight-aðdáendum sem ræna plakötum af veitingastöðunum. Burger King býður upp á Edward og Jacob máltíðir þessa dagana og eru staðirnir prýddir stórum plakötum af vampírunni og varúlfinum. „Stúlkurnar koma inn á veitingastaðina og rífa plakötin niður og hlaupa því næst út. Við þurfum stanslaust að hengja ný upp, en stuttu síðar endurtekur sagan sig,“ sagði starfsmaður veitingakeðjunnar.

Kvikmyndin New Moon hefur notið gífurlegra vinsælda undanfarið og hafa ungar stúlkur skipað sér í Edwards- og Jacobs-



**HJARTAKNÚSARAR** Verið er að ræna plakötum af Robert Pattinson og Taylor Lautner.

lið eftir því hvort þær séu hrifnari af vampírunni Edward eða varúlfinum Jacob.

# Næstum leið yfir Penelope

**Leikkonan Penelope Cruz segir að næstum hafi liðið yfir sig á Óskarsverðlaunahátíðinni fyrr á þessu ári. Cruz vann Óskarinn sem besta leikkonan í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í myndinni Vicky Cristina Barcelona. Hún segist ekkert muna eftir Óskarshátíðinni vegna þess hversu spennt hún var. „Mér finnst leiðinlegt að muna ekki neitt vegna þess að það er svo yndislegt þegar fjölskylda manns og vinir samgleðjast manni. Ég var alveg á mörkunum að falla í yfirlið vegna taugaspennu. Ég man vel eftir því,“ sagði Cruz.**


LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is


Nokia 3720
Tekur við af fyrri hörkutólum frá NOKIA.
NOKIA
Operator
11:48
Go to
Menu
Names
Nokia 3720 Nýr harðjaxl frá Nokia
Nokia 3720 er harðgerður sími og þolir fleiri óvæntar uppákomur en aðrir símar. Ef þú missir hann í gólfið, sullar á hann vatni eða hylur hann ryki eru góðar líkur á að hann umberi það og leyfi þér að tala við sig á eftir. Nokia 3720 er nefnilega byggður úr þolinmæði og gerður til að endast.
• Uppfyllir IP54-staðal vegna vatns-, ryk- og höggþols
• Tölvupóstur
• 2 megapixla myndavél
• Nokia Maps
• Bluetooth handfrjáls búnaður fylgir
Gerður til að endast!
NOKIA
PIPAR\TBWA • SÍA • 91888

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MORE THAN A GAME | kl. 6 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10 | 16 |
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. .5.30 - t8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXTRACT | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10.10 | 10 |




Ármann Jakobsson, Páll Valsson og Þórdís Gísladóttir voru á meðal gesta í útgáfuhófinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bjartur með útgáfuhóf

**Bókaforlagið Bjartur efndi til hófs í bækistöðvum sínum við Bræðraborgarstíg fyrir skömmu til að fagna vel heppnuðu útgáfuári.**



Bjarni Þorsteinsson og Halla Kjartansdóttir litu við.



Lilja Sigurðardóttir og Elísa Björg Þorsteinsdóttir mættu í hófið.



Þröstur Helgason og Pétur Ólafsson voru á meðal gesta.



**KIKI OG CURVER** DJ Kiki-Ow og DJ Curver spila lög frá árþúsundaskiptunum í partíinu á Nasa á gamlárskvöld.

# Árþúsunda-partí á Nasa

**DJ Kiki-Ow og DJ Curver halda „Millennium"-partí á Nasa á gamlárskvöld. Þar verður spiluð tónlistin sem hljómaði um árþúsundaskiptin, á árunum 1999 til 2001. Á meðal þeirra flytjenda sem fá að hljóma eru Destiny´s Child, Aphex Twin, Daft Punk, Peaches, Fatboy Slim, Beastie Boys og Quarashi. Partíið hefst klukkan 1 eftir miðnættti og er miðaverð 2.900 krónur. Aldurstakmark er tuttugu ár. Miðasala hefst mánudaginn 14. desember á Midi.is. Einnig verða miðar til sölu í verslunum Spútnik.**

Tónlist ★★★★

**Dry Land**
Bloodgroup




## Blóðflokkur A+

Í Bloodgroup eru systkinin Lilja, Hallur og Ragnar Jónsbörn, sem ólust upp á Egilsstöðum, og Færeyingurinn Janus Rasmussen. Þau hafa harkað af ástríðu í tölvupoppinu undanfarin ár og mæta nú með plötu númer tvö, Dry Land.

Það er auðheyrt frá fyrstu tónum plötunnar að nú dregur til tíðinda. Fífldjarft stuðið á fyrstu plötunni Sticky Situations hefur verið dempað til mikilla muna. Hér er rólegra yfir, dekkra, alvarlegra og mun almennari svalheit í gangi. Mér finnst þetta frábær skipti því galsaskapur fyrstu plötunnar höfðaði ekkert sérstaklega til mín og varð ansi fljótt leiðigjarn. Hann var sem saminn inn í fyrirliggjandi mót frá svipuðum skoppandi neonlitum hljóðgervlasveitum. Nú er bandið sloppið úr mótinu og fer sínar eigin leiðir. Ég á von á að þessi plata verði lífseigari, enda vinnur hún hægt og bítandi á og er stórgóð þegar hún hefur verið melt.

Hljóðgervla- og trommuheilaknúið rosapopp nær hér áður óþekktum hæðum á Íslandi. Þykkar og djúsí mottur frábærlega samansettra takta og gervla eru kryddaðar stöku sinnum með strengjum í útsetningum Ólafs Arnalds. Janus, sem áður var aðallega í því að reka upp stuðhvetjandi gól, er nú farinn að syngja annað hvert lag á móti Lilju, og bæði standa sig vel.

Svalt undirspil og góður söngur myndi auðvitað litlu máli skipta ef melódíurnar væru eitthvert krapp. Sem betur fer eru þær mjög góðar og útpældar. Tónlistin minnir á Human League á köflum, bæði á tímabilið þegar Human League var vinsælt poppband og líka á fyrra tímabil sveitarinnar þegar bandið var þungt og alvarlegt. Þetta er tónlist til að kinka kolli við á reykmettuðum bar árið 2020 og það eru auðvitað vélmenni á barnum sem bera fram drykkina.

Og hér koma svo stóru orðin: Að mínu mati skara tvær íslenskar plötur fram úr á ágætu útgáfuári og fá fullan skammt af stjörnum. Terminal með Hjaltalín og þessi frábæra plata með Bloodgroup. Bravó!

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Stórt stökk í þróunarferli Bloodgroup. Önnur af bestu íslensku plötum ársins.


TILBOÐ DAGSINS
FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!
99.989kr.
Fullt verð 149.989
Glæsileg sjálfvirk DeLonghi kaffivél með tveimur kötlum. Einföld í notkun, allar upplýsingar á LCD skjá.
Melissa handþeytari 3.489kr.
Exido baðvog 3.989kr.
DeLonghi handryksuga 4.989kr.
DeLonghi hitablásari 5.489kr.
Philips rakvél 8.989kr.
Kenwood blandari 9.989kr.
Philips rakvél Lady shave 10.989kr.
Philips barnapía 12.989kr.
Melissa örbylgjuofn 14.989kr.
Severin kaffikanna 15.989kr.
Wassermaxx kolsýrutæki 16.989kr.
Elna saumavél 34.989kr.
Nýtt KORTATÍMABIL
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

> **Félögin hafa náð saman**

Danska úrvalsdeildarfélagið Esbjerg og Reading frá Englandi hafa komist að samkomulagi um að Gunnar Heiðar Þorvaldsson verði lánaður til Reading og leiki með liðinu í ensku B-deildinni frá og með næstu áramótum. Þetta staðfesti Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars Heiðars, í samtali við Fréttablaðið í gær. Nú standa yfir viðræður á milli Gunnars Heiðars og Reading en Ólafur á von á því að Eyjamaðurinn knái fari til Reading á mánudaginn þar sem hann gengst undir læknisskoðun og skrifar vonandi undir samning við félagið.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓHANN GUNNAR EINARSSON:** KOMINN TIL ÞÝSKALANDS FRÁ AMMAN EN FÆR EKKI AÐ SPILA

# *Fer til reynslu hjá liðum Björgvins og Kára*



Veturinn hefur verið mikið ævintýri hjá Jóhanni Gunnari Einarssyni. Hann gekk í raðir þýska liðsins Kassel í sumar en það fór á hausinn og í kjölfarið var Jóhanni boðið að fara til Amman í Jórdaníu í þrjár vikur.

Hann þáði það en þegar hann kom aftur til Þýskalands kom í ljós að pappírsvinnan hafði klúðrast. Í stað þess að ganga frá lánssamningi til Asíu var gengið frá félagaskiptasamningi. Þar sem aðeins má skipta tvisvar á um félag á hverju ári má Jóhann ekki spila aftur með Kassel fyrr en eftir áramót en alls óvíst er hvort hann verði áfram í herbúðum félagsins eftir áramót.

„Ég fer í næstu viku í smá reisu til Sviss. Mæti á æfingar hjá Amicitia Zürich, sem Kári Kristjánsson leikur með, og síðan hjá Kadetten sem Björgvin Páll spilar með. Ef það skilar ekki neinu er líklegt að ég komi bara heim,“ sagði Jóhann Gunnar en Kassel hefur einnig reynt að fá hann til þess að vera áfram.

„Ég gæti svo sem skoðað að fara í harkið og reyna að komast að hjá liði í Norðurlöndunum. Ég sé samt til. Ætla að reyna aðeins lengur áður en ég ákveð að koma aftur til Íslands.“

Jóhann Gunnar var ánægður með ævintýrið í Amman en lið hans hafnaði í sjötta sæti í Meistaradeild Asíu. „Við áttum reyndar að komast lengra. Mættum liði frá Íran í síðasta leik í milliriðli. Slakt lið sem við máttum tapa fyrir með fimm mörkum. Við töpuðum með sjö á skrautlegan hátt,“ sagði Jóhann en hann efast ekki um að dómurum leiksins hafi verið mútað.

„Við skynjuðum strax að það var ekki allt með felldu. Til að mynda fengum við 3 víti en þeir 16. Þeir voru utan vallar í 6 mínútur en við 28. Þetta var allt svona. Það var samt ágætis lífsreynsla að lenda í svona mútuleik. Gaman að hafa prófað þetta svo maður viti hvað menn eru alltaf að tala um,“ sagði Jóhann Gunnar léttur. Hann var í för með félaga sínum, Daníel Berg Grétarssyni, en þeir félagar kíktu við í Dauðahafinu áður en þeir héldu aftur heim til Þýskalands.



**VERÐUR AÐ VINNA** Bayern München hefur ekki gengið sem skyldi undir stjórn Louis van Gaal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í kvöld:

## Úrslitaleikur Juve og Bayern

**FÓTBOLTI** Fyrri hluti sjöttu og síðustu umferðar riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld. Hæst ber leik Juventus og Bayern München í A-riðli en þetta er hreinn úrslitaleikur um hvort liðið fylgir Bordeaux áfram í næstu umferð. Juventus dugir jafntefli í leiknum.

Í B-riðli þarf Manchester United helst að ná stigi gegn Wolfsburg í Þýskalandi til að gulltryggja efsta sæti riðilsins.

Þá eiga þrjú lið í C-riðli í harðri baráttu um efstu tvö sætin í riðlinum. Real Madrid stendur vel að vígi en getur engu að síður fallið úr leik í kvöld. - esá

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| **A-riðill** | |
| Maccabi Haifa - Bordeaux | 19.45 |
| Juventus - Bayern | 19.45 |
| **Staðan:** Bordeaux 13, Juventus 8, Bayern 7, Maccabi Haifa 0. | |
| **B-riðill** | |
| Wolfsburg - Manchester United | 19.45 |
| Besiktas - CSKA Moskva | 19.45 |
| **Staðan:** Man. United 10, Wolfsburg 7, CSKA Moskva 7, Besiktas 4. | |
| **C-riðill** | |
| Marseille - Real Madrid | 19.45 |
| Zürich - AC Milan | 19.45 |
| **Staðan:** Real Madrid 10, AC Milan 8, Marseille 7, Zürich 3. | |
| **D-riðill** | |
| Atletico Madrid - FC Porto | 19.45 |
| Chelsea - APOEL | 19.45 |
| **Staðan:** Chelsea 13, Porto 9, Atletico Madrid 3, APOEL 2. | |

# Man ekki lengur hvernig það er að tapa leik

**Kadetten Schaffhausen, félag Björgvins Páls Gústavssonar, er ósigrað í 24 leikjum í vetur. Liðið hefur unnið alla leiki sína í deildinni og ekki tapað Evrópuleik.**

**HANDBOLTI** Það hefur gengið ótrúlega vel hjá landsliðsmarkverðinum Björgvini Páli Gústavssyni í vetur. Félag hans, Kadetten Schaffhausen, hefur verið á lygilegri siglingu og sjálfur er Björgvin að verja afar vel.

Kadetten er búið að vinna alla 14 leiki sína í svissnesku deildinni í vetur, er að skora 40 mörk að meðaltali í leik og aðeins að fá á sig 25 í leik. Liðið er nú búið að spila 24 leiki í vetur í öllum keppnum án þess að tapa. Leikirnir hafa verið í deildinni, bikarnum, Meistaradeildinni og EHF-bikarnum.

„Þegar handboltinn gengur svona vel er lífið helmingi auðveldara. Ég man ekki lengur hvernig það er að tapa leik og það er mjög gott að vera búinn að gleyma því,“ sagði Björgvin kátur í spjalli við Fréttablaðið í gær.

Ásamt því að hafa yfirburðastöðu í svissnesku deildinni er Kadetten komið í sextán liða úrslit í EHF-bikarnum.

„Þetta lið er fáránlega gott miðað við hvað ég hélt. Ég var nú samt bjartsýnn og grunaði að það væri í sama styrkleika og liðin frá svona fjögur til átta í þýsku úrvalsdeildinni. Það hefur nú komið í ljós að svo er. Það skiptir ekki máli við hverja við spilum, við stöndum alltaf undir nafni,“ sagði Björgvin en liðið var afar óheppið að komast ekki áfram í Meistaradeildinni.

„Við unnum Lemgo og Celje Lasko. Gerðum svo jafntefli við Ademar Leon. Það hefði átt að duga en önnur úrslit urðu þess valdandi að við sátum eftir. Við höfum samt bitið frá okkur í EHF-bikarnum,“ sagði Björgvin Páll.

Hann hefur tekið stórstígum framförum í vetur og er sífellt að verða betri. „Þetta er mitt besta tímabil. Ekki spurning. Það sem ég er sáttastur við er stöðugleikinn sem er kominn hjá mér. Ég er farinn að verja 15-20 bolta í hverjum leik. Er þess utan bara að fá á mig 25 mörk sem er magnað í nútímahandbolta. Við markverðirnir hér höfum alltaf verið með fleiri varða bolta en andstæðingurinn í vetur. Ekki bara í deildinni heldur líka í Evrópukeppninni,“ sagði Björgvin. Væntanlega verður pressa á honum að standa sig á EM í Austurríki í janúar, sérstaklega eftir frammistöðuna frábæru á ÓL í Peking. „Það er bara fínt að fá pressu á sig. Ég er bestur undir pressu. Ég fer þangað bjartsýnn enda hef ég aldrei æft eins mikið og núna og ég er líka að æfa rétt,“ sagði Björgvin, sem telur sig geta gert betur en í Peking.

„Þegar ég kom heim frá Kína var ég í skýjunum og taldi mig hafa gert allt rétt. Ég hef síðan verið að kryfja frammistöðuna og sé að ég hefði getað gert betur. Ég var sáttur en get gert betur,“ sagði Björgvin ákveðinn en hann stefnir á að fara til Austurríkis án þess að hafa tapað leik. henry@frettabladid.is



**SJÓÐHEITUR** Björgvin Páll hefur farið á kostum með svissneska liðinu Kadetten í vetur og hefur ekki enn tapað leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LIONEL MESSI** Þykir langlíklegastur í kjöri FIFA á knattspyrnumanni ársins. NORDIC PHOTOS/AFP

Knattspyrnumaður ársins:

## Messi sigurstranglegastur

**FÓTBOLTI** **Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, tilkynnti í gær hvaða fimm karlar og fimm konur hlutu flest atkvæði í kjöri sambandsins á knattspyrnumanni ársins. Það eru þjálfarar og fyrirliðar landsliða aðildarsambanda FIFA sem hafa atkvæðisrétt í kjörinu.**

**Argentínumaðurinn Lionel Messi var á dögunum kjörinn leikmaður ársins í Evrópu með miklum yfirburðum og hlaut þar með Gullknöttinn svokallaða. Hann þykir því sigurstranglegastur aftur nú en Argentínumaður hefur aldrei áður verið kjörinn.**

**Messi leikur með Barcelona, sem varð þrefaldur meistari síðastliðið vor. Liðsfélagar hans, Spánverjarnir Xavi og Andrés Iniesta, voru einnig tilnefndir, sem og þeir Cristiano Ronaldo og Kaka hjá Real Madrid.**

**Ronaldo er Portúgali og var keyptur fyrir metfé frá Manchester United í sumar en Brasilíumaðurinn Kaka kom frá AC Milan fyrir litlu minna fé skömmu áður.**

**Hjá konunum hlutu þær Cristiane, Marta (báðar Brasilíu), Inka Grings, Birgit Prinz (báðar Þýskalandi) og Kelly Smith (Englandi) flest atkvæði.**

**Niðurstöður kjörsins verða kunngjörðar á hófi í Zürich í Sviss 21. desember næstkomandi.** - esá





**Fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.**

**Bjóðum upp á örugga og hraða sendingarþjónustu fyrir jólin. Pakkar, bögglar og nafnamerkt blöð.**

**Nánari upplýsingar veitir Pósthúsið í síma 585-8300 eða á posthusid.is**

Póst húsið


Guðjón Finnur Drengsson gefst upp á Kassel-ævintýrinu og kemur heim:

# Ekki sjálfgefið að ég fari til Fram

**HANDBOLTI** Eins og áður hefur komið fram er þýska félagið Kassel gjaldþrota. Fjórir Íslendingar voru á mála hjá félaginu og flestir eru líklega á heimleið. Eins og fram kemur hér að ofan ætlar Jóhann Gunnar Einarsson fyrst að reyna fyrir sér í Sviss en Guðjón Finnur Drengsson hefur ákveðið að halda heim á leið.

„Við fjölskyldan höfum tekið þá ákvörðun að koma bara heim. Kassel vildi halda mér og félagið gerði allt sem það gat. Ég hefði samt þurft að vinna í átta tíma með handboltanum og get allt eins gert það heima,“ sagði Guðjón Finnur, sem syrgir það að þurfa að fara heim eftir skamma viðdvöl enda líkaði honum vel við lífið í Þýskalandi.

„Þetta var sex mánaða frí. Lít bara á það þannig. Auðvitað er samt hundleiðinlegt að þurfa að koma heim og það munu einhverjir sakna okkar. Til að mynda fór nágrannakonan að gráta þegar við sögðum henni að við værum að fara aftur heim,“ segir Guðjón, sem ætlar samt ekki að hætta í handbolta. „Ég mun spila handbolta eftir áramót. Ég er auðvitað samningslaus og mun skoða þá möguleika sem koma upp á borðið. Það er ekkert sjálfgefið að ég fari til Fram en auðvitað kemur það til greina eins og annað. Ég skoða málin bara þegar ég kem heim,“ sagði Guðjón Finnur Drengsson. - hbg



**Á HEIMLEIÐ** Guðjón Finnur og fjölskylda eru að pakka þessa dagana eftir stutta dvöl í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

2 SPORT
*besta sætið*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# KOMAST SPÆNSKU RISARNIR ÁFRAM?

**ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER**

19:45 2 SPORT 3

## MARSEILLE - REAL MADRID

**19:45 JUVENTUS - BAYERN** (INNSKOT ZURICH -MILAN) 2 SPORT

**19:45 WOLFSBURG - MAN. UTD.** 2 SPORT 4

**MIÐVIKUDAGUR 9. DESEMBER**

19:45 2 SPORT

## DYNAMO KIEV - BARCELONA

(INNSKOT INTER - RUBIN KAZAN)

**19:45 LIVERPOOL - FIORENTINA** 2 SPORT 3

**19:45 OLYMPIACOS - ARSENAL** 2 SPORT 4



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLIT

### *Eimskipsbikarkeppni karla*

**Valur - Fram 35-24 (18-12)**

**Mörk Vals (skot)**: Arnór Þór Gunnarsson 10/3 (13/4), Elvar Friðriksson 9 (13), Fannar Friðgeirsson 5 (9), Orri Freyr Gíslason 4 (4), Gunnar Ingi Jóhannsson 3 (4), Atli Már Báruson 2 (2), Ingvar Arnarson 1 (1), Gunnar Harðarson 1 (1)
**Varin skot**: Hlynur Morthens 11, Ingvar Guðmundsson 3
**Hraðaupphlaupsmörk**: 3 (Gunnar Ingi 2, Arnór)
**Fiskuð víti**: 4 (Fannar, Gunnar Ingi, Gunnar H., Arnór)
**Utan vallar**: 6 mín.
**Mörk Fram (skot)**: Arnar Birkir Hálfdánsson 6/3 (7/3), Haraldur Þorvarðarson 5 (7), Matthías Daðason 4 (5), Stefán Stefánsson 3 (6), Halldór J. Sigfússon 2 (3), Andri Berg Haraldsson 2 (7), Atli Steinar Siggeirsson 1 (2), Jóhann Karl Reynisson 1 (1).
**Varin skot**: Magnús Erlendsson 8, Sigurður Örn Arnarsson 2.
**Hraðaupphlaupsmörk**: 5 (Matthías 2, Arnar, Stefán, Halldór)
**Fiskuð víti**: 3 (Halldór, Haraldur, Stefán)
**Utan vallar**: 6 mín.

**Víkingur - Grótta 34-35**

**Mörk Víkings (skot)**: Hreiðar Haraldsson 8 (12), Óttar F. Pétursson 8 (14), Sveinn Þorgeirsson 6 (12), Þröstur Þráinsson 5 (9), Hjálmar Þór Arnarsson 4 (4), Guðmundur Freyr Hermannsson 3 (7), Davíð Georgsson 1 (7).
**Varin skot**: Björn Viðar Björnsson (18/1 35/8).
**Mörk Gróttu (skot)**: Finnur Ingi Stefánsson 10 (14/1), Anton Rúnarsson 7/2 (16/3), Jón Karl Björnsson 5/4 (10/5), Atli Rúnar Steinþórsson 4 (5), Hjalti Þór Pálmarsson 4 (8), Halldór Ingólfsson 3 (7), Páll Þórólfsson 2 (2).
**Varin skot**: Magnús Sigmundsson 17/1 (34/4), Einar Ingimarsson 2/1.



**SKORAÐI TVÖ** Gróttumaðurinn Páll Þórólfsson í leiknum gegn Víkingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Anton skaut Gróttu áfram

Annan daginn í röð var tvíframlengt í fjórðungsúrslitum Eimskipsbikarkeppni karla en í gær vann Grótta nauman sigur á 1. deildarliði Víkings, 35-34, í Víkinni.



**STERKUR VANRARLEIKUR** Bæði lið léku öflugan varnarleik í gær en hér eru það varnarmenn Gróttu sem taka á Víkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** Grótta tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum Eimskipsbikarkeppni karla með naumum sigri á 1. deildarliði Víkings, 35-34, í tvíframlengdum og æsispennandi leik í Víkinni.

Heimamenn voru greinilega búnir að bíða spenntir eftir þessum leik því þeir voru meira en klárir þegar flautað var til leiks. Fyrsta korter leiksins áttu heimamenn skuldlaust og fóru hamförum. Það var líkt og gestirnir í Gróttu væru ekki mættir í Víkina. Heimamenn buðu upp á frábæra skemmtun og ekki að sjá að þarna væri 1. deildarlið á ferð. Sveinn Þorgeirsson, leikmaður Víkings, fór mikinn í liði heimamanna og setti hverja sleggjuna á eftir annarri í markið. Vörnin var líka virkilega góð hjá Víkingi og spilagleðin skein af leikmönnum liðsins.

Gróttumenn voru lengur að ræsa sínar vélar, og verður að teljast afar slakur árangur af úrvaldsdeildarliði að skora aðeins tvö mörk á fimmtán mínútum. En gestirnir vöknuðu loks þegar Magnús Sigmundsson, markmaður Gróttu, kom inn á og lokaði markinu í orðsins fyllstu merkingu. Víkingur skoraði ekki mark það sem eftir lifði fyrri hálfleiks, og staðan í hálfleik var 12-11.

Seinni hálfleikur var spennandi og skemmtilegur. Björn Björnsson í marki heimamanna var traustur í rammanum og átti frábæran leik. Það sama má segja um kollega hans, Magnús Sigmundsson, hinu megin í rammanum, Liðin skiptust á að skora og endaði með því að það þurfti að flauta til framlengingar eftir venjulegan leiktíma, 24-24.

Mikill hraði og spenna einkenndi fyrri framlenginguna og óhætt að segja að allir leikmenn liðanna gáfu allt sem þeir mögulega gátu í leikinn. Í seinni framlengingunni hélt sama sagan áfram. Leikmenn slógust sem aldrei fyrr og stemningin ætlaði að rífa þakið af húsinu. Þegar mínúta var eftir kom gullmarkið í leiknum. Þar var að verki skyttan Anton Rúnarsson sem kom gestunum í tveggja marka forskot og tryggði þar með Gróttu sæti í undanúrslitum. Heimamenn minnkuðu muninn í eitt mark en það dugði ekki og frábærri skemmtun í víkinni lauk sem fyrr segir með sigri Gróttu, 34-35.

„Þetta er bara geðveikt að vinna svona leik með einu marki og þetta bara toppurinn. Þetta var hörkuleikur frá upphafi til enda. Tvíframlengdur sem gerði sigurinn bara enn þá sætari," sagði Anton glaður í bragði eftir leik. - rog



**JAMES BEATTIE** Fagnar hér marki í leik með Stoke. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tony Pulis og James Beattie:

## Slagsmálin rannsökuð

**FÓTBOLTI** Knattspyrnufélagið Stoke ætlar að rannsaka meint slagsmál knattspyrnustjórans Tony Pulis og James Beattie í búningsklefa liðsins eftir leik liðsins gegn Arsenal um helgina.

Arsenal vann leikinn, 2-0, og munu þeir Pulis og Beattie hafa rifist heiftarlega eftir leikinn. Fram hefur komið í enskum fjölmiðlum að talið er að þetta sé til komið vegna misskilnings um að gefa leikmönnum frí í gær.

Leikmenn Stoke munu hafa átt að fá að dvelja í Lundúnum eftir leikinn vegna jólateitis félagsins. Þeir hafi svo staðið í þeirri trú að þeir þyrftu ekki að mæta á æfingu aftur fyrr en í dag.

En Pulis mun hafa sagt leikmönnum eftir leikinn gegn Arsenal að hann ætti von á að sjá þá alla á mánudagsmorgun, rétt eins og venjulega.

Beattie mun hafa mótmælt þessu og þar með reitt Pulis til reiði. Leikmenn mættu svo á æfingu í gærmorgun en Beattie var þar hvergi sjáanlegur.

Síðar var hins vegar greint frá því að Beattie hafi verið að æfa einn í líkamsræktarsalnum þar sem hann væri enn að jafna sig eftir ökklameiðsli. - esá






**Í GEGN** Gunnar Ingi Jóhannsson fer hér fram hjá Halldóri Jóhanni Sigfússyni í leik Vals og Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valur vann öruggan sigur á Fram í gær:

## Auðveldur sigur Valsmanna á Fram

**HANDBOLTI** Valsmenn flugu auðveldlega inn í undanúrslit bikarsins með 35-24 sigri á Fram. Leikurinn var hreint út sagt óspennandi og leiðinlegur áhorfs og ekki bætti úr skák að nokkuð oft þurfti að gera hlé á honum þar sem leikklukkan var í ólagi.

„Þetta var eiginlega of auðveldur leikur fyrir okkur. Við skoruðum eiginlega í hvert einasta sinn sem við skutum á markið. Þeir voru bara ekkert að verja þarna hinu megin og ekkert að taka á okkur í vörninni. Þetta var bara of létt," segir Arnór Þór Gunnarsson, leikmaður Vals.

Þó að staða þessara liða í deildinni sé ólík virtist allt stefna í jafnan leik í byrjun í gær en eftir að staðan var 7-7 þá skildu leiðir og staðan var skyndilega orðin 15-8 Val í vil. Heimamenn voru komnir með öll völd og litu aldrei til baka eftir þetta.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, hrósaði Elvari Friðrikssyni sérstaklega eftir leik. „Hann hefur átt mikið inni í vetur og ég er ánægður með að hann sé að komast í gang. Svo var ég ánægður með Gunnar Harðarson sem kom gríðarsterkur inn í vörnina," sagði Óskar.

Þegar blaðamaður ætlaði að leita viðbragða Framara eftir leikinn var skýrt sagt að þeir væru hættir að veita Fréttablaðinu viðtöl og hurðinni að búningsklefa þeirra skellt. - egm



**ROONEY FAGNAÐ** Wayne Rooney og félagar í enska landsliðinu verða í eldlínunni í Suður-Afríku. NORDIC PHOTOS/GETTY

Raunir nýbakaðs föður:

## Rooney svaf af sér dráttinn

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney sofnaði fyrir framan sjónvarpið þegar dregið var í riðla á föstudaginn fyrir HM sem fer fram í Suður-Afríku á næsta ári.

„Ég vaknaði ekki fyrr en klukkan tíu um kvöldið,“ sagði Rooney. „Ég vissi ekki hvaða lið drógust með okkur í riðil fyrr en fimm tímum eftir dráttinn.“ Hann var þó ánægður með riðilinn en England lenti í riðli með Bandaríkjunum, Alsír og Slóveníu.

Rooney hefur ef til vill lítið sofið heima fyrir þar sem honum og eiginkonu hans fæddist drengur í síðasta mánuði. - esá



**NENNIR ÞESSU EKKI** Zlatan Ibrahimovic rífst hér við dómara í landsleik fyrr á árinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Zlatan Ibrahimovic:

## Vináttuleikir tilgangslausir

**FÓTBOLTI Zlatan Ibrahimovic segir að hann muni ekki gefa kost á sér í sænska landsliðinu á næstunni þar sem því mistókst að komast á HM í knattspyrnu.**

**Þess í stað ætlar hann að einbeita sér að því að spila með Barcelona á Spáni en þangað var hann keyptur í sumar frá Inter á Ítalíu.**

**„Það hefur alltaf verið mikill heiður að fá að spila með sænska landsliðinu,“ sagði Ibrahimovic. „En ég ætla ekki að gefa kost á mér á næstunni. Það eru engir mikilvægir landsleikir fram undan og liðið ekki á HM. Það væri því erfitt að fara að eyða orku og fórna sér fyrir eitthvað sem skiptir engu máli.“** - esá

Fyrrverandi dómari í NBA:

## Hótað lífláti af mafíunni

**KÖRFUBOLTI** Fyrrverandi NBA-dómarinn Tim Donaghy reynir það sem hann getur til þess að bjarga glötuðu orðspori sínu. Hann heldur því nú fram að hann hafi ekki reynt að hagræða úrslitum leikja þó svo að það þýddi að hann tapaði peningum og fengi mafíuna upp á móti sér.

„Ég sagði þeim að ég myndi ekki dæma viljandi gegn einhverju liði þótt ég hefði lagt peninga á leikinn. Ég sagði líka að ég gæti ekki tryggt úrslit allra leikja og þeir yrðu bara að sætta sig við það,“ sagði Donaghy í fréttaskýringaþættinum 60 mínútum. FBI styður þessa frásögn Donaghys en FBI hefur rannsakað mál hans ítarlega í samstarfi við hann sjálfan.

Donaghy segist hafa unnið í 75 prósent af þeim skiptum sem hann veðjaði á leiki í deildinni.

Mafían fékk upplýsingar lengi vel frá Donaghy um hvaða lið væru líkleg til þess að vinna ákveðna leiki. Til að setja pressu á að fá „rétt úrslit“ hótaði mafían fjölskyldu Donaghys. Hann segist enn fá líflátshótanir frá mafíunni. - hbg




## > Antonio Banderas

„Sumum kvikmyndum vil ég heldur gleyma. En jafnvel þær kvikmyndir hafa kennt mér eitthvað.“

***Antonio Banderas fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Take the Lead sem sýnd er á Stöð 2 bíó kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER Í HÖRKUSTUÐI

# *HM bíður handan við hornið*



Á fyrsta stefnumóti mínu og húsfreyjunnar gerði ég henni það alveg ljóst að ég væri forfallinn íþróttafíkill. Hún mætti ekki taka þetta áhugamál of persónulega, ég gæti hreinlega ekki látið íþróttir í sjónvarpinu í friði. Hún tók því ágætlega, hefur eflaust haldið að ég væri að ýkja eilítið, en annað hefur komið á daginn. Íþróttafíknin er engin lygi; ég hreinlega elska að horfa á spennandi kappleiki, hvort sem það er í tennis eða fótbolta. Svona hefur þetta verið ákaflega lengi. Íþróttir eru einfaldlega betra sjónvarpsefni en margir af þessum sjónvarpsþáttum sem þykjast vera ákaflega frumlegir en eru bæði fyrirsjáanlegir og leiðinlegir.

En nú er svo komið að ég farinn að hlakka til HM í Suður-Afríku. Og ástæðan er einföld. Liðið mitt í enska boltanum (ég kýs að nefna það ekki á nafn) hefur verið svo slakt að áhuginn á úrvalsdeildinni hefur dvínað til muna, húsfreyjunni til mikillar gleði enda er það eflaust ekkert notalegt að þurfa að búa við öskur í íþróttaþulum hvern einasta laugardag og sunnudag.

Ég hef hins vegar fundið ráð til að dempa fráhvarfseinkenninn; ég ætla nefnilega að verða sérfróður um HM næsta sumar. Kynna mér leikmenn, skoða riðlana og vera búinn að mynda mér mjög ákveðna skoðun á því hvaða lið eiga eftir að „floppa“ og hvaða lið gætu komið á óvart. Ef ekkert nýtt og óvænt gerist verða Ítalir sterkir, Afríkuþjóð stríðir gömlu nýlenduveldunum og Englendingar falla út í vítaspyrnukeppni. Þjóðverjar verða síðan einhvers staðar í kringum úrslitaleikinn ásamt Brasilíumönnum. Spánn og Holland valda síðan enn og aftur vonbrigðum.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.10** Læknamiðstöðin SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ **20.30** Ástríður STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Nurse Jackie SKJÁREINN



▶ **22.00** Epic Movie STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.10 Útsvar** (Reykjav. - Snæfellsb.) (e)
**16.10 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Barnaefni:** Frumskógar Goggi (10:26) 1 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut (41:43) Skellibær (12:26)
**18.00 Fréttaaukinn** (e) 1
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**20.55 Sigur í tapleik** Mynd eftir Einar Má Guðmundsson um knattspyrnulið þar sem flestir leikmenn eiga áfengismeðferð að baki. Knattspyrnan er þeirra leið til að halda hópinn og vera allsgáðir. Tveir liðsmenn fá sérstaka athygli.
**21.25 Leikar með tilgang** (Games with a Purpose) Þáttur sem fjallar um áhrif Ólympíuleika á samfélag mótshaldaranna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Lögregluforinginn - Brottnámið** (1:3) (The Commander: Abduction) Bresk sakamálasyrpa. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Dauðir rísa** (9:12) (Waking The Dead V) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Winter Solstice**
**10.00 Winter Solstice**
**12.00 Waitress**
**14.00 Winter Solstice** Fyrri hluti
**16.00 Winter Solstice** Seinni hluti
**18.00 Waitress**
**20.00 Take the Lead** Stórgóð og dramatísk mynd með hjartaknúsaranum Antonio Banderas.
▶**22.00 Epic Movie**
**00.00 Paris, Texas**
**02.20 Half Nelson**
**04.05 Epic Movie**
**06.00 Small Time Obsession**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Maularinn, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 In Treatment** (23:43)
**10.50 Cold Case** (2:23)
**11.45 Smallville** (11:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Neil Young: Heart of Gold** Frábær tónlistarmynd frá Óskarsverðlaunaleikstjóranum Jonathan Demme.
**14.40 The Big Bang Theory** (3:23)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Maularinn, Áfram Diego, áfram!
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 Friends** (19:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Simpsons** (2:21)
▶**19.55 Two and a Half Men** (9:24) Eldri nágrannakona Charlies dregur Alan á tálar á meðan Charlie reynir að stöðva Jake áður en hann gefur sjónvarpspredikara alla peningana sína.
**20.25 Two and a Half Men** (17:24)
**20.50 The Big Bang Theory** (13:23) Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.
**21.20 Chuck** (14:22) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**22.10 Burn Notice** (14:16)
**22.55 The Unit** (6:11)
**23.40 Medium** (14:19)
**00.25 Fringe** (2:22)
**01.10 It's All Gone Pete Tong**
**02.40 Neil Young: Heart of Gold**
**04.20 Red Dust**
**06.10 Two and a Half Men** (17:24)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 ÍBV - ÍA 23.09.01** Árið 2001 börðust ÍBV og ÍA hatrammlega um Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu. Það var því sannkölluð draumaviðureign fyrir knattspyrnuáhugamenn 23. september þegar ÍBV og ÍA mættust í úrslitaleik í lokaumferðinni á Íslandsmótinu.
**18.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sérfræðingarnir verða á sínum stað og spá í spilin.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Juventus - Bayern Munchen** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Real Madird**
**00.10 Meistaradeild Evrópu. Wolfsburg - Man. Utd**
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska 1. deildin: Watford - QPR** Útsending frá leik Watford og QPR í ensku 1. deildinni.
**15.10 Enska úrvalsdeildin: Wolves - Bolton** Útsending frá leik Wolves og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Enska úrvalsdeildin: Portsmouth - Burnley** Útsending frá leik Portsmouth og Burnley í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Enska úrvalsdeildin: Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Enska úrvalsdeildin: Fulham - Sunderland** Útsending frá leik Fulham og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Enska úrvalsdeildin: Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik Blackburn og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**08.00 Dynasty** (23:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 90210** (10:22) Annie býður Jasper í mat með fjölskyldunni og Navid hefur áhyggjur af Adrianne.
**16.55 Fyndnar fjölskyldumyndir** (12:12) (e)
**17.25 Dynasty** (24:29)
**18.15 Fréttir**
**18.30 Game Tíví** (12:14) (e)
**19.00 Rules of Engagement** (15:15) (e).
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (13:25)
**20.10 According to Jim** (15:18)
**20.35 Innlit/ Útlit** (7:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti SkjásEins frá upphafi. Nýr umsjónarmaður þáttarins er Katrín B. Fjeldsted innanhússarkitekt.
**21.05 Nýtt útlit** (10:10)
▶**22.00 Nurse Jackie** (8:12) Jackie Peyton er hjúkrunarkona sem er snjöll í sínu starfi en getur ekki lifað daginn af án verkjalyfja og þarf að fá dópið sitt reglulega.
**22.30 United States of Tara** (8:12) Max á fullt í fangi með „Alice“ og ákveður að nýta tímann vel með henni, þrátt fyrir að hann vilji frekar Töru.
**23.00 The Jay Leno Show**
**23.45 CSI. New York** (13:25) (e)
**00.35 King of Queens** (13:25) (e)
**01.00 Nurse Jackie** (8:12)
**01.30 Pepsi MAX tónlis**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Halla Margrét Árnadóttir, óperusöngkonan þjóðkunna, spjallar um líf og starf í ítölskum óperuheimi.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir sýnir okkur nýjustu handtökin við jólaskreytingar.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn brýtur til mergjar brýnustu verkefni stjórnmála á Íslandi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





DYNAMO REYKJAVIK

SPOR EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTUR

„FÍNASTA SPENNUSAGA, VEL BYGGÐ OG METNAÐARFULL“
– Steinunn Inga, Morgunblaðið

„Spennandi saga sem gengur upp.“
– Kolbeinn Óttarsson Proppé, Fréttablaðið

BJARTUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL 21.20

### Chuck



Chuck Bartowski er mættur í annað sinn í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Sigur í tapleik

**Sjónvarpið kl. 20.55**

Mynd eftir Einar Má Guðmundsson um knattspyrnulið þar sem flestir leikmenn eiga áfengismeðferð að baki.



Knattspyrnan er þeirra leið til að halda hópinn og vera allsgáðir. Tveir liðsmenn fá sérstaka athygli. Við þá er rætt og þeir segja sögu sína. Annar á að baki margar meðferðir, hinn ekki. Vandinn er samt sá sami; að lifa heilbrigðu lífi og halda sér allsgáðum. Þeir segja frá sínum aðferðum, hvað dregur alkóhólistann að glasinu og hvað heldur honum frá því.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Flakk
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.10** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.00** Fréttir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (24:25)
**17.00 Doctors** (25:25)
**17.30 Ally McBeal** (9:23)
**18.15 Seinfeld** (3:22)
**18.45 Doctors** (24:25)
**19.15 Doctors** (25:25)
**19.45 Ally McBeal** (9:23) Cage tekur að sér að verja konu sem er ákærð fyrir að hafa keyrt yfir elskhuga sinn. Eldri kona hræðist það að eiginmaður hennar sem er lögfræðingur hætti aldrei að vinna og ákveður því að kæra í von um skilnað.
▶**20.30 Ástríður** (2:12) Það er Valentínusardagur og Ástríður hefur engan til að senda sér blóm en hún er ráðagóð og leysir málið með því að senda sér sjálfri.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Glee** (6:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans.
**22.45 So You Think You Can Dance** (14:25)
**00.10 So You Think You Can Dance** (15:25)
**00.55 K-Ville** (2:11)
**01.40 Ástríður** (2:12)
**02.10 Seinfeld** (3:22)
**02.40 Sjáðu**
**03.10 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** The Weakest Link **10.50** Only Fools and Horses **11.20** Blackadder the Third **11.50** Blackadder The Third **12.20** Absolutely Fabulous **12.50** Absolutely Fabulous **13.20** After You've Gone **13.50** After You've Gone **14.20** My Hero **14.50** The Weakest Link **15.35** Monarch of the Glen **16.24** Monarch of the Glen **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** The Mighty Boosh **20.00** New Tricks **21.00** Ashes to Ashes **21.50** Lead Balloon **22.20** The Mighty Boosh **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Only Fools and Horses

## DR 1

**10.00** Danskernes Krønike **10.30** Forandring på vej **11.00** DR Update **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet med Vejret **12.30** Nær naturen **12.45** Sporløs **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Aldrig mere fængsel **19.30** Hammerslag **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Lad de små børn komme til mig

## NRK 1

**10.05** Slipp naboene løs **10.35** Ut i naturen **11.10** Vinbaronen **12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Øisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Ja, vi elsker **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Shakespeares skjulte koder **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Vem tror du att du är? **12.05** På spåret **13.05** Den första kretsen **13.45** Fridolfs farliga ålder **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Mitt i naturen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sommarpratarna **20.00** Andra Avenyn **20.45** Nobelpriset 2009 - Nobelkonserten **21.35** Don't Come Knocking **23.35** Kulturnyheterna **23.50** Morden




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst Sægreifinn æðisleg-ur og fæ mér helst humarsúpuna frægu eða skötuselsspjót. Ef ég er að fara eitthvert spari er ég voðalega hrifin af Fiskmarkaðnum. Það er einnig fastur liður hjá okkur fjölskyldunni að kíkja á Jómfrúna í Lækjargötu í desember.“*

Hildur Björk Yeoman hönnuður

# Grínhátíð haldin fyrir jólin

Grínhátíð verður haldin í Reykjavík, á Akranesi og Selfossi dagana 15. til 19. desember. Þar kemur fram hópur af grínistum úr University of Southampton Comedy Society frá Englandi, Helga Braga Jónsdóttir, Rökkvi Vésteinsson, Svavar Knútur Kristinsson og spunaleikarar úr Leiktu betur-keppnunum.

„Það var búið að plana þetta í svolítinn tíma að þessi bresku myndu koma hingað. Eftir að hin grínhátíðin féll niður, Reykjavík Comedy Festival, lá það vel við höggi að halda þessa í staðinn,“ segir skipuleggjandinn Rökkvi. „Ég bókaði aðeins fleiri atburði og hafði líka grín á íslensku með Helgu Brögu, mér og Svavari Knúti,“ segir hann. Sá síðastnefndi mun bregða á létta strengi með gítarinn að vopni.

Rökkvi segir það vel við hæfi að halda grínhátíð á Íslandi rétt fyrir jólin. „Þetta er fínt til að losa aðeins um jólastressið. Svo er þetta líka svo ódýrt. Það er engin sýning dýrari en þúsundkall. Þetta er skemmtilegt og eitthvað sem fólk hefur efni á,“ segir hann og bætir við: „Þau frá University of Southampton Comedy Society verða með spuna og sketsagrín. Það hefur lítið verið gert af svoleiðis á Íslandi.“

Grínhátíðin verður haldin á Batteríinu, í Rauðakrosshúsinu og á Kaffi Cultura í Reykjavík, Gamla Kaupfélaginu á Akranesi og á 800 Bar á Selfossi. - fb



**HELGA BRAGA** Helga Braga Jónsdóttir kemur fram á grínhátíðinni sem verður haldin dagana 15. til 19. desember.



**SVAVAR KNÚTUR** Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur slær á létta strengi á grínhátíðinni.



**LÁRÉTT**
**2.** nef, **6.** úr hófi, **8.** klettasprunga, **9.** meðal, **11.** strit, **12.** frumefni, **14.** losti, **16.** í röð, **17.** meiðsli, **18.** til viðbótar, **20.** komast, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** einnig, **4.** fúslega, **5.** varkárni, **7.** harðsnúinn, **10.** rotnun, **13.** slöngu, **15.** morð, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gogg, **6.** of, **8.** gjá, **9.** lyf, **11.** at, **12.** flúor, **14.** girnd, **16.** hí, **17.** mar, **18.** enn, **20.** ná, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** og, **4.** gjarnan, **5.** gát, **7.** fylginn, **10.** fúi, **13.** orm, **15.** dráp, **16.** hes, **19.** nú.


íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is


NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR: MATURINN HENNAR NÖNNU SLÆR Í GEGN

# Nanna tilnefnd til Gourmand World Cookbook

„Þetta er mjög gaman,“ sagði Nanna Rögnvaldardóttir matreiðslubókahöfundur þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Bók hennar, Maturinn hennar Nönnu, er tilnefnd í tveimur flokkum til hinna virtu Gourmand World Cookbook verðlauna sem „Best Innovative Food Book“ og „Best Cookbook Illustrations“ árið 2009.

Verðlaunin hafa verið veitt undanfarin fjórtán ár og þykja mikill heiður, en þeim hefur verið líkt við Ólympíuleika kokkabókanna. Tilgangur þeirra er meðal annars að hjálpa lesendum að velja milli þeirra 26.000 titla sem koma út árlega um mat og vín og auka þekkingu og virðingu fyrir matar- og vínmenningu. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bók eftir íslenskan höfund er tilnefnd því Delicious Iceland eftir kokkinn Völund Snæ Völundarson hefur unnið til verðlaunanna. Samkeppnin um verðlaunin er hins vegar mjög hörð. Í fyrra voru sendar inn rúmlega 6.000 bækur frá 107 löndum og í ár taka alls 136 lönd þátt í keppninni.

„Það skiptir máli að hafa verið valin þarna í ákveðið úrval. Þetta þýðir að þær bækur sem eru tilnefndar, hvort sem þær fá verðlaun eða ekki, verða á sýningum víða og vekja meiri athygli,“ segir Nanna. Maturinn hennar Nönnu kom út í vor og í bókinni gefur hún uppskriftir að einföldum mat af því tagi sem hún eldar sjálf handa sínu fólki, réttum sem hægt er að breyta á ýmsa vegu, eftir smekk og fjárhag hvers og eins eða eftir því hvað er í skápunum hverju sinni. Þá er áhersla lögð á að borða vel án þess að kosta miklu til, en um myndskreytingar í bókinni sjá þau Gísli Egill Hrafnsson og Alexandra Buhl.

„Ég var að reyna að skrifa bók sem væri fyrir algjöra byrjendur og að þeir sem eru lengra komnir og segjast aldrei nota matreiðslubækur gætu allavega fengið hugmyndir. Bókin hefur fengið mjög góðar viðtökur hérna heima og mér finnst mjög skemmtilegt að vera tilnefnd í flokknum „Best Innovative Food Book,“ því þetta var ný hugmynd sem ég var að vinna út frá,“ segir Nanna. Hún hefur skrifað fjölda annarra matreiðslubóka, svo sem Matarást og Matreiðslubók Nönnu, og fjallað um mat og matargerð í hinum ýmsu blöðum og tímaritum.

Úrslitin verða tilkynnt á matreiðslubókasýningu í París 11. febrúar næstkomandi, en þar koma helstu spekúlantar og fagaðilar í sælkeraútgáfu heimsins saman á stærstu bókamessu sinnar tegundar. „Nú þarf ég að fara að velta því fyrir mér hvort ég eigi að bregða mér til Parísar á verðlaunaafhendinguna,“ segir Nanna meðal annars á bloggsíðu sinni nanna.midjan.is.

alma@frettabladid.is



**HÖRÐ SAMKEPPNI**
Matreiðslubókin Maturinn hennar **Nönnu** er tilnefnd í tveimur flokkum til hinna virtu Gourmand World Cookbook verðlauna, en úrslitin verða tilkynnt í París 11. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rúmlega tíu þúsund eintök hafa selst af nýjum mynddiski með Heilsubælinu í Gervahverfi síðan hann kom út í lok október og það hljóta teljast gleðifregnir fyrir **Gísla Rúnar Jónsson** og félaga sem brutu þarna blað í íslensku sjónvarpi. Þar með er diskurinn orðinn einn sá vinsælasti fyrir þessi jól og ljóst að þessir 22 ára gömlu gamanþættir eru síður en svo gleymdir og grafnir á meðal Íslendinga.



Og meira af íslensku gríni því kvikmyndin Jóhannes var gefin út á mynddiski síðastliðinn fimmtudag og síðan þá hafa selst um þrjú þúsund eintök, sem er einnig mjög góður árangur. Eins og flestir vita fer grínkóngurinn **Laddi** með stóra rullu bæði í Heilsubælinu og Jóhannesi og sannar þessi góða sala þá tilgátu að allt sem Laddi snerti breytist í gull.



Og enn af íslensku gríni því skömmu eftir áramót hefjast áheyrnarprufur fyrir rómantísku gamanmyndina Okkar eigin Osló. Leikstjóri myndarinnar er Reynir Lyngdal en handritið skrifaði **Þorsteinn Guðmundsson**. Áætlað er að tökur á myndinni hefjist næsta sumar. - fb

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Mexíkó.
2. Kaupmannahöfn.
3. Duncan McKnight.


Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Sulta og mannauðsgjörningur

„Eftir hrun bankanna byrjaði svo sterk umræða í fjölmiðlum um sprotafyrirtæki. Okkur fannst þetta spennandi og vildum taka þátt í þessari stemningu svo við fórum að búa til sultuna og kölluðum hana Eldmóð,“ segir Helena Hans myndlistarkona. Hún og Elín Anna Þórisdóttir myndlistarkona búa til sultuna, sem er rótsterk. „Við látum rosalega mikið chili út í hana, sem bæði eykur kyngetu og blóðflæði til heilans,“ segir hún.

Í tengslum við sultugerðina hafa þær Helena og Elín Anna einnig staðið fyrir mánaðarlegum boðskvöldum á Bakkusi þar sem fólk fær tækifæri til að koma fram og sultan er seld á kostnaðarverði. „Þetta er hugsað sem vettvangur fyrir fólk til skapandi hugsunar. Að bjóða upp á svona kvöld skapar tækifæri og tengir fólk saman,“ útskýrir Helena. Boðskvöldið á Bakkusi í kvöld hefst klukkan 21 og meðal þeirra sem koma fram eru Anna Líndal, Gísli Þór Ólafsson og Þóra Björk Þórðardóttir.

Aðspurð segir Helena verkefnið vera nokkurs konar mannauðsgjörning hugsaðan fyrir fólk, en ekki fyrirtæki rekið með hagnað að leiðarljósi. Gjörningurinn mun standa yfir í eitt ár og enda með hringferð um landið þar sem skorað verður á landsbyggðarbúa að tjá sig á skapandi hátt. „Við ætlum svo að gera mynd um þetta verkefni, en Friðrik Grétarsson sér um tökur á öllu efni, atburðum og gjörningum sultunnar,“ segir Helena. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðunni Sultan Eldmóður. - ag



**SULTAN ELDMÓÐUR** Helena og Elín Anna búa til sultuna Eldmóð og halda boðskvöld á Bakkusi mánaðarlega þar sem fólki býðst að koma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Þú finnur gjöfina hjá okkur
Full búð af húsgögnum og gjafavöru
Bjóðum 30% afslátt af öllum vörum til jóla!
HEIMA HÚSIÐ
heima
mood
lifum
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugard. 11-16, sunnud. (til jóla) 13-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Með dýrasta vatni í Kína

Athafnamaðurinn og vatnsbóndinn **Jón Ólafsson** hefur síðasta hálfa mánuðinn ferðast um Kína og lagt grunninn að markaðssetningu fyrir vatn úr Ölfusi. Í síðustu viku var hann tekinn tali í kínversku dagblaði, þar sem eftir því var tekið að vatnið væri nokkuð dýrt (um 235 krónur, hálfur lítri), fimmtungi dýrara en Evian-vatn. Jón sagði skýringuna þá að vatnið væri hollt og gott, en auk þess dýrt að flytja um langan veg. Vatnið kostar ámóta og ódýrustu bjórar eða kaffibollar á veitingastöðum.



### Bíóferðir þingmanna

Tölvupóstar Indriða H. Þorlákssonar á WikiLeaks voru stjórnarandstöðunni fóður í málþófsumræðu gærdagsins á Alþingi. Pétur H. Blöndal spurði **Ragnheiði Elínu Árnadóttur** hvað hún héldi um dulkóðun í ráðuneytistölvupósti. Ragnheiður kvaðst þekkja vel til í ráðuneytum en vissi þó ekki um dulkóðunina. Hún hafði þó deginum áður séð kvikmyndina „Karlar sem hata konur“. Þar hafði persóna komist í allan tölvupóst. Hvort það væri hægt í alvöru vissi hún ekki. Pétur steig aftur í pontu og gladdist yfir því að þingmenn kæmust í bíó.



### Bjarnfreðarson í útrás

Eftirvæntingin eftir kvikmyndinni **Bjarnfreðarson** er gríðarleg enda lokahnykkurinn í einni vinsælustu sjónvarpsþáttaröð seinni tíma. Brot úr myndinni hafa vakið sterk viðbrögð og á vef Ásgríms Sverrissonar, icelandcinemanow.is, er verið að kjósa besta bíóplakat áratugarins þar sem Bjarnfreðarson er með yfirburðarstöðu. Athyglisverðast er hins vegar að vefsíðan slashfilm.org hefur fjallað um myndbrotið en hún sérhæfir sig í slíkum skrifum. Þar er stiklan sögð ein sú fyngnasta sem sést hafi lengi.
**- óká, fgg**



## Mest lesið visir.is

1. Hagaskóli rýmdur vegna reyksprengju
2. Steinunn Valdís hlaut heilahristing þegar hún rann á svelli
3. Tölvupóstsamskipti Indriða við AGS á lista yfir trúnaðargögn
4. Útsýni framtíðarinnar?
5. Enron-hneykslið verður söngleikur á Broadway


*15% afsláttur af vetrar yfirhöfnum til jóla ásamt fjölda annarra tilboða*



LÍFLAND



ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48218

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ frjalsilif.is




# Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlýtur *alþjóðleg verðlaun* sem besti lífeyrissjóður á Íslandi

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi á árlegri verðlaunahátíð á vegum fagtímaritsins Investment Pension Europe (IPE) nú í nóvember. Okkur er einnig sérstök ánægja að greina frá því að Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en 1 milljarður evra (183 milljarðar kr.).

Í umsögn dómnefndar segir m.a. að Frjálsa lífeyrissjóðnum hafi tekist að vernda hagsmuni sjóðfélaga við erfiðar markaðsaðstæður með því að minnka áhættu sjóðsins í fjárfestingum og einnig er vakin athygli á uppbyggingu sjóðsins og auknu gagnsæi.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er rekinn af Arion banka, er um 75 milljarðar kr. og sjóðfélagar rúmlega 43.000. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og jafnframt hentar hann þeim sem vilja ávaxta viðbótarlífeyrissparnað.

Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn hjá lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444 7000 eða á *frjalsilif.is*

Arion banki